



Nóvember 2004

Guðrún Bergmann, Leiðarljós ehf.  
Guðlaugur Bergmann, Leiðarljós ehf.  
Stefán Gíslason, UMÍS ehf. Environice



## Snæfellsnes á leið til sjálfbærrar þróunar

Undirbúningur sveitarfélaganna

Snæfellsbæjar

Helgafellssveitar

Stykkishólmsbæjar

Grundarfjarðarbæjar

Eyja- og Miklaholtshrepps

og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

undir vottun Green Globe 21





# Efnisyfirlit:

	<b>Bls.</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
1. Snæfellsnes .....	7
2. Stöðumat á Snæfellsnesi .....	9
2.1. Ferðaþjónusta .....	9
2.1.1. Fjöldi ferðamanna .....	9
2.1.2. Tekjur af ferðaþjónustu .....	12
2.1.3. Störf innan ferðaþjónustunnar .....	13
2.1.4. Hótel, gististaðir og veitingahús .....	14
2.1.5. Afþreyingarfyrirtæki .....	18
2.2. Samgöngur .....	20
2.2.1. Almenningsamgöngur / rútuferðir .....	20
2.2.2. Flutningafyrirtæki á Snæfellsnesi .....	20
2.2.3. Skemmtiferðaskip .....	20
2.2.4. Flugvellir .....	21
2.2.5. Fjöldi vélknúinna ökutækja .....	21
2.2.6. Umferðartölur .....	22
2.2.7. Losun gróðurhúsalofttegunda .....	23
2.2.8. Loftgæði .....	25
2.3. Þéttbýliskjarnar og hafnir .....	27
2.4. Ár og vötn .....	28
2.5. Skoðunarferðir á bátum .....	29
2.6. Söfn .....	29
2.7. Úrgangsstjórnun .....	30
2.7.1. Losun úrgangs í sveitarfélögunum .....	31
2.8. Orkustjórnun .....	31
2.8.1. Önnur orkuframleiðsla .....	32
2.9. Fráveitumál .....	32
2.9.1. Staða frárennslismála í sveitarfélögunum á Snæfellsnesi .....	32
2.9.2. Sundlaugar .....	33
2.9.3. Ferskvatnsstjórnun .....	33
2.9.4. Vatnsból .....	33
2.9.5. Áætluð vatnsnotkun .....	34
2.10. Notkun hreinsiefna .....	36
2.11. Landnýting .....	37
2.12. Verndun vistkerfa .....	38
2.13. Aðgengi að Snæfellsnesi .....	39
2.13.1. Vegir .....	39
2.13.2. Hafnir .....	40
2.13.3. Flugvellir .....	40
2.13.4. Aðgengi erlendra ferðamanna að Snæfellsnesi/Íslandi: .....	41
2.13.5. Merkingar .....	41
2.14. Lög og reglugerðir .....	43
2.15. Auðlindir ferðaþjónustu á Snæfellsnesi .....	45
2.16. SVÓT greining á Snæfellsnesi .....	47
3. Sjálfbærnistefna Snæfellsness .....	48
4. Stefna í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála til ársins 2015 .....	49
4.1. Ímynd og sérstaða Snæfellsness .....	50

4.2.	Heildarstefna Snæfellsness .....	52
4.3.	Slagorð Snæfellsness .....	53
4.4.	Efling ímyndar .....	53
4.5.	Umhverfismál .....	53
4.5.1.	Ferðþjónusta .....	54
4.5.2.	Gjaldtaka og fjáröflun .....	54
4.5.3.	Orkunýting .....	55
4.5.4.	Skipulagsmál .....	55
4.5.5.	Sjálfbært samfélag .....	56
4.5.6.	Þolmörk .....	57
4.6.	Gæða- og öryggismál .....	58
4.6.1.	Gæðastjórnun .....	59
4.6.2.	Leyfisveitingar .....	59
4.6.3.	Merkingar .....	59
4.6.4.	Öryggismál .....	60
4.6.5.	Kvartanir .....	60
4.7.	Menntun í ferðþjónustu .....	61
4.7.1.	Menntun .....	61
4.7.2.	Menntun leiðsögumanna .....	63
4.7.3.	Sagnamenntun á Snæfellsnesi .....	63
4.7.4.	Upplýsingastreymi .....	63
4.7.5.	Rannsóknir .....	64
4.8.	Samgöngumál .....	65
4.8.1.	Aðgengi ferðamannastaða .....	65
4.8.2.	Efnisnám .....	66
4.8.3.	Fjarskipti .....	66
4.8.4.	Gönguleiðir/reiðleiðir .....	67
4.8.5.	Lög og reglur .....	67
4.8.6.	Merkingar .....	68
4.8.7.	Samgöngur .....	68
4.9.	Byggðamál .....	69
4.9.1.	Sameining sveitarfélaga .....	69
4.9.2.	Gott búsetusvæði .....	69
4.9.3.	Sjálfbærar atvinnugreinar .....	70
4.10.	Skipulag ferðamála .....	70
4.10.1.	Skipulag ferðamála á landsvísu .....	70
4.10.2.	Skipulag ferðamála á Snæfellsnesi .....	71
4.10.3.	Safnamál .....	71
4.11.	Rekstrarumhverfi .....	72
4.11.1.	Arðsemi .....	73
4.11.2.	Fræðsla .....	73
4.11.3.	Lánamál .....	73
4.11.4.	Frumkvöðlar/nýsköpun .....	74
4.12.	Markaðsmál .....	74
4.12.1.	Markaðssetning Snæfellsness .....	75
4.12.2.	Samvinna .....	75
5.	Markmið og framkvæmdaáætlun .....	77
6.	Heimildir, töflu- og myndaskrá .....	82



## Inngangur

Haustið 2002 var haldinn kynningarfundur með sveitarstjórum sveitarfélaganna Þriggja, Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar á Snæfellsnesi, og sú hugmynd kynnt fyrir þeim að sveitarfélög þeirri tækju sig saman og leituðu eftir umhverfisvottun. Um var að ræða vottun frá hinum alþjóðlegu vottunarsamtökum GREEN GLOBE 21 sem votta sjálfbæra ferðaþjónustu um allan heim. Nýverið höfðu samtökin þá tekið upp vottunarkerfi fyrir samfélög þar sem aðaláhersla er lögð á ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar. Sveitarstjórunum leist vel á hugmyndina og töldu að með þessu myndu sveitarfélögin á Snæfellsnesi skapa sér sérstöðu í vinnu sinni að sjálfbærri þróun. Auk heldur myndi vottun þriðja aðila styrkja markaðsstöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu og efla og styðja við aðra atvinnuvegi innan sveitarfélaganna, sem kæmu óbeint að ferðaþjónustu á einn eða annan hátt. Jafnframt væru sveitarfélögin að fylgja fastar eftir vinnu sinni að Staðardagskrá 21.

Þegar nánar var fjallað um málið var talið heppilegt að leita eftir þátttöku hinna sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í verkefninu, þ.e. Helgafellssveitar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Kolbeinsstaðahrepps. Var hugmyndin kynnt fyrir þeim og í framhaldi af því ákváðu Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppur að taka þátt í verkefninu, en Kolbeinsstaðahreppur að standa utan þess. Loks var ákveðið að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull kæmi einnig að verkefninu sem fullgildur aðili.

Á sama tíma var hafist handa við að fjármagna verkefnið. Var leitað til Samgönguráðuneytisins, þar sem þeir málaflokkar sem vinna átti með í verkefninu féllu undir starfssvið þess ráðuneytis. Samgönguráðherra léði málinu lið og veitti verkefninu 8 milljón króna styrk úr sameiginlegum sjóði Samgöngu- og Iðnaðar- og Viðskiptaráðuneytisins vegna byggðaáætlunar. Þegar fjármagn var tryggt var gengið til samninga við Green Globe Accreditation (GGA), sem sér um vottunarmál fyrir GREEN GLOBE 21 í Evrópu. Auk fulltrúa frá GGA var gert ráð fyrir að þrír innlendir ráðgjafar kæmu að verkefninu, þau Guðrún og Guðlaugur Bergmann frá Leiðarljósi ehf. og Stefán Gíslason frá Umís ehf. Í september 2003 hófst formleg vinna við verkefnið með kynningarfundum í sveitarfélögunum. Fyrsti fundur stýrihóps sem skipaður var fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga og þjóðgarðsins var haldinn 20. október 2003. Stýrihópurinn starfaði undir leiðsögn innlendu ráðgjafanna.

Einn fulltrúi hvers sveitarfélags í stýrihópnum var skipaður sérlegur tengiliður milli verkefnisstjórnar og sveitarstjórnar. Var það gert til að verkefnisstjórn gæti leitað til eins aðila með allar beiðnir um upplýsingar og hann síðan haft samband við mismunandi aðila innan sveitarfélagsins. Stýrihópurinn var þannig skipaður:

- |   |                           |
|---|---------------------------|
| • Ástþór Jóhannsson, <b>tengiliður</b>          | Eyja- og Miklaholtshreppi |
| • Hrafnhildur J. Jónasdóttir, <b>tengiliður</b> | Grundarfjarðarbæ          |
| • Ingi Hans Jónsson                             | Grundarfjarðarbæ          |
| • Sigríður Finsen                               | Grundarfjarðarbæ          |
| • Ingibjörg T. Pálsdóttir                       | Grundarfjarðarbæ          |
| • Hildibrandur Bjarnason, <b>tengiliður</b>     | Helgafellssveit           |
| • Smári Björnsson, <b>tengiliður</b>            | Snæfellsbæ                |
| • Pétur Jóhannsson                              | Snæfellsbæ                |
| • Menja von Schmalensee, <b>tengiliður</b>      | Stykkishólmsbæ            |
| • Dagný Þórisdóttir                             | Stykkishólmsbæ            |

- Ragnheiður Valdimarsdóttir
  - Ásthildur Sturludóttir
  - Gretar Pálsson, RARIK
  - Guðbjörg Gunnarsdóttir
- Stykkishólmsbæ
  - Stykkishólmsbæ
  - Stykkishólmsbæ
  - Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Í 3. grein samningsins sem sveitarfélögin gerðu við Samgönguráðuneytið segir meðal annars: *Útibú Vegagerðarinnar í Ólafsvík mun f.h. Samgönguráðuneytis, sem hluti af þessum samningi, veita faglega ráðgjöf og aðgengi að þeim upplýsingum sem Vegagerðin býr yfir á sviði umhverfismála, ásamt því að veita fjármagni til verkefna sem tengjast verkefni þessu og eru á starfssviði Vegagerðarinnar. Fulltrúi Vegagerðarinnar í stýrihópnum var Björn Jónsson rekstrarstjóri sem hefur aðsetur í Ólafsvík. Í sömu grein segir einnig: Ferðamálaráð mun, f.h. Samgönguráðuneytis, veita faglega ráðgjöf og aðgengi að upplýsingum sem Ferðamálaráð býr yfir á sviði sjálfbærrar ferðaþjónustu, þolmarkarannsóknna og annarra ferðamála. Fulltrúi Ferðamálaráðs í stýrihópnum var Elías Gíslason yfirmaður upplýsinga- og þróunarsviðs Ferðamálaráðs með aðsetur á Akureyri.*

Í nóvember 2003 komu hingað til lands Cathy Parsons heimsforstjóri GREEN GLOBE 21 og Sir Frank Moore stjórnarformaður GREEN GLOBE 21. Heimsókn þeirra var tvíþætt. Tilgangurinn var annars vegar að kynna sér Snæfellsnesverkefnið og hins vegar til að kynnast framgangi vetnismála á Íslandi. Töldu þau, eftir að hafa kynnt sér verkefnið á Snæfellsnesi, að um svo sérstætt verkefni væri að ræða að gera ætti það að svokölluðu *pilot* verkefni eða frumherjaverkefni á heimsvísu. Hér væri um að ræða fyrstu vottun sveitarfélaga á norðurhveli jarðar og fyrsta verkefnið þar sem fimm sveitarfélög tækju sig saman um að leita eftir vottun. Lögðu þau því til að verkefnið yrði fært undir yfirstjórn heimsskrifstofunnar og að undirbúningur þess yrði alfarið færður í hendurnar á innlendum ráðgjöfum. Ljóst væri að allt efni er tengdist gagnasöfnun, undirbúningi og forvinnu vegna viðmiða og vottunar þyrfti að vera bæði á íslensku og ensku til að verkefni skilaði sér fullkomlega og því væri mikilvægt að innlendir aðilar sæju alfarið um það.

Í framhaldi af þessu var samningnum milli GGA og sveitarfélaganna rift, með fullu samþykki beggja aðila. Gerðu sveitarfélögin í framhaldi af því nýjan samning við fulltrúa Umís ehf., Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðing, og Leiðarljóss ehf., Guðrúnu G. Bergmann ferðamálafræðing og Guðlaug Bergmann verkefnisstjóra Staðardagskrár 21 í Snæfellsbæ. Tóku þau við verkefnisstjórn í desember 2003.

Stýrihópur og verkefnisstjórn héldu sex fundi þar sem unnið var að stöðumati á Snæfellsnesi og jafnframt lagðar línur að stefnumótun til framtíðar fyrir sveitarfélögin fimm. Í tengslum við þá stefnumótun hélt verkefnisstjórn fimm kynningarfundu, einn í hverju sveitarfélagi, þar sem íbúum gafst kostur á að koma á framfæri hugmyndum sínum um framtíðarskipan ferðamála og sjálfbærrar þróunar innan sveitarfélaganna. Verkefnisstjórn vann síðan drög að stefnu fyrir sveitarfélögin upp úr þeim gögnum sem fyrir lágu og voru drögin samþykkt af stýrihópnum áður en þau voru lögð fyrir sveitarstjórnirnar til afgreiðslu. Í lok janúar og byrjun febrúar 2004 kynnti verkefnisstjórn síðan stefnumótunardrögin fyrir hverri sveitarstjórn fyrir sig. Í framhaldi af því voru drögin samþykkt samhljóða í öllum sveitarstjórnunum.

Þegar drög að stefnu sveitarfélaganna höfðu verið samþykkt lá fyrir að taka næsta skref í ferlinu. Staðlar GREEN GLOBE 21 gera ráð fyrir því að starfrækt sé

stjórnskipað Framkvæmdaráð sem sér um eftirfylgni á stefnu, markmiðum og stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum. Stærri sveitarfélögin skipuðu tvo fulltrúa hvert í Framkvæmdaráðið. Minni sveitarfélögin skipuðu einn fulltrúa, svo og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Framkvæmdaráð Snæfellsness er skipað eftirfarandi fulltrúum:

- Guðlaugur Bergmann, Snæfellsbæ, formaður
- Menja von Schmalensee, Stykkishólmsbæ, varaformaður
- Dagný Þórisdóttir, Stykkishólmsbæ, gjaldkeri
- Guðrún G. Bergmann, Snæfellsbæ, ritari
- Ástþór Jóhannsson, Eyja- og Miklaholtshreppi
- Hildibrandur Bjarnason, Helgafellssveit
- Sigríður Finsen, Grundarfjarðarbæ
- Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, Grundarfjarðarbæ
- Guðbjörg Guðmundsdóttir, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Einn varafulltrúi var tilnefndur fyrir hvern aðalfulltrúa. Varafulltrúar fá sendar fundargerðir svo þeir geti fylgst með því sem tekið er fyrir á fundum, þurfi þeir að mæta í fjarveru einhvers aðalfulltrúa. Framkvæmdaráðið starfar samkvæmt erindisbréfi sem samþykkt hefur verið af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

Þeir staðlar sem Green Globe 21 leggur til grundvallar vottuninni munu skila miklum ávinningi fyrir sveitarfélögin. Þeir eru byggðir á grundvallarreglum Dagskrár 21 og fela í sér nánari útfærslu á henni í anda Staðardagskrár 21. Með því að vinna stöðugt að eftirfylgni þeirra málaflokka sem Dagskrá 21 nær yfir, er hægt að vernda hið svæðisbundna umhverfi og hið einstæða náttúrufar Snæfellsness um leið og tryggð eru tækifæri fyrir þróun og frekari vöxt og eflingu ferðaþjónustunnar sem og annarra atvinnugreina á svæðinu. Með því að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi við ákvarðanatöku og framkvæmdir og með því að marka sér skýra stefnu í stjórn umhverfismála geta sveitarfélögin verndað sjálfa auðlindina sem ferðaþjónustan treystir á – hið náttúrulega og menningarlega umhverfi Snæfellsness. Staðlar Green Globe 21 undirstrika jafnframt mikilvægi þess að fleiri atvinnugreinar innan sveitarfélaganna tengist hinni staðbundnu ferðaþjónustu á einn eða annan hátt.

## Skýrslan

Í fyrsta hluta skýrslunnar er lýst því svæði sem fyrirhuguð vottun GREEN GLOBE 21 nær til og fjallað um helstu auðlindir Snæfellsness í ferðaþjónustu og greinum sem tengjast henni.

Í öðrum hluta er að finna stöðumat sem gert var á Snæfellsnesi og miðast flestar tölur þar við upplýsingar sem fyrir lágu annað hvort 1. desember eða 31. desember 2003. Þar koma fram upplýsingar sem liggja til grundvallar þeim lykiltölum sem sendar eru til GREEN GLOBE 21. Lykiltölurnar þurfa að liggja fyrir til að hægt sé að mæta viðmiðum GREEN GLOBE 21. Í stöðumatinu er meðal annars fjallað um: *Fjöldi ferðamanna á Snæfellsnesi. Tekjur af ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Störf innan ferðaþjónustunnar og hótél, gistiheimili og aðra gististaði á Snæfellsnesi. Samgöngumál, þéttbýliskjarna og hafnir á Snæfellsnesi. Úttekt er gerð á ám og vötnum, afþreyingarmöguleikum og söfnum. Jafnframt er gerð úttekt á*

*úrgangsstjórnun, orkustjórnun, fráveitumálum, ferskvatnsstjórnun, landnýtingu, verndun vistkerfa og aðgengi ferðamanna að Snæfellsnesi. Farið er yfir merkingar og lög og reglugerðir sem hafa áhrif á ferðaþjónustu og sjálfbæra þróun, auk þess sem fjallað er um helstu auðlindir Snæfellsness. Einnig er að finna þar SVÓT greiningu á Snæfellsnesi.*

Í þriðja hluta skýrslunnar er að finna sameiginlega sjálfbærnistefna sveitarfélaganna fimm sem fyrirhuguð vottun nær til.

Í fjórða hlutanum er birt stefna sveitarfélaganna í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála til ársins 2015. Stefnan var unnin með hliðsjón af skýrslu sem Samgönguráðuneytið gaf út haustið 2003 og fjallar um framtíðarsýn í íslenskri ferðaþjónustu. Er þar fjallað um níu málaflokka sem voru yfirfærðir yfir á Snæfellsnes, þ.e.a.s.: *Ímynd og sérstaða Snæfellsnes – Umhverfismál – Gæða- og öryggismál – Menntun í ferðaþjónustu – Samgöngur – Byggðamál – Skipulag ferðamála – Rekstrarumhverfi – Markaðssetning*. Slagorð Snæfellsness var jafnframt tekið til endurskoðunar og var stýrihópurinn sammála um að breyta því. Nýtt slagorð Snæfellsnes er:

- **Snæfellsnes – Töfrar Íslands**
- **Snæfellsnes – Magical Iceland**

Í fimmta hluta skýrslunnar eru sett fram fyrstu markmið sveitarfélaganna um úrbætur og framkvæmdaáætlun í tengslum við þau. Staðlar GREEN GLOBE 21 gera ráð fyrir að sveitarfélögin leggi sig fram um árlegar úrbætur til að bæta frammistöðu sína gagnvart viðmiðum GG21.

Í sjötta hluta skýrslunnar er heimildaskrá.

Snæfellsnesi, 27. október 2004

Verkefnisstjórn vegna undirbúnings fyrir vottun fimm sveitarfélaga á Snæfellsnesi skv. staðli GREEN GLOBE 21 fyrir samfélög

---

Stefán Gíslason umhv.stj.fræðingur  
Umís ehf.

---

Guðlaugur Bergmann verkefnisstjóri  
Leiðarljós ehf.

---

Guðrún G. Bergmann ferðamálafr.  
Leiðarljós ehf.



# 1. Snæfellsnes

Snæfellsnes er um 90 km langt og eftir því endilöngu liggur fjallgarður, nánast eftir miðju nesinu. Vestast endar hann í hinum tignarlega Snæfellsjökli sem gnæfir yfir umhverfið, 1446 metra hár.

Þjóðvegur 54 liggur vestur Mýrar frá Þjóðvegi 1, um allt sunnanvert Nesið, yfir Fróðárheiði og þaðan eftir norðanverðu Snæfellsnesi um Grundarfjörð, framhá Stykkishólmi og eftir Skógarströnd þar sem hann mætir Þjóðvegi 40 nærri Búðardal. Um Vatnaleið liggur Þjóðvegur 56, sem tengir saman syðri og nyrðri hlutann af Þjóðvegi 54. Um ysta hluta Nessins og Þjóðgarðinn Snæfellsjökul liggur Útnesvegur 574. Yfir sumarmánuðina er Jökulhálsvegur F570, sem liggur yfir fjallgarðinn nærri Snæfellsjökli, fær flestum bílum. Töfrar Snæfellsness hafa lengi heillað ferðamenn og með bætum samgöngum og betri vegum laða þeir sífellt til sín fleiri innlenda og erlenda ferðamenn. Erlendar ferðaskrifstofur hafa líka í auknum mæli lagt meiri áherslu á ferðir á Snæfellsnes auk þess sem tilkoma Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls hefur aukið aðdráttarafl svæðisins.

Náttúrufar er stórbrotið á Snæfellsnesi og í því felast töfrar þess, svo og í dulmagni svæðisins og kröftugu mannlífi. Flest fjöllin á Nesinu hafa myndast í eldgosum á jökulskeiði og flestir dalir milli fjallanna eru fullkomin dæmi um sigdali, sem mótast þegar jökull bráðnar. Því eru margir háir og langir fossar, bæði sunnan- og norðanmegin í fjallgarðinum. Á Snæfellsnesi eru um 20-30 eldstöðvar og þótt þær hafi ekki gosið um langt skeið, teljast þær enn virkar.

Undirlendi á Snæfellsnesi er tiltölulega lítið og því eru flestar ár stuttar frá fjalli til fjöru, hvort sem er á sunnan- eða norðanverðu Nesinu, þótt á því séu auðvitað nokkrar undantekningar. Á sunnanverðu Nesinu, svo og á Stykkishólmsvæðinu, eru þónokkur stöðuvötn þar sem hægt er að veiða silung og lax. Í sumum ám er silungur, í öðrum lax. Árnar eru að mestu í einkaeign og leyfi í þeim eru ekki á almennum markaði yfir sumartímenn þar sem flest þeirra eru seld fyrirfram.

Náttúran öll er viðkvæm, háð mikilli veðrun á vindasömum vetrum auk þess sem oft er vindasamt á sumrum líka. Bæði norðan- og sunnanmegin á Nesinu er að finna mosavaxnar hraunbreiður. Þær eru viðkvæmar fyrir ágangi og sé mosinn eyðilagður tekur nokkra tugi ára fyrir hann að ná sér á ný. Því er mikilvægt að ferðamenn fylgi þeim troðnu slóðum sem orðið hafa til eftir búfenað eða sem gönguleiðir manna í gegnum aldirnar. Gróðurfar er almennt táknrænt fyrir norðlægar slóðir og tiltölulega lítið um trjágróður. Mestan fjölbreytileika má án efa finna í Búðahrauni þar sem vaxa 130-150 tegundir af villtum íslenskum plöntum.

Nesið er undraland fyrir landfræðinga, einkum og sér í lagi vegna sérstakra hraunmyndana og hella í hraununum. Unnið hefur verið að staðsetningarmælingu ýmissa hella innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og verður hluti þeirra væntanlega opinn fyrir almenning í framtíðinni.

Fuglaskoðarar laðast líka að Snæfellsnesi. Í nágrenni við vötn og ár eiga margir farfuglar hreiður sín, auk þess sem mikill hluti farfugla á leið til Grænlands og Kanada gerir hér stuttan stans vor og haust. Yst á Nesinu milli Hellissands og Rífs er

að finna eitthvert stærsta kríuvarp í heimi. Í björgunum meðfram strandlengjunni utarlega á Snæfellsnesi, svo og í eyjunum á Breiðafirði, er að finna ritu, fyl og ýmsa aðra sjófugla. Að auki skarta eyjarnar á Breiðafirði lundanum sem er mikið eftirlæti ferðamanna og undanfarin ár hefur haförn verpt þar reglulega.

Víða má finna seli við strendur Snæfellsness en við Ytri-Tungu í Staðarsveit er nánast hægt að bóka að sjá þá daglega yfir helsta ferðamannatímann. Út af ströndinni milli Hellna og Arnarstapa og út af Öndverðarnesi sjást oft háhyrningar frá maí og fram í ágúst. Í hafinu vestur af Snæfellsnesi er að finna steypireyði og hnúfubak yfir sumartímann og í þeim hvalaskoðunarferðum sem gerðar eru út frá Ólafsvík eru 95-100% líkur á að sjá hval í hverri ferð.

Í sveitarfélögunum fimm á Snæfellsnesi sem hafa sameinast um að leita eftir vottun frá Green Globe 21 búa 4.024 íbúar. Landsvæðið sem þeir búa á er um 1.474 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Aðalatvinnuvegirnir eru sjávarútvegur og framleiðsla tengd honum, landbúnaður og ferðaþjónusta. Örastur vöxtur hefur verið í ferðaþjónustunni á síðustu tíu árum og hafa aðrar þjónustugreinar sem tengjast henni einnig vaxið og dafnað.



**Mynd 1. Kort af sveitarfélögunum fimm á Snæfellsnesi sem hafa sameinast um að leita eftir vottun frá Green Globe 21**

Talið er að Snæfellsnes búi ekki ennþá yfir þeirri grunngerð í ferðaþjónustu, samgöngum, tengingum milli staða, matvælaframleiðslu eða öðru sem að sjálfbærri þróun snýr til að geta tekið á móti væntanlegri fjölgun ferðamanna næstu árin. Hinar auknu kröfur, bæði um mannafla og almenningsþjónustu (rafmagn, vatn, sorpförgun og frárennsli/skólþ) þarf að meta í tengslum við þolmörk (burðarþol) svæðisins (gistimöguleika, samgöngukerfi o.s.frv.). Meta þarf áhrifin á menningar- og félagslega þáttinn, svo og umhverfið til að tryggja að tekið sé tillit til sjálfbærni í þeim málum. Að auki þarf að skoða stefnumál, framkvæmdir, þjónustu og ýmis önnur málefni sem eru undir beinni stjórn viðkomandi sveitarfélaga og áhrif fyrirtækja og íbúa svæðisins. Til að meta heildaráhrif á Snæfellsnes þarf einnig að kanna stefnumál, framkvæmdir og þjónustu utan svæðisins sem hefur áhrif á áfangastaðinn, t.d. stefna ríkisstjórnarinnar, stefnumál í aðliggjandi sveitarfélögum, stýringu á almenningsþjónustu, samgöngur og samgönguleiðir og að sjálfsögðu innkomu- og brottfararleiðir alþjóðlegra ferðamanna.

## 2. Stöðumat á Snæfellsnesi

Til að geta gert sér grein fyrir stöðu sveitarfélaganna gagnvart stöðlum Green Globe 21 og til að geta mætt viðmiðum samtakanna var gerð gagnger úttekt á ýmsum málaflokkum innan sveitarfélaganna. Safnað var tölulegum gögnum frá Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ og Eyja- og Miklaholtshreppi, auk þess sem leitað var til utanaðkomandi aðila til að fá sem gleggsta mynd af ýmsum þáttum í rekstri og umgjörð sveitarfélaganna.

Við öflun gagna frá sveitarfélögum gegndu tengiliðir lykilhlutverki og sáu um að koma upplýsingum til verkefnisstjórnar. Verkefnisstjórn sá sjálf um ýmsa rannsóknarvinnu til að afla gagna svo ná mætti fram betri heildarmynd af svæðinu. Heimildalista er að finna í síðasta kafla skýrslunnar.

### 2.1. Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er ein mest vaxandi atvinnugrein á Snæfellsnesi. Ljóst er að áhugi ferðamanna á svæðinu eykst ár frá ári og er það í samræmi við fjölda ferðamanna sem þangað sækja. Opnun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls hefur enn aukið áhuga ferðamanna, innlendra sem erlendra, á svæðinu. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að ferðaþjónustan hefur áhrif á mun fleiri atvinnufyrirtæki en einungis þau sem selja gistingu og mat. Fyrirtæki eins og bankar, matvöruverslanir, bakarí, sjoppur og viðgerðarverkstæði svo nokkuð sé nefnt eru á beinan eða óbeinan hátt öll tengd ferðaþjónustu. Þau fyrirtæki sem veita beinum ferðaþjónustufyrirtækjum þjónustu eins og t.d. fiskvinnslufyrirtæki, smiðir, rafvirkjar og pípulagningarmenn koma óbeint að ferðaþjónustu og njóta góðs af framkvæmdum innan hennar.

#### 2.1.1. Fjöldi ferðamanna

Engar opinberar tölur eru til yfir fjölda ferðamanna sem á Snæfellsnes koma. Til eru tölur frá Hagstofu Íslands um fjölda gistinguáttanna í þessum fimm sveitarfélögum á Snæfellsnesi fyrir árið 2002. Í þeim er ekki að finna tölfræðilegar upplýsingar um alla þá sem gista á þeim fjölda tjaldsvæða sem eru vítt og breitt á Nesinu, né heldur um þá sem sækja hátíðir í sveitarfélögum. Skipting talna frá Hagstofunni er eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Áætlaðar tölur fyrir árið 2003 eru byggðar á viðræðum við gistihúsaeigendur á Snæfellsnesi, en hjá þeim hefur verið 15-20% aukning í ferðaþjónustu árið 2003. Í áætluninni er miðað við 20% aukningu.

Fjöldi gistinátta á Snæfellsnesi árið 2002 og áætlun fyrir árið 2003		
Þjóðerni:	Gistinætur árið 2002	Áætlun fyrir árið 2003
Ísland	15,864	19,037
Danmörk	992	1,190
Svíþjóð	378	454
Noregur	281	337
Finnland	181	217
Bretland	4,758	5,710
Írland	50	60
Þýskaland	5,671	6,805
Holland	1,103	1,324
Belgía	253	304
Frakkland	3,223	3,868
Sviss	672	806
Austurríki	327	392
Ítalía	1,061	1,273
Spánn	780	936
Önnur Evrópulönd	258	310
Bandaríkin	1,218	1,462
Kanada	103	124
Japan	21	25
Önnur lönd	690	828
<b>Heild:</b>	<b>37,884</b>	<b>45,461</b>

Tafla 1. Fjöldi gistinátta á Snæfellsnesi árið 2002 og áætlun fyrir 2003

Þessar tölur sýna fjölda þeirra ferðamanna sem dvelja yfir nótt á Snæfellsnesi. Margir ferðamenn koma einungis í dagsferð á Nesið, hvort sem um skipulagðar ferðir er að ræða eða þeir koma á eigin bílum. Sumarið 2002 var settur upp teljari við Djúpalón, fjölsóttasta ferðamannastaðinn innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökull. Tölur sýna að yfir sumarmánuðina þrjú, komu að meðaltali um 600 manns daglega á þennan áfangastað. Ef gert er ráð fyrir að hina mánuðina tvo á megin ferðamannatímanum, hafi einungis helmingur þess fjölda heimsótt staðinn, er hægt að áætla að fjöldinn hafi verið:  $600 \times 30 \times 3 = 54.000 + 300 \times 30 \times 2 = 18.000$ . Miðað við þessar tölur hefur **fjöldi þeirra ferðamanna sem heimsóttu þennan vinsæla áfangastað á Snæfellsnesi verið um 72.000. Hafi ferðamönnum fjölgað um 20% sumarið 2003 hafa sennilega um 86.400 gestir sótt Snæfellsnes heim.**

Áætlað er að sá fjöldi fólks sem dvelur á tjaldsvæðum – aðallega um helgar – hafi að meðaltali verið um 900 manns á viku yfir sumarið 2003 í þær 12 vikur sem teljast til háannar. Miðað við þær tölur er **áætlað að um 11.000 manns hafi dvalið á tjaldsvæðum á Snæfellsnesi árið 2003.** Skiptingin milli innlendra og erlendra gesta er óþekkt, þótt áætlað sé að um 70% gesta séu innlendir.

Sumarið 2003 komu níu skemmtiferðaskip til Grundarfjarðar. Lengd dvalar var frá 5 að 12 klukkustundum. Heildarfjöldi farþega var 2.580 manns. Heildarfjöldi starfsfólks var 1.240 manns. Mikill hluti starfsfólks kom í land, þannig að áætlað er að 3.200 gestir hafi komið á Snæfellsnes með skemmtiferðaskipum.



Ein ferja er með áætlunarferðir yfir Breiðafjörð, frá Stykkishólmi til Brjánslækjar, allt árið um kring. Yfir sumarmánuðina fer ferjan tvær ferðir á dag yfir fjörðinn, með viðkomu í Flatey, sem er vinsæll áfangastaður fyrir ferðamenn. Í lok nóvember 2003, hafði ferjan flutt 30.194 farþega.

**Miðað við fyrrnefndar tölur, er líklegt að alls hafi um 100.000-110.000 gestir sótt Snæfellsnes heim árið 2003, en fjöldinn gæti verið meiri, eða allt að 150.000 gestir.**

Samkvæmt tölfræði sem kynnt var á árlegum fundi Ferðamálaráðs Íslands í október 2003, sem haldinn var í Mývatnssveit, er áætlað að verði þróun ferðapjónustunnar með sama hætti og verið hefur síðastliðin ár, getum við búist við 70% aukningu í fjölda ferðamanna á næstu 5-10 árum. Mikilvægt að hafa þá framtíðarspá í huga, þegar tölur í þessari skýrslu eru metnar.

Árin 2001 og 2002 var Snæfellsbær eitt af þremur sveitarfélögum á norðlægum slóðum (arktískum), sem tók þátt í verkefni sem nefndist „Umhverfi og ferðapjónusta á norðlægum slóðum“ (*The environment and tourism in the Arctic*). Verkefnið var unnið í samvinnu við Iðntæknistofnun á Íslandi. Með könnunum fengust eftirfarandi upplýsingar um aldursskiptingu ferðamanna í Snæfellsbæ. Líklegt er að sömu tölur gildi fyrir önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi. Meginmarkhópurinn virðist vera þeir sem eru 45 ára og eldri.

Aldur ferðamanna í Snæfellsbæ 2002	%
0-16 ára	4
16-24 ára	7
25-34 ára	19
35-44 ára	18
45-54 ára	24
55 ára og eldri	28
<b>Samtals</b>	<b>100</b>

Tafla 2. Aldur ferðamanna í Snæfellsbæ árið 2002

Þjóðerni þessara ferðamanna er sýnt í eftirfarandi töflu:

Þjóðerni	%
Þýskaland	24
Ísland	21
Bretland	9
Sviss	8
Bandaríkin	8
Svíþjóð	6
Frakkland	5
Önnur lönd svo sem Danmörk, Holland, Austurríki, Ítalía, Spánn, Belgía og Noregur, svo og lönd utan Evrópu og Bandaríkjanna	19
<b>Samtals</b>	<b>100</b>

Tafla 3. Þjóðerni ferðamanna í Snæfellsbæ árið 2002

Mikilvægt er að hafa í huga að þessar upplýsingar byggjast á niðurstöðum úr spurningalistum sem gestir á hótelum og gistihúsum í Snæfellsbæ fylltu út, en ekki gestir á tjaldsvæðum. Margar barnafjölskyldur dvelja á tjaldsvæðum og því er líklegt að herra hlutfall gesta á Snæfellsnesi sé undir 16 ára aldri. En ólíklegt er að sá hópur sé ráðandi aðili þegar ákvarðanir eru teknar um ákvörðunarstaði. Margar fjölskyldur koma líka á þrjár stórar hátíðir sem haldnar eru á Snæfellsnesi, þ.e. *Danska daga* í Stykkishólmi, *Á góðri stund í Grundarfirði* og *Færeyska daga* í Ólafsvík, og náði könnunin ekki til þeirra.

Í viðmiðum Green Globe 21 er gert ráð fyrir því að lykiltölur séu gefnar upp sem magn á hvern ársmann eða persónuár. Fjöldi persónuára í sveitarfélögunum 5 á Snæfellsnesi var reiknaður eins og sýnt er í eftirfarandi töflu út frá þeim upplýsingum sem fram koma hér að framan.

	Fjöldi	Dagar	Samtals (persónuár)	%
Íbúar	4.021	365	4.021	95,65
Gistinætur	45.461	1	125	2,96
Dagsferðamenn	64.539	0,33	58	1,39
<b>Samtals</b>			<b>4.204</b>	<b>100,00</b>

Tafla 4. Útreikningur persónuára í Snæfellsbæ árið 2003

### 2.1.2. Tekjur af ferðaþjónustu

Sé stuðst við þær upplýsingar sem fengust hjá Hagstofu Íslands yfir gistinætur árið 2002, er áætlað að 45.461 gestur hafi gisti á Snæfellsnesi árið 2003, (sbr. töflu 1). Ferðamálaráð Íslands hefur gefið út áætlun yfir daglega eyðslu erlendra gesta sem dvelja á Íslandi. Áætlað er að meðalferðamaður eyði 11.000 kr. á dag meðan hann dvelur hérlandis.

Tekjur af næturgestum á Snæfellsnesið árið 2003 væru því samkvæmt þessari áætlun **45.461 x 11.000 kr. = 500.071.000 kr.**

Sé gert ráð fyrir að um 100.000 ferðamenn heimsæki Snæfellsnes á ári og að þeir sem komi í dagsferðir eyði einungis 50% af því sem næturgestir eyða (11.000 kr), gætu áætlaðar tekjur af dagsferðagestum verið  $55.000$  (áætluð tala)  $\times 5.500 =$  **302.500.000 kr.**

**Áætlaðar heildartekjur eru skv. þessu: 802.571.000 kr.**

Allar dagsferðir á Snæfellsnes eru gerðar út frá Reykjavík svo að þessi heildarupphæð skilar sér ekki inn í hagkerfið á Nesinu sjálfu. Sum hótelanna eru líka í eigu fyrirtækja eða samtaka utan Snæfellsness. Sú staðreynd gerir það verkum að töluvert er um að fjármagn leki úr hagkerfinu á Snæfellsnesi. Hluti starfsfólks er *innfluttur* á svæðið, þ.e. annað hvort frá öðrum sveitarfélögum eða erlendis frá, sem veldur enn öðrum leka úr hagkerfinu. Nær öll aðföng til ferðaþjónustu á Snæfellsnesi eru flutt inn á svæðið, annað hvort frá nærliggjandi sveitarfélögum eða frá Reykjavík. Margir samverkandi þættir hafa því áhrif á þær tekjur af ferðaþjónustunni sem sitja eftir í hagkerfinu á Snæfellsnesi.

Megnið af þeim ferðaþjónustufyrirtækjum sem rekin eru á Snæfellsnesi eru tiltölulega ný, hafa verið byggð eða hafið starfsemi á síðustu 10 árum eða svo. Því eru flest þeirra mjög skuldsett. Vextir af lánnum eru háir og lán eru aðeins veitt til tiltölulega skamms tíma – sem felur eiginlega í sér að hluta úr kynslóð er ætlað að leggja grunninn að og byggja upp ferðaþjónustu á Snæfellsnesi, líkt og í öðrum landshlutum. Þetta hefur komið niður á öllum rekstraraðilum og mörg fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota.

### 2.1.3. Störf innan ferðaþjónustunnar

Til að meta fjölda ársverka innan ferðaþjónustunnar á Snæfellsnesi var leitað upplýsinga hjá fyrirtækjum á svæðinu. Notast var við þá reikniaðferð að væru fjórir starfsmenn í vinni í þrjá mánuði hjá sama fyrirtæki teldist það eitt ársverk. Ársverkin skiptast þannig milli bæjarfélaga:

Sveitarfélag	Fjöldi ársverka
Snæfellsbær	66,0
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	2,5
Grundarfjarðarbær	20,0
Helgafellssveit	3,0
Stykkishólmurbær	40,0
Eyja- og Miklaholtshreppur	5,0
<b>Ársverk samtals</b>	<b>136,5</b>

Tafla 5. Ársverk í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi 2003

Aðalferðaþjónustutíminn er frá byrjun maí til loka september og er megnið af sumarstarfsfólki eingöngu ráðið í þá þrjá til fjóra mánuði af þessum tíma. Því starfa mun fleiri einstaklingar við ferðaþjónustu á Snæfellsnesi en þessi 136,5 ársverk gefa til kynna.

#### **2.1.4. Hótel, gististaðir og veitingahús**

Tæplega 30 gististaðir eru á Snæfellsnesi í mismunandi þjónustuflokkum, allt frá lúxushótelum yfir í farfuglaheimili. Flestir smærri gististaðirnir eru einungis opnir yfir sumartímann, en stærri hótelin eru opin allt árið um kring. Flest stærri hótelin reka veitingastaði, sem eru opnir almenningi auk þess að þjóna hótелgestum. Minni gististaðirnir reka líka veitingasölu, en einungis fyrir gesti sína. Flestir þeirra hafa jafnframt vínveitingaleyfi. Nokkur veitingahús, kaffihús og krár eru í þéttbýliskjörmunum á Snæfellsnesi, auk skyndibitastaða.

#### **Gististaðir**

Gististaðirnir bjóða upp á herbergi með baði (wc/sturta), herbergi án sér baðherbergis og svefnpokapláss. Nokkur sumarhús eru í útleigu á Snæfellsnesi. Hluti þeirra er leigður út fyrirfram allt sumarið en hluti leigður til ferðamanna með stuttum bókunartíma. Tjaldsvæði eru bæði við þéttbýliskjarnana svo og í dreifbýli. Þau sem eru við þéttbýliskjarnana eru rekin af sveitarfélögunum en þau sem eru í dreifbýli eru rekin af einkaaðilum.



Fjöldi gistirúma á Snæfellsnesi í mismunandi gistiflokkum						
Gististaðir:	Sveitarfélag	M/baði	Án baðs	Svefnpl	Sumarhús	Tjaldst.
Ytri Tunga, Staðarsveit	Snæfellsbær	15	6			
Hof, Staðarsveit	Snæfellsbær				(6-12) 3	
Gistihúsið Langaholt, Stsv	Snæfellsbær	24	17	15		100
Lýsuhóll, Staðarsveit	Snæfellsbær				(6-12) 3	
Hótel Búðir, Búðum	Snæfellsbær	46				
Snjófell, Arnarstapa	Snæfellsbær	2	31			500
Há-Hús, Arnarstapa	Snæfellsbær				(4-6) 1	
Gistih Brekkubær, Hellnum	Snæfellsbær	20	5			
Gíslabær, Hellnum	Snæfellsbær			14		
Hótel Hellissandur	Snæfellsbær	40				
Gistih Gimli, Hellissandi	Snæfellsbær		12	10		
Auður og Smári, Helliss	Snæfellsbær				(4-6) 1	
Tjaldsvæði Hellissandi	Snæfellsbær					50
Hótel Ólafsvík	Snæfellsbær	36	22			
Há-Hús, Ólafsvík	Snæfellsbær		8			
Tjaldsvæði Ólafsvík	Snæfellsbær					60
Ferðapjón. Brimilsvöllum	Snæfellsbær		8		(4-6) 1	
<b>Samtals í Snæfellsbæ</b>		<b>183</b>	<b>109</b>	<b>39</b>	<b>(24-36) 9</b>	<b>710</b>
Hótel Framnes	Grundarfjörður	46				
Suður-Bár	Grundarfjörður	2	10			
Hálsaból	Grundarfjörður				(12) 2	
Farfuglaheimilið Grundarfirði	Grundarfjörður		21			
Tjaldsvæðið Grundarfirði	Grundarfjörður					40
Tjaldsvæðið Setbergi	Grundarfjörður					60
<b>Samtals í Grundarfirði</b>		<b>48</b>	<b>31</b>		<b>(12) 2</b>	<b>100</b>
Þingvellir	Helgafellssveit		8			
Hólar (Hvass)	Helgafellssveit		10			1
Hólar (Hvass)	Helgafellssveit			10		1
Félagsh Skjöldur (dýnur)	Helgafellssveit			100		
Félagsh Skjöldur	Helgafellssveit					100
<b>Samtals í Helgafellssveit</b>			<b>18</b>	<b>110</b>		<b>2</b>
Hótel Stykkishólmur	Stykkishólmur	64				
Farfuglaheimilið Sjónarhóll	Stykkishólmur			50		
Heimagisting Ólmu	Stykkishólmur		12			
Heimagisting Maríu	Stykkishólmur		7			
Tjaldsvæði	Stykkishólmur					500
<b>Samtals í Stykkishólmsbæ</b>		<b>64</b>	<b>19</b>	<b>50</b>		<b>500</b>
Laugagerðisskóli	Eyja- og Miklahhr	4	16			
<b>Samtals í Eyja- og Miklaholtshreppi</b>		<b>4</b>	<b>16</b>			
<b>Samtals á Snæfellsnesi</b>		<b>299</b>	<b>183</b>	<b>199</b>	<b>(56-68) 13</b>	<b>1410</b>

Tafla 6. Fjöldi gistirúma í sveitarfélögunum á Snæfellsnesi

Sé gert ráð fyrir að öll gistirými á Snæfellsnesi væru fullnýtt í fimm mánuði á ári er samanlagður fjöldi gistirúma/svefnokaplássar:

<b>Samanlagður fjöldi gistirúma á Snæfellsnesi yfir 5 mánaða tímabil</b>	
<b>Gistirúm í herbergjum með snyrtingu - wc/sturta</b>	<b>44.850</b>
<b>Gistirúm í herbergjum án sér snyrtingar - sameiginleg wc/sturta</b>	<b>27.450</b>
<b>Gisting í svefnokapláss</b>	<b>29.850</b>
<b>Bústaðir - hámarksnýting</b>	<b>10.200</b>
<b>Tjaldsvæði (áætlað hámark 1.350 manns)</b>	<b>202.500</b>
<b>Samtals mögulegar gistinætur í 5 mánuði</b>	<b>314.850</b>

Tafla 7. Samanlagður fjöldi gistirúma á Snæfellsnesi yfir 5 mánaða tímabil

### **Veitingasala**

Veitingastaðir á Snæfellsnesi eru mismunandi að gerð og stærð. Hafa flestir þeirra lagt áherslu á að sérhæfa sig á einhvern hátt. Minni veitingastaðirnir eru yfirleitt opnir alla daga vikunnar yfir sumarið og hluta vikunnar yfir vetrartímann. Veitingastaðir hótélanna eru opnir í samræmi við opnunartíma þeirra.

Í töflu 8 er tilgreindur sætafjöldi í hverju veitingahúsi fyrir sig og jafnframt talinn fjöldi þeirra kráa sem eru á Snæfellsnesi, sætafjöldi í sölum félagsheimila, svo og fjöldi skyndibitastaða og sætafjöldi þar.

Veitingastaðir á Snæfellsnesi						
Heiti staða	Sveitarfélag	Í hóteli	Veitingah	Krá/bar	Félagsh.	Skyndibst
Hótel Búðir, Búðum	Snæfellsbær	130		1		
Snjófell, Arnarstapa	Snæfellsbær	60		1		
Fjóruhúsið, Hellnum	Snæfellsbær		40	1		
Hótel Hellissandur	Snæfellsbær	80		1		
Svörtuloft, Hellissandi	Snæfellsbær		100	1		
Félagsheimilið Röst	Snæfellsbær				150	
Hótel Ólafsvík	Snæfellsbær	150		1		
Félagsheimilið Klif	Snæfellsbær				300	
Prinsinn, Ólafsvík	Snæfellsbær					(12) 1
Söluskáli O.G., Ólafsv	Snæfellsbær					(12) 1
<b>Samtals í Snæfellsbæ</b>		<b>420</b>	<b>140</b>	<b>6</b>	<b>450</b>	<b>(24) 2</b>
Hótel Framnes	Grundarfjörður	180		1		
Krákan	Grundarfjörður		70	1		
Kaffi 59	Grundarfjörður		70	1		
Félagsheimilið Grundarf	Grundarfjörður				180	
<b>Samtals í Grundarfirði</b>		<b>180</b>	<b>140</b>	<b>3</b>	<b>180</b>	
Hótel Stykkishólmur	Stykkishólmi	90				
Félagsheimili Stykkish	Stykkishólmi				280	
Fundarsalur á Hótel Sth	Stykkishólmi	26		1		
Narfeyrarstofa	Stykkishólmi		80			
Fimm fiskar	Stykkishólmi		90	1		
Sjávarpakkhúsið	Stykkishólmi		34	1		
Golfklúbburinn Mostri	Stykkishólmi			1		
Sæferðir (í bátum)	Stykkishólmi			1		
Olís-bensinstöðin	Stykkishólmi					(12) 1
<b>Samtals í Stykkishólmi</b>		<b>116</b>	<b>204</b>	<b>5</b>	<b>280</b>	<b>(12) 1</b>
Laugagerðisskóli	Eyja- og Miklah	175				
Vegamót			34			1
<b>Samtals í Eyja- og Miklaholtshreppi</b>		<b>175</b>	<b>34</b>			<b>1</b>
<b>Samtals (sæta)-fjöldi</b>		<b>891</b>	<b>518</b>	<b>14</b>	<b>910</b>	<b>(36) 4</b>

Tafla 8. Veitingastaðir og barir á Snæfellsnesi

### Vetraropnun

Efirtaldir gisti- og veitingastaðir og skyndibitastaðir eru opnir yfir vetrartímann á Snæfellsnesi.

### Gistiheimili/veitingastaðir:

Hótel Stykkishólmur, Stykkishólmsbæ – gisting og veitingastaður

Hótel Framnes, Grundarfjarðarbæ – gisting og veitingastaður

Hótel Ólafsvík, Ólafsvík, Snæfellsbæ – gisting og veitingastaður

Hótel Búðir, Snæfellsbæ – gisting og veitingastaður um helgar yfir vetrartímann

Gistiheimilið Brekkubær – gisting og veitingasala opin fyrir hópa sem panta fyrirfram

Suður-Bár, í nágrenni Grundarfjarðar – gisting, matur mögulegur

Snjófell, Arnarstapa, Snæfellsbæ – aðeins gisting – veitingastaður lokaður yfir vetrartímann

**Veitingastaðir/krár:**

Fimm fiskar, Stykkishólmsbæ – opinn hluta vikunnar  
Narfeyrarstofa, Stykkishólmsbæ – opinn hluta vikunnar  
Krákan, Grundarfjarðarbæ – opinn hluta vikunnar  
Kaffi 59, Grundarfjarðarbæ – opinn hluta vikunnar  
Svörtuloft, Hellissandi, Snæfellsbæ – opinn hluta vikunnar

**Skyndibitastaðir:**

Vegamót, Eyja- og Miklaholtshrepp – opinn daglega  
Prinsinn, Ólafsvík, Snæfellsbæ – opinn daglega  
Söluskáli O.G., Ólafsvík, Snæfellsbæ – opinn daglega

**Félagsheimili:**

Hægt er að taka þau á leigu fyrir veisluhöld allt árið um kring

**2.1.5. Afþreyingarfyrirtæki**

Milli tuttugu og þrjátíu afþreyingarfyrirtæki eru starfrækt á Snæfellsnesi. Þau bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu sem fjölmargir ferðamenn njóta árlega. Stærstu fyrirtækin eru Sæferðir sem bjóða upp á eyjasiglingar um Breiðafjörð frá Stykkishólmi, stórhvalaskoðun frá Ólafsvík og reka ferjuna Baldur sem siglir yfir Breiðafjörð og Snjófell sem býður upp á snjósleðaferðir á Snæfellsjökul. Mörg minni afþreyingarfyrirtæki eru starfrækt á Snæfellsnesi, allt niður í að vera þjónusta eins aðila við ferðamenn.



Afpreyingarfyrtæki á Snæfellsnesi			
Tegund afþreyingar:	Sveitarfélag	Nafn fyrirtækis/þjónustuaðila	Fjöldi
Jöklaferðir	Snæfellsbær	Snjófell, Arnarstapa	1
Hestaleiga	Snæfellsbær	Brimilsvellir, norðan Ólafsv.	
Hestaleiga	Snæfellsbær	Lýsuhóll í Staðarsveit	
Hestaleiga	Snæfellsbær	Gíslabær, Hellnum	3
Hvalaskoðun (stórhveli)	Snæfellsbær	Sæferðir, Ólafsvík	1
Gönguferðir með leiðsögn	Snæfellsbær	Brekubær, Hellnum	
Gönguferðir með leiðsögn	Snæfellsbær	Sæmundur Kristjáns á Rifi	
Gönguferðir með leiðsögn	Snæfellsbær	Skúli Alexandersson, Helliss.	3
Veiði í ám og vötnum	Snæfellsbær	Vatnsholt í Staðarsveit	
Veiði í ám og vötnum	Snæfellsbær	Votilækur í Staðarsveit	
Veiði í ám og vötnum	Snæfellsbær	Hof í Staðarsveit	3
Skíðalyfta - opinn hluta úr ári	Snæfellsbær	Snjófell, Arnarstapa	1
Golfvellir	Snæfellsbær	Garðavöllur í Staðarsveit	
Golfvellir	Snæfellsbær	Ólafsvíkurvöllur	2
Sundlaugar	Snæfellsbær	Ólafsvík	
Sundlaugar	Snæfellsbær	Lýsuhóll, sumarlaug	2
Gönguferðir í Þjóðgarði	Þjóðg. Snæfellsjökull	Þjóðgarðsverðir	1
<b>Samtals í Snæfellsbæ - Þjóðgarði</b>			<b>17</b>
Sundlaugar	Grundarfjarðarbær	Grundarfirði	1
Golfvellir	Grundarfjarðarbær	Bárarvöllur, Suður-Bár	1
Gönguferðir með leiðsögn	Grundarfjarðarbær	Detours, Grundarfirði	
Gönguferðir með leiðsögn	Grundarfjarðarbær	Guðmundur og Þórunn, Grf.	2
Gestamiðstöð, sögumiðst.	Grundarfjarðarbær	Sögumiðstöðin, Grundarfirði	1
Hestaleiga	Grundarfjarðarbær	Suður-Bár	
Hestaleiga	Grundarfjarðarbær	Kverná	
Hestaleiga	Grundarfjarðarbær	Þórdísarstaðir	3
<b>Samtals í Grundarfjarðarbæ</b>			<b>8</b>
Hákarlasafn/bændakirkja	Helgafellssveit	Bjarnarhöfn	1
<b>Samtals í Helgafellssveit</b>			<b>1</b>
Eyjaferðir	Stykkishólmsbær	Sæferðir, Stykkishólmi	1
Kajakaleiga	Stykkishólmsbær	Kajakaleigan	1
Golfvellir	Stykkishólmsbær	Stykkishólmi	1
SPA-Sundlaug	Stykkishólmsbær	Stykkishólmi	1
<b>Samtals í Stykkishólmsbæ</b>			<b>4</b>
Laxveiðar	Eyja- og Miklaholtshr	Straumfjarðará	1
<b>Samtals í Eyja- og Miklaholtshreppi</b>			<b>1</b>
<b>Samtals eru afþreyingarfyrirtæki á Snæfellsnesi 30*</b>			
*Sæferðir er eitt og sama fyrirtækið en starfar bæði í Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ			

Tafla 9. Afþreyingarfyrirtæki á Snæfellsnesi og fjöldi þeirra

Flest þessara fyrirtækja eru einungis starfrækt hluta úr ári, enda oft um árstíðabundna afþreyingu að ræða eins og hvalaskoðun, kajakasiglingar, laxveiði eða hestaferðir, sem einungis er boðið upp á yfir hásumarið.

## **2.2. Samgöngur**

Undir þessum lið er fjallað um almenningsamgöngur að og frá Snæfellsnesi og umferðartölur sem sýna umferð bifreiða við ákveðna umferðarmæla sem staðsettir eru á vissum stöðum á Snæfellsnesi. Einnig er fjallað um losun gróðurhúsalofttegunda sem fylgir notkun vélknúinna ökutækja.

### **2.2.1. Almenningsamgöngur / rútuferðir**

Sérleyfishafinn Sæmundur Sigmundsson ehf., sem staðsettur er í Borgarnesi, þjónar öllum sveitarfélögum á Snæfellsnesi, þ.e. Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ og Eyja- og Miklaholtshrepp, með reglulegum rútuferðum. Brottför frá Reykjavík er kl. 8:30 dag hvern og til Reykjavíkur klukkan 18:00. Á föstudögum og sunnudögum eru tvær ferðir á dag frá Reykjavík, að morgni og einnig á að kvöldi. Á laugardögum og mánudögum eru tvær ferðir á dag til Reykjavíkur, báðar snemma morguns, frá öllum stærstu þéttbýlisstöðum á Snæfellsnesi, þ.e. Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi.

Ferðir um Útnesið (það svæði sem Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull nær m.a. yfir) eru í boði í 10 vikur yfir sumartímann. Brottför er frá Ólafsvík um kl. 13:00 daglega, keyrt er um Jökulhálsveg (vegur F570) til Arnarstapa, Hellna, gegnum Þjóðgarðinn (vegur 574) Snæfellsjökul og til Ólafsvíkur aftur.

Engar rútuferðir (almenningsamgöngur) eru innan Nessins sjálfs, þ.e. frá Stykkishólmi og vestur á nes, eða frá Ólafsvík og inn í Hólmi.

### **2.2.2. Flutningafyrirtæki á Snæfellsnesi**

Tvö stór flutningafyrirtæki og önnur tvö minni sjá um þungaflutninga á vörum til og frá Snæfellsnesi. Stóru fyrirtækin eru með þjónustustöðvar í öllum sveitarfélögum, þau minni hafa afgreiðslur í heimabyggð.

- **Ragnar og Ásgeir/Flytjandi** – Þjónar öllum sveitarfélögum, með þjónustustöðvum í Stykkishólmi, Ólafsvík og Grundarfirði. Frá þeim eru tvær ferðir á dag til Reykjavíkur og aukaferðir vegna fiskflutninga. Að meðaltali eru sex ferðir á dag til og frá Reykjavík. Höfuðstöðvar eru í Grundarfjarðarbæ.
- **B.B. og synir** – Helgafellssveit.
- **Nesfrakt ehf.** – Ólafsvík, Snæfellsbæ
- **Landflutningar** – með þjónustustöðvar í Stykkishólmi, Grundarfjarðarbæ og Ólafsvík. Þeir þjóna öllum sveitarfélögum.

### **2.2.3. Skemmtiferðaskip**

Eins og áður hefur komið fram, komu níu skemmtiferðaskip til Grundarfjarðar síðastliðið sumar. Dvalartími var 5-12 klst. Hvert skip var með á milli 300-800 farþega, en heildarfjöldi farþega var 2.580 manns. Heildarfjöldi starfsmanna var 1.240. Mikill hluti starfsmanna kom í land, þannig að hægt er að áætla að 3.200 gestir hafi komið til Snæfellsness eftir þessari leið.

#### 2.2.4. Flugvellir

Flugvellir eru í Stykkishólmi og á Rifi (Snæfellsbæ). Þeir eru ekki lengur í daglegri notkun, þar sem þörf á reglulegu farþegaflugi hefur minnkað með bættu ástandi vega. Flugvellirnir eru opnir fyrir litlar einkaflugvélar.

Flugbraut er á Dagverðará (suðurhluti Snæfellsbæjar, nálægt Hellnum) og við Grundarfjarðarbæ. Báðar brautirnar eru eingöngu fyrir litlar flugvélar.

#### 2.2.5. Fjöldi vélknúinna ökutækja

Til að reikna út þau mengunaráhrif sem umferð vélknúinna ökutækja hefur á andrúmsloftið gerir Green Globe 21 kröfu um að fyrir liggi upplýsingar um fjölda ökutækja á Snæfellsnesi í eftirfarandi flokkum: Fólksbílar, sendibílar, hóp bifreiðar, vörubifreiðar og bifhjól.

Fjöldi ökutækja í mismunandi flokkum á Snæfellsnesi*				
Sveitarfélag	Tegund	Orkugj.-Bensín	Orkugj.-Disel	Samtals:
Snæfellsbær	Fólksbílar	756	145	901
"	Sendibílar	40	58	98
"	Hóp bifreiðar	1	15	16
"	Vörubifreiðar	4	59	63
"	Bifhjól	11		
<b>Samtals í Snæfellsbæ</b>		<b>812</b>	<b>277</b>	<b>1078</b>
Stykkishólmsbær	Fólksbílar	484	86	571
"	Sendibílar	35	26	61
"	Hóp bifreiðar		3	3
"	Vörubifreiðar	6	24	30
"	Bifhjól	2		2
<b>Samtals í Stykkishólmi</b>		<b>527</b>	<b>139</b>	<b>667</b>
Grundarfjarðarbær	Fólksbílar	380	73	453
"	Sendibílar	25	25	50
"	Hóp bifreiðar		4	4
"	Vörubifreiðar	3	37	40
"	Bifhjól	9		9
<b>Samtals í Grundarfj.bæ</b>		<b>417</b>	<b>139</b>	<b>556</b>
<b>Samtals í öllum 3 sveitarfél.</b>	<b>Fólksbílar</b>	<b>1620</b>	<b>304</b>	<b>1924</b>
"	<b>Sendibílar</b>	<b>100</b>	<b>109</b>	<b>209</b>
"	<b>Hóp bifreiðar</b>	<b>1</b>	<b>22</b>	<b>23</b>
"	<b>Vörubifreiðar</b>	<b>13</b>	<b>120</b>	<b>133</b>
"	<b>Bifhjól</b>	<b>22</b>		<b>22</b>
<b>Heildarfjöldi ökutækja</b>		<b>1756</b>	<b>555</b>	<b>2311</b>
*Tölur frá Umferðarstofu eru frá 31. desember 2003 - <a href="http://www.us.is">www.us.is</a>				
Tölur fyrir minni sveitarfélögin er ekki að finna í sundurliðun Umferðarstofu				

Tafla 10. Fjöldi vélknúinna ökutækja í fimm flokkum á Snæfellsnesi

Haft var samband við Umferðarstofu og framangreindar upplýsingar var að finna á vefsíðu þeirra. Miðað er við fjölda vélknúinna ökutækja um áramót 2003.

Umferðarstofa flokkar fjölda vélknúinna ökutækja í stærri sveitarfélögunum en ekki liggja fyrir tölur um fjölda þeirra í þessum flokkum í Helgafellssveit eða Eyja- og Miklaholtshreppi.

### 2.2.6. Umferðartölur

Vegagerð ríkisins er með nokkra mæla á Snæfellsnesi sem telja umferð. Í töflunni hér á eftir er umferðarmælirinn sem merktur er *Snæfellsnesvegur austan Vatnaleiðar* (vegur 54 við Vegamót), staðsettur nálægt vegamótum vega 54 og 56 á Vatnaleið og telur umferð sem kemur frá þjóðvegi 1 við Borgarnes vestur á Nesið. Eftirfarandi tölur eru fengnar frá Vegagerð ríkisins og sýna meðaltalsumferð árið 2002.

Meðaltalsumferð á dag árið 2002 við ýmsa teljara á Snæfellsnesi							
Vegir:	MDU	SDU	VDU	Min:	Dagar:	Max:	Dagar:
Fróðárheiði	195	294	131				
Hraunsmúli í Staðarsveit	256	426	136	1	22.02.02	1295	07.07.01
Kolgrafarfjörður	190	276	128	36	07.01.02	571	27.07.02
Vatnaleið	304	442	212				
Vegur 54 við Vegamót	337	529	209	43	22.02.02	1395	18.08.02
Vegur 54 150 m austan vegar 58	86	161	38	12	22.02.02	412	02.08.02
Vegur 58 norður af vegi 54	414	653	254	46	22.02.02	1635	18.08.02
Vegur 54 vestur af vegi 56	192	279	129				
<b>MDU = Meðaltalsumferð á dag yfir árið</b>							
<b>SDU = Meðaltalsumferð á dag yfir sumarmánuðina: júní, júlí, ágúst, september</b>							
<b>VDU = Meðaltalsumferð á dag yfir vetrarmánuðina: janúar, febrúar, mars og desember</b>							

Tafla 11. Meðaltalsumferð við ýmsa umferðarteljara á Snæfellsnesi 2002

Meðaltalsumferð á dag yfir árið um veg 54 hjá Vegamótum er 337 x 365 eða **samtals 123.005 bílar á ári**, sem fara um þessa leið. Aðrar tölur frá Vegagerð ríkisins sýna umferðina um veg 54 við Hraunsmúla í Staðarsveit í júlí árið 2000 til og með 2003, (sjá eftirfarandi töflu).

Bílaumferð jókst frá árinu 2000 til ársins 2003 um 8.761 bíla eða um 56%. Verði 70% aukning á komu ferðamanna til landsins á næstu fimm árum og jafnmikil fjölgun á ferðamönnum á Snæfellsnesi má gera ráð fyrir að umferð aukist eitthvað álíka. Þá fara að öllum líkindum rúmlega 40.000 bílar framhjá þessum teljara í júlí árið 2008. Áhugavert er að skoða hversu háar tölur eru í kringum fyrstu helgina í júlí, þegar *Færeyiskir dagar* eru haldnir í Ólafsvík því megnið af umferðinni þangað fer um þetta svæði.



Fjöldi bíla talinn við Hraunsmúla af Vegagerð ríkisins								
Dagsetn:	Dagur	2000	Dagur	2001	Dagur	2002	Dagur	2003
1	Lau	687	Sun	1312	Mán	348	Þri	368
2	Sun	659	Mán	392	Þri	387	Mið	447
3	Mán	395	Þri	343	Mið	449	Fim	532
4	Þri	335	Mið	380	Fim	484	Fös	1614
5	Mið	332	Fim	353	Fös	1156	Lau	1633
6	Fim	319	Fös	558	Lau	1017	Sun	1854
7	Fös	537	Lau	602	Sun	1295	Mán	532
8	Lau	637	Sun	623	Mán	562	Þri	446
9	Sun	727	Mán	460	Þri	463	Mið	431
10	Mán	369	Þri	415	Mið	525	Fim	462
11	Þri	324	Mið	494	Fim	468	Fös	873
12	Mið	336	Fim	510	Fös	746	Lau	810
13	Fim	366	Fös	818	Lau	608	Sun	846
14	Fös	542	Lau	745	Sun	634	Mán	586
15	Lau	322	Sun	788	Mán	394	Þri	542
16	Sun	467	Mán	477	Þri	416	Mið	663
17	Mán	279	Þri	446	Mið	377	Fim	626
18	Þri	392	Mið	386	Fim	455	Fös	903
19	Mið	343	Fim	454	Fös	567	Lau	1000
20	Fim	294	Fös	616	Lau	530	Sun	907
21	Fös	321	Lau	684	Sun	542	Mán	485
22	Lau	324	Sun	868	Mán	416	Þri	491
23	Sun	436	Mán	536	Þri	424	Mið	469
24	Mán	336	Þri	507	Mið	447	Fim	571
25	Þri	353	Mið	503	Fim	383	Fös	699
26	Mið	461	Fim	508	Fös	595	Lau	824
27	Fim	401	Fös	461	Lau	672	Sun	820
28	Fös	613	Lau	496	Sun	695	Mán	530
29	Lau	659	Sun	559	Mán	499	Þri	506
30	Sun	674	Mán	425	Þri	386	Mið	462
31	Mán	436	Þri	397	Mið	448	Fim	502
<b>Heild:</b>		<b>15676</b>		<b>19117</b>		<b>19390</b>		<b>24437</b>

Tafla 12. Umferðartalning við Hraunsmúla í Staðarsveit árin 2000-2003

### 2.2.7. Losun gróðurhúsalofttegunda

Til að mæta viðmiðum Green Globe 21 er nauðsynlegt að leggja mat á útblástur vélknúinna ökutækja, svo og útblástur vegna annarrar starfsemi. Til að nálgast upplýsingar um þetta þurfa að liggja fyrir heildarsölutölur fyrir bensín og díselolíu. Losun gróðurhúsalofttegunda er síðan reiknuð út frá þeim tölum samkvæmt þar til gerðum reiknistuðlum. Í útreikningum Earth Check<sup>TM</sup> sem sér um útreikninga fyrir Green Globe 21, er gengið út frá því að brennsla á einum lítra af bensíni hafi í för með sér losun á 2,26 kg af koltvísýringi (CO<sub>2</sub>) og að einn lítri af díselolíu verði að 2,66 kg af koltvísýringi. Losun við brennslu á einum lítra af skipaolíu er hins vegar áætluð um 2,98 kg.

Olís veitti verkefnisstjórn góðfúslega upplýsingar um magn bensíns og olíu sem selt var á sölustöðvum þeirra á Snæfellsnesi. Hins vegar var ekki hægt að fá upplýsingar um sölutölur frá Esso. Var því notast við sölutölur Olís og sala Esso reiknuð sem tiltekið hlutfall af þeim. Að ósk Olís er farið með upplýsingarnar frá þeim sem trúnaðarmál og því eru þær ekki birtar í þessari skýrslu, né heldur áætlað hlutfall milli félaganna.

Miðað við gefnar forsendur má ætla að bensínsala beggja olíufélaganna á viðkomandi sex bensínstöðvum á Snæfellsnesi hafi numið samtals 2.562.010 lítrum á árinu 2003. Sala á díselolíu frá sömu stöðvum miðað við sambærilegar forsendur gæti hafa numið 1.491.622 lítrum. Inni í þeirri tölu er áætluð sala beint á olíutanka á sveitabæjum til nota á dráttarvélar eða til annarra landbúnaðarnota.

Útreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda á Snæfellsnesi 2003 voru byggðir á eftirfarandi töflu um orkunotkun á svæðinu. Tölurnar í töflunni eru að hluta til fengnar úr fyrrgreindri áætlun um eldsneytissölu á svæðinu og að hluta úr kafla um orkustjórnun síðar í þessari skýrslu, (kafla 2.8).

Orkunotkun á Snæfellsnesi 2003					
Orkugjafi	Eining við afhend.	Magn orku	% endurn.leg	Orka (MJ)	CO2 (tonn)
<b>Orka frá landsneti</b>					
Vatnsorka	kwst	66.423.132	100	239.123.275	0
<b>Samtals frá landsneti</b>				<b>239.123.275</b>	<b>0</b>
<b>Orka annars staðar frá</b>					
Vatnsorka	kwst	117.000	100	421.200	0
Bensín (á ökutæki)	lítrar	2.562.010	0	87.620.742	5.782
Díselolía	lítrar	1.491.622	0	57.576.609	3.972
Vatnsorka	kwst	20.400.000	100	73.440.000	0
Olía (eldsneyti)	lítrar	332.350	0	13.593.115	989
<b>Samtals annars staðar frá</b>				<b>232.651.666</b>	<b>10.743</b>
<b>Samtals allir orkugjafar</b>				<b>471.774.941</b>	<b>10.743</b>
<b>Notkun endurnýjanlegrar orku/heildarorkunotkun</b>				0,6634	

Tafla 13. Orkunotkun á Snæfellsnesi 2003

Með orku frá landsneti er hér átt við raforku sem keypt var á svæðinu frá dreifikerfi rafveitna. Fyrri talan yfir vatnsorku annars staðar frá (117.000 kwst) á við orku sem framleidd var á svæðinu og notuð á staðnum, (sjá skýringar í kafla 2.8), en síðari talan (20.400.000 kwst) er jarðvarmi (408.000 m<sup>3</sup>) sem notaður var til hitunar, umreiknaður í kílóvattstundir. Með eldsneytisolíu (neðstu línunni í töflu 13) er átt við olíu vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, sem ekki er innifalin í áætluðum sölutölum bensínstöðvanna. Hér er um að ræða 50% af áætlaðri árlegri olíunotkun skipsins, en hinn helminginn af notkuninni væri eðlilegt að taka með í sambærilegan útreikning fyrir byggðarlögin við norðanverðan Breiðafjörð. Olíunotkun skemmtiferðaskipa er

hins vegar ekki innifalin í töflu 13, og kemur því heldur ekki inn í útreikninga á loftgæðum og losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta er gert í samráði við Earth Check™.

Eftirfarandi reiknistuðlar voru notaðir við útreikninga á orkunotkuninni:

Breytistuðlar:		
1 kwst	=	3,6 MJ
1 lítri af bensíni	=	34,2 MJ
1 lítri af díselolíu	=	38,6 MJ
1 lítri af annarri olíu	=	40,9 MJ
1 m <sup>3</sup> jarðhitavatns	=	50 kwst

Tafla 14. Breytistuðlar til útreikninga á orkunotkun

Eins og fram kemur í töflu 13 var áætluð heildarorkunotkun í sveitarfélögunum fimm á Snæfellsnesi 471.774.941 MJ á árinu 2003, sem samsvarar 112.220 MJ á hvert persónuár. Heildarlosun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) vegna þessar orkunotkunar var áætluð 10.743 tonn á sama tíma, eða 2,56 tonn á persónuár.

### 2.2.8. Loftgæði

Við útreikninga Earth Check™ á loftgæðum er beitt annarri nálgun en við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda. Með loftgæðum er hér átt við magn tiltekinna mengunarefna í andrúmslofti, nánar tiltekið köfnunarefnisoxíða (NO<sub>x</sub>), brennisteinstvíoxíðs (SO<sub>2</sub>) og svifryks (PM10). Í stað þess að reikna loftgæðin út frá sölutölum fyrir eldsneyti eru þessar stærðir metnar út frá fjölda ökutækja á svæðinu í mismunandi flokkum – og áætlaðri meðaleyðslu og meðalakstri þessara ökutækja. Til að geta lagt fram grunnöggn fyrir þennan útreikning var nauðsynlegt að gera áætlun um þessa þætti út frá fyrirliggjandi upplýsingum um fjölda ökutækja.

Í töflu 10 hér að framan var gerð grein fyrir fjölda ökutækja í einstökum flokkum í þremur fjölmennari sveitarfélögunum á Snæfellsnesi. Í eftirfarandi töflu er bætt við áætluðum fjölda ökutækja í tveimur fámennari sveitarfélögunum (í hlutfalli við íbúafjölda), svo og áætluðum meðalakstri og meðaleyðslu ökutækja í hverjum flokki fyrir sig. Þær tölur byggja á veikum grunni, þ.e.a.s. ýmist á samtölum við kunnuga eða á eigin mati verkefnisstjórnar.

Ökutæki á Snæfellsnesi 2003						
Tegund ökutækja	Fjöldi skráðra ökutækja í hverjum fl.	Meðalakstur á ári (km)	Gerð eldsneytis		Meðaleyðsla (l/100 km)	Eldsneytisnotkun (l/ári)
Fólksbílar	2.015	16.500	Bensín	1.697	10	2.800.050
			Dísel	318	10	524.700
			LPG*	0		0
Sendibílar	219	27.500	Bensín	105	15	433.125
			Dísel	114	15	470.250
			LPG	0		0
Vörubifreiðar og hópifreiðar	164	37.500	Bensín	15	40	225.000
			Dísel	149	40	2.235.000
			LPG	0		0
Bífhjól	23	6.500	Bensín	23	5	7.475
			Dísel	0		0
			LPG	0		0
<b>Samtals notkun í lítrum</b>			<b>Bensín</b>			<b>3.465.650</b>
			<b>Dísel</b>			<b>3.229.950</b>
			<b>LPG</b>			
<b>Samtals notkun í lítrum (allar gerðir eldsneytis)</b>						<b>6.695.600</b>

Tafla 15. Ökutæki á Snæfellsnesi 2003, áætlaður meðalakstur og meðaleyðsla (LPG = Light Petroleum Gas = jarðgas (ekki notað á ökutæki á Íslandi))

Þegar tafla 15 er borin saman við töflu 13 kemur fram verulegur munur á áætlaðri eldsneytisnotkun ökutækja á Snæfellsnesi eftir því hvaða aðferð er notuð við að leggja mat á notkunina. Skv. töflu 15 var notkunin samtals 6.695.600 lítrar á árinu 2003, en aðeins 4.053.632 lítrar skv. þeim tölum sem liggja til grundvallar töflu 13. Þessi munur gæti að hluta til legið í því að mikill hluti heildaraksturs, og þar með eldsneytisviðskipta, fer fram utan Snæfellsness, m.a. vegna vöruflutninga. Eldsneyti sem ferðamenn kaupa á svæðinu ætti að veða upp á móti þessu að hluta til, en eins og ráða má af töflu 4 veða ferðamenn varla mjög þungt í heildartölunni. Hér er rétt að ítreka að tafla 15 byggist að tölurverðu leyti á ágiskunum um meðalakstur og meðaleyðslu, sem vissulega geta skekkt myndina umtalsvert.

Tölur um eldsneytiseyðslu dráttarvéla eru ekki teknar með í töflu 15, enda ekki gert ráð fyrir slíku í leiðbeiningum frá Green Globe 21 vegna útreikninga á loftgæðum. Ekki er heldur raunhæft að byggja útreikninga þar á fjölda ekinna kílómetra. Réttara væri að miða við fjölda vinnustunda. Þetta skekkir samanburð á tölum 13 og 15 enn frekar, en skiptir þó engu afgerandi máli, þar sem eldsneytisnotkun dráttarvéla var aðeins um 3,5% af heildarnotkuninni (u.þ.b. 140.000 lítrar af 4.053.632). Heildarfjöldi skráðra dráttarvéla á svæðinu árið 2003 var 191.

Í samræmi við leiðbeiningar frá Green Globe 21 var ekki reynt að leggja mat á eldsneytisnotkun fiskiskipaflotans á Snæfellsnesi, hvorki við útreikninga á heildarorkunotkun, né á afleiddum stærðum, þ.e. losun gróðurhúsalofttegunda og



loftgæðum. Reyndar mun erfitt að nálgast og túlka tölulegar upplýsingar um þennan þátt, bæði vegna skipa og báta annars staðar frá sem gera út frá Snæfellsnesi hluta úr ári, og öfugt.

Iðnaður á landi á Snæfellsnesi notar ekki jarðefnaeldsneyti, ef landbúnaður er frátalinn. Þess vegna er ekki þörf á að taka tillit til slíkrar starfsemi við útreikning á loftgæðum. Hins vegar er ætlast til þess af hálfu Green Globe 21 að tekið sé tillit til bruna á skógum í forvarnarskyni (“back burning”). Ekki er um neitt slíkt að ræða á Snæfellsnesi. Hins vegar má líta á sinubruna sem starfsemi af sama toga. Bændur geta sótt um heimild til sýslumanns til að brenna sinu á vissum árstímum með vissum skilyrðum, þ.á.m. um að þeir tilkynni alla fyrirhugaða sinubruna til slökkviliðs.

Skv. upplýsingum frá sýslumanninum í Stykkishólmi voru 8 leyfi í gildi til sinubruna á Snæfellsnesi á árinu 2003. Skv. upplýsingum frá slökkviliðsstjórunum í Borgarnesi, Stykkishólmi og Ólafsvík var aðeins eitt þessara leyfa nýtt. Í því tilviki voru brenndir samtals um 7 hektarar til að rýma línakur.

### 2.3. Þéttbýliskjarnar og hafnir

<b>Þéttbýliskjarnar, íbúafjöldi* og hafnir á Snæfellsnesi</b>			
<b>Þéttbýliskjarni</b>	<b>Sveitarfélag</b>	<b>Íbúafjöldi</b>	<b>Hafnir</b>
Ólafsvík	Snæfellsbær	1025	Ólafsvíkurhöfn
Rif	Snæfellsbær	144	Rifshöfn
Hellissandur	Snæfellsbær	412	
Arnarstapi – örþéttbýliskjarni	Snæfellsbær	15	Arnarstapahöfn
Hellnar – örþéttbýliskjarni	Snæfellsbær	12	Hellnahöfn- niðurlögð
	Snæfellsbær		Búðahöfn- niðurlögð
Dreifbýli Snæfellsbæjar	Snæfellsbær	139	
<b>3 þéttbýliskjarnar – 2 örkjarnar</b>	<b>Samtals í Snæfellsbæ</b>	<b>1747</b>	<b>3 hafnir</b>
Grundarfjörður	Grundarfjarðarbær	843	Grundarfjarðarhöfn
Dreifbýli Grundarfjarðarbæjar	Grundarfjarðarbær	91	
<b>1 þéttbýliskjarni</b>	<b>Samtals í Grundarfjarðarbæ</b>	<b>934</b>	<b>1 höfn</b>
	Helgafellsveit	52	
<b>Enginn þéttbýliskjarni</b>	<b>Samtals í Helgafellssveit</b>	<b>52</b>	<b>Engin höfn</b>
Stykkishólmur	Stykkishólmsbær	1162	Stykkishólmshöfn
<b>1 þéttbýliskjarni</b>	<b>Samtals í Stykkishólmi</b>	<b>1162</b>	<b>1 höfn</b>
	Eyja- og Miklaholtshreppur	129	
<b>Enginn þéttbýliskjarni</b>	<b>Samtals í Eyja- og Miklahhr</b>	<b>129</b>	<b>Engin höfn</b>
* Íbúafjöldi miðast við tölur Hagstofunnar 1. desember 2003			
<b>Samtals íbúafjöldi á Snæfellsnesi 31. desember 2003 4024 íbúar</b>			

Tafla 16. Þéttbýliskjarnar, íbúafjöldi og hafnir á Snæfellsnesi



Á Snæfellsnesi hafa allt frá landnámi verið helstu verstöðvar landsins og hefur lítil breyting orðið þar á. Höfnin er því lífæð hvers þéttbýliskjarna þar sem fiskveiðar eru aðalatvinnuvegurinn í þremur af sveitarfélögunum fimm. Ein af höfnunum á Snæfellsnesi, Stykkishólshöfn hefur fengið **BLÁFÁNANN** til viðurkenningar á umhverfisstjórnun á hafnarsvæðinu. Eftirfarandi tafla sýnir þéttbýliskjarnana á Snæfellsnesi, íbúafjölda og hafnir í sveitarfélögunum fimm.

## 2.4. Ár og vötn

Flestar ár á Snæfellsnesi eru tiltölulega stuttar. Í nokkrum þeirra er lax, öðrum bæði lax og silungur og í enn öðrum einungis silungur.

Leyfi í laxveiðiárnar eru yfirleitt seld fyrirfram til veiðimanna, en almennir ferðamenn á Snæfellsnesi geta hins vegar keypt sér leyfi til veiða í sumum ám og vötnum. Sums staðar er veiði einungis nýtt af landeigendum. Eftirfarandi tafla gefur upplýsingar um veiðiár og –vötn á Snæfellsnesi, í hvaða sveitarfélagi veiðisvæðin eru og veita upplýsingar um sölu veiðileyfa.

Þótt allir sem veiða séu veiðimenn, er í töflunni gerður munur á þeim veiðimönnum sem kaupa leyfi sín fyrirfram og þeir tilgreindir sem veiðimenn, á meðan þeir veiðimenn sem kaupa leyfi sín samdægurs eru kallaðir ferðamenn. Yfirleitt sjá landeigendur um sölu veiðileyfa til ferðamanna.

Veiðiár og –vötn á Snæfellsnesi			
Veiðiá/vatn	Sveitarfélag	Tegund	Veiðileyfi seld til
Hólmkelsá	Snæfellsbær	Lax	Einkaaðilar
Lýsuvötn og ár á veiðisvæði Lýsu	Snæfellsbær	Silungur/lax	Ferðamenn
Staðará í Staðarsveit	Snæfellsbær	Silungur/lax	Veiðimenn
Fróðá	Snæfellsbær	Silungur/lax	Landeigendur
Álavatn	Grundarfjarðarbær	Silungur	Ferðamenn
Lárós	Grundarfjarðarbær	Lax	Ferðamenn
Bárvavatn	Grundarfjarðarbær	Silungur	Ferðamenn
Selvallavatn	Helgafellssveit	Silungur	Ferðamenn
Hraunfjarðarvatn	Helgafellssveit	Silungur	Ferðamenn
Baulárvallavatn	Helgafellssveit	Silungur	Ferðamenn
Vatnsdalsvatn	Helgafellssveit	Silungur	Einkaaðilar
Hraunsfjörður	Helgafellssveit	Silungur/lax	Ferðamenn
Bakká og Gríshólsá	Helgafellssveit	Lax	Einkaaðilar
Kálfstaðaá	Helgafellssveit	Silungur	Landeigendur
Ögurvatn	Stykkishólmsbær	Silungur	Landeigendur
Straumfjarðará	Eyja- og Miklahhr.	Lax/silungur	Veiðimenn
Laxá í Miklaholtshreppi	Eyja- og Miklahhr.	Lax/silungur	Einkaaðilar
Fáskrúð, Kleifá, Grímsá í Miklahhr.	Eyja- og Miklahhr.	Silungur	Landeigendur
Núpá	Eyja- og Miklahhr.	Lax/silungur	Veiðimenn
<b>Samtals á Snæfellsnesi: 12 veiðiár og 10 veiðivötn</b>			

Tafla 17. Veiðiár og veiðivötn á Snæfellsnesi

Rétt er að taka fram að veiðitíminn er takmarkaður. Að jafnaði hefst silungsveiðin í apríl og nær fram í september. Laxveiðitíminn er yfirleitt 90 dagar á sumri, byrjar í júní og endar í lok ágúst. Sumar ár opna um miðjan júní og eru opnar fram í miðjan september, þótt margir landeigendur velji að loka í endaðan ágúst. Í Straumfjarðará eru stunduð sjálfbær stefna í stýringu veiðanna. Einungis er veitt með flugu og fjöldi þeirra laxa sem leyft er að veiða á dag er takmarkaður.

## 2.5. **Skoðunarferðir á bátum**

Skoðunarferðir á bátum hafa á undanförunum árum náð töluverðum vinsældum meðal ferðamanna. Stærstu rekstraraðilar í skoðunarferðum eru Sæferðir í Stykkishólmi. Fyrirtækið býður upp á eyjasiglingar um Breiðafjörð þar sem áhersla er lögð á fuglalíf og stórbrotið landslag hinna mismunandi eyja á firðinum, auk strauma á að- og útfalli. Sæferðir eru jafnframt eina fyrirtækið á Íslandi sem sérhæfir sig í stórhvalaskoðun og gerir út í þær ferðir frá Ólafsvík. Hafsvæðið vestur af Snæfellsnesi telst einn besti staður hér við land til að sjá hnúfubak og steypireyði, og í ferðunum sjást jafnframt minni hvalir eins og hrefnur og háhyrningar. Sæferðir reka einnig ferjuna Baldur sem siglir yfir Breiðafjörð. Kajakasiglingar eru nýr afþreyingarmöguleiki og fer áhugi á slíkum siglingum vaxandi ár frá ári. Eftirfarandi tafla sýnir fyrirtækin og þá tegund bátsferða sem þau bjóða upp á, svo og í hvaða sveitarfélagi.

<b>Skoðunarferðir á bátum frá Snæfellsnesi</b>		
<b>Tegund ferða</b>	<b>Fyrirtæki</b>	<b>Sveitarfélag</b>
Hvalaskoðun	Sæferðir, Ólafsvík	Snæfellsbær
Róðrabátaleiga	Fjörúhúsið, Hellnum	Snæfellsbær
Kajakaleiga	Detours/Kajakaleigan, Grundarfj	Grundarfjarðarbær
Eyjasigl. um Breiðafjörð	Sæferðir, Stykkishólmi	Stykkishólmsbær
Ferjan Baldur	Sæferðir, Stykkishólmi	Stykkishólmsbær
Kajakaleiga	Kajakaleigan	Stykkishólmsbær

Tafla 18. Skoðunarferðir og aðrar bátsferðir frá Snæfellsnesi

## 2.6. **Söfn**

Flest söfn á Snæfellsnesi er smá í sniðum eins og byggðasöfn eru almennt. Áhugi ferðamanna á að skoða þau hefur aukist á undanförunum árum. Hugsanlega má rekja þennan áhuga til aukins fjölda sýninga sem settar hafa verið upp á söfnunum. Hafa þær dregið að sér marga gesti. Breytt rekstrarform á söfnunum, þar sem starfsemin er gerð meira lifandi hefur líka áhrif á gestakomur og krambúðir eins og er að finna í Norska húsinu í Stykkishólmi og Pakkhúsinu í Ólafsvík laða til sín ferðamenn sem eru forvitnir og vilja kaupa minjagrip.

<b>Söfn á Snæfellsnesi</b>		
<b>Nafn á safni</b>	<b>Tegund safns</b>	<b>Sveitarfélag</b>
Sjávarsafnið í Ólafsvík	Fiskasafn	Snæfellsbær
Pakkhúsið í Ólafsvík	Byggðasafn	Snæfellsbær
Sjóminjasafnið á Hellissandi	Sjóminjasafn	Snæfellsbær
Náttúrugripasafnið á Hellissandi	Uppstoppaðir fuglar	Snæfellsbær
Bókasafn Ólafsvíkur	Bókasafn	Snæfellsbær
Menningarmiðstöðin á Hellnum	Menningarsafn um sögu Snæf	Snæfellsbær
Gestastofa Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls	Gestastofa fyrir þjóðgarð	Snæfellsbær
Sögumiðstöðin	Sagnasafn/byggðasafn	Grundarfjarðarbær
Bókasafn Grundarfjarðar	Bókasafn	Grundarfjarðarbær
Gestastofan Bjarnarhöfn	Minjasafn um hákarlaveiðar o.fl	Helgafellssveit
Norska húsið	Byggða- og listasafn	Stykkishólmsbær
Amtbókasafnið	Bókasafn	Stykkishólmsbær
Ljósmyndasafnið	Ljósmyndir frá Stykkishólmi	Stykkishólmsbær
<b>Samtals eru á Snæfellsnesi 13 söfn</b>		

Tafla 19. Söfn á Snæfellsnesi

## 2.7. Úrgangsstjórnun

Öll sveitarfélögin á Snæfellsnesi eiga aðild að Sorpurðum Vesturlands hf., sem sér um alla urðun úrgangs í Fíflholti á Mýrum, þar sem er sameiginlegur urðunarstaður fyrir allt Vesturland. Úrgangurinn sem fer til urðunar er þjappaður til að minnka umfang hans, en ekki baggaður, eins og gert er hjá Sorpu í Reykjavík.

Áætlað var í upphafi að urðunarstaðurinn entist næstu 25 ár. Hugsanlegur endingartími kann þó að verða skemmri, þar sem meiri úrgangur er urðaður árlega en reiknað var með í upphaflegum áætlunum. Jörðin Fíflholt er landmikil og mögulegt er að útbúa þar annað urðunarsvæði. Stefna um framtíðarnotkun/-þróun á svæðinu hefur ekki verið mótuð ennþá. Fyrirsjáanlegt er að margt muni breytast í þessum málum á næstu 20 árum, þannig að erfitt er að spá fyrir um hvaða lausnir verða notaðar í framtíðinni. Fleiri upplýsingar er hægt að nálgast á slóðinni [www.ssv.is](http://www.ssv.is), á hlekknum „Sorpurðun Vesturlands“.

Samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og reglugerðum sem á þeim byggja, ber Umhverfisstofnun að gefa út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þetta var gert vorið 2004 og gildir sú áætlun til 12 ára. Áætlunin hefur það markmið að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu og minnka hlutfall úrgangs sem fer til förgunar. Auk þess á hún að vera til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð sem þau eiga að semja og staðfesta fyrir 1. apríl 2005. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og skal endurskoða áætlunina á þriggja ára fresti.

Fyrirhugað er að Sorpurðun Vesturlands hf. vinni svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði sínu. Það verði gert í umboði sveitarfélaganna sem standa að rekstrinum.

### 2.7.1. Losun úrgangs í sveitarfélögum

Losun úrgangs er nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum. Í þéttbýliskjörnunum er úrgangur tæmdur úr tunnum við heimahús vikulega, svo og í Helgafellssveit. Í dreifbýli Snæfellsbæjar er einungis losaður úrgangur úr tunnum aðra hverja viku. Í Eyja- og Miklaholtshreppi sjá íbúar sjálfir um að flytja úrgang sinn í gám sem síðan er losaður í Fíflholti vikulega. Yfirleitt er síðan ekið með úrgang til urðunar í Fíflholti einu sinni í viku. Árið 2003 var þar samtals urðað 2.581 tonn af úrgangi frá sveitarfélögum fimm á Snæfellsnesi, eða sem samsvarar 614 kílóum á persónuár.

Stærri sveitarfélögin reka móttökustöðvar þar sem tekið er á móti öðrum úrgangi en þeim sem til fellur á heimilum, svo sem gleri, spilliefnum, tækjum o.fl. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir losun og tegund úrgangs frá sveitarfélögum. Tölurnar eru ekki allar sambærilegar þar sem sveitarfélögin notast við mismunandi skráningar.

Magn úrgangs og mismunandi flokkar á Snæfellsnesi 2003						
Flokkar úrgangs *	Snæfellsb	Grundarfj	Helgafsv	Stykkish	Eyja og Miklah	SAMTALS
Úrgangur til urðunar	1.200,0	599,0	30,0	617,0	135,0	2.581
Brotajárn til endurvinnslu		135,5				135,5
Jarðgerðarilát við heimili	60,0	35,0		35,0		130
Drykkjarilát í endurvinnslu	398.402,0	222.217,0		335.000,0		955.619
Garðaúrgangur í jarðgerð				25,0		25
*Úrgangur er mældur í tonnum, drykkjarilát í einingum						
Skipting úrgangs milli heimila og fyrirtækja						
Úrgangur frá heimilum		198		250		
Úrgangur frá fyrirtækjum		401		196		
Dekk flutt til urðunar				6,5		

Tafla 20. Magn úrgangs og mismunandi flokkar þess á Snæfellsnesi

### 2.8. Orkustjórnun

RARIK á Vesturlandi, orkufyrirtæki í eigu ríkisins, sem selur raforku til heimila og fyrirtækja á Snæfellsnesi, veitti upplýsingarnar um notkun rafmagns í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Flest hús á Snæfellsnesi eru hituð með rafmagni. Stykkishólmur og Eyja- og Miklaholtshreppur eru einu sveitarfélögin sem hafa jarðhitavatn. Í Stykkishólmi er það notað til upphitunar allra húsa og var hitaveita þar tekin í notkun árið 1999. Í Eyja- og Miklaholtshreppi var borað fyrir heitu vatni fyrir nokkrum árum en enn sem komið er hefur einungis hluti bæja í sveitinni tengst hitaveitunni.



<b>Notkun raforku* og jarðhita** á Snæfellsnesi</b>			
<b>Sveitarfélag</b>	<b>Raforka (kwst)</b>	<b>Jarðhiti (m3)</b>	<b>Eigin framleiðsla</b>
Snæfellsbær	37,777,113		7,000,000
Grundarfjarðarbær	16,592,017		
Helgafellssveit	1,626,758		
Stykkishólmsbær	8,243,798	408,000	408,000
Eyja- og Miklaholtshreppur	2,183,446	?	
<b>Samtals á Snæfellsnesi</b>	<b>66,423,132</b>	<b>408,000</b>	

Tafla 21. Raforka seld frá Rarik og notkun jarðhita í Stykkishólmsbæ

### 2.8.1. Önnur orkuframleiðsla

Ein bújörð, Syðri-Knarrartunga í Breiðuvík í Snæfellsbæ, er með litla virkjun á eigin landi með 18 kílówatta afl. Sé miðað við 6.500 klst. keyrslu á ári er líkleg ársframleiðsla um 117.000 kwst. Í Ólafsvík er raforkuver sem framleiðir um 7.000.000 kwst á ári inn á landsnetið.

Í Helgafellssveit hafa ekki verið lagðar 3ja fasa raforkulínur. Því þurfa sumir bæir að keyra eigin rafstöðvar (díselstöðvar) til raforkuframleiðslu þegar álag á rafmagn er mikið. Þessi skortur á 3ja fasa raforkulínum veldur bændum þar meiri kostnaði en samkeppnisaðilar þeirra annars staðar standa frammi fyrir, því eins fasa rafmagnstæki endast skemur en 3ja fasa.

Í Eyja- og Miklaholtshreppi eru flest hús hituð með rafmagni. Örfáir bæir hita hús sín með jarðhitavatni og tveir eða þrír bæir framleiða eigið rafmagn með díselrafstöðvum.

## 2.9. Fráveitumál

Flest lítil sveitarfélög, sem staðsett eru utan höfuðborgarsvæðisins, búa við svipaðar aðstæður í fráveitumálum. Samkvæmt Evróputilskipun, sem innleidd hefur verið í íslenska löggjöf og taka á gildi í lok árs 2005, þurfa sveitarfélög að meðhöndla fráveituvatnið áður en það er leitt út í sjó. Kostnaðurinn sem af þessu hlýst er mjög hár, en sífellt er leitað að nýjum og hagkvæmari lausnum. Fram til þessa hafa sveitarfélögin því fylgt íslenskum lögum.

### 2.9.1. Staða frárennismála í sveitarfélögunum á Snæfellsnesi

Við alla helstu þéttbýliskjarna á Snæfellsnesi eru frárennslisútrásir beint út í sjó. Rotþrær eru við alla sveitabæi og sumarbústaði í dreifbýli. Sveitarfélögin þjónusta þær með reglulegri tæmingu. Í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli eru rotþrær við Malarrið og Gufuskála, svo og við salerni fyrir ferðamenn við Djúpalónssand.

Náttúrustofa Vesturlands tók sýni úr fráveituvatni úr helstu frárennslisútrásum við alla stærstu þéttbýlisstaði á Snæfellsnesi, þ.e. Grundarfjörð, Ólafsvík, Rif, Hellissand og Stykkishólm. Niðurstöðurnar er að finna í þremur aðskildum skýrslum frá Náttúrustofunni. Þær teljast þó vart marktækar, þar sem í ljós hefur komið mikið frávik við frekari rannsóknir í Stykkishólmi. Skýrslurnar eru: *Saurgerlar í sjó við*



*Stykkishólm, desember 2001. Saurgerlar í sjó við Ólafsvík, Rif og Hellissand, október 2002. Saurgerlar í sjó við Grundarfjarðarbæ, maí 2003.*

### **2.9.2. Sundlaugar**

Vatnið í sundlauginni í Ólafsvík er hitað með olíukyndingu. Laugin er tæmd og þriffin á fimm vikna fresti. Vatnið er losað í fráveitukerfi bæjarins og því dælt til sjávar. Í lauginni á Lýsuhóli eru einstök vatnsgæði. Þar er heitt ölkelduvatn. Við losun er því hleypt út í fráveitukerfi skólans.

Í Grundarfjarðarbæ er vatnið í sundlauginni einnig hitað með olíukyndingu. Hringrásarkerfi er á vatninu og laugin tæmd í frárennsliskerfið 1-2 sinnum á ári.

Í sundlauginni í Stykkishólmi er jarðhitavatn með ákveðnum græðandi eiginleikum. Vatnið er álitnið mjög gott til heilsubaða. Laugin er tæmd í frárennsliskerfið.

### **2.9.3. Ferskvatnsstjórnun**

Flest sveitarfélögin hafa aðgang að góðu neysluvatni sem í flestum tilvikum kemur úr borholum eða lindum. Hvergi þarf að meðhöndla vatnið til hreinsunar. Borholur eru við stærstu þéttbýlisstaðina. Í dreifbýli verður hver bóndabær/sumarhúsaloð að sjá sér fyrir eigin vatni. Yfirleitt er það gert með því að bora eftir því.

### **2.9.4. Vatnsból**

Í Snæfellsbæ eru vatnsból á eftirtöldum stöðum. Borhola ofan Ólafsvíkur er staðsett í Gerðubergi, nokkru fyrir ofan þorpið. Rennsli er að meðaltali 67 l/sek. Á Hellissandi/Rifi, er borholan í Breið. Rennslið er að meðaltali 43 l/sek. Vatnið á Hellnum er lindarvatn, sem kemur frá uppsprettu Dagverðarár. Vatnið á Arnarstapa kemur úr lind við Hellnahraun. Vatn á bóndabæjum og í sumarhúsum er frá stökum borholum eða lindum. Verið er að kortleggja vatnsauðlindir Snæfellsbæjar og verða vatnsauðlindir Þjóðgarðsins kortlagðar á sama tíma.

Í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli eru vatnsból á eftirtöldum stöðum. Góð borhola er á Gufuskálum, sem einungis er notuð þar. Svæðið sem þjóðgarðurinn Snæfellsjökull nær yfir er annars álitnið þurr svæði, með takmörkuðum möguleikum á að nálgast vatn. Þetta er ein ástæða þess að ekkert tjaldsvæði er innan þjóðgarðsmarka. Vatnið fyrir salerni á Djúpalónssandi er tekið úr lónunum sem þar eru og er ekki drykkjarhæft. Engar lindir hafa fundist á láglandi þjóðgarðsins, einungis neðarlega í hlíðum jökulsins.

Í Grundarfjarðarbær er borhola við Grundará sem þjónar þéttbýliskjarnanum. Holan er 6-8 metra djúp og vatninu er dælt upp á yfirborið og leitt í leiðslum inn í bæinn. Afkastageta veltur á grunnvatnsstöðu. Vatn á bóndabæjum eða í sumarhúsum er frá stökum borholum eða lindum.

Í Helgafellssveit er staða vatnsmála þannig að átta býli fá vatn frá vatnsveitu Stykkishólms. Önnur treysta á lindarvatn eða borholur í nágrenni sínu.

Í Stykkishólmsbæ er vatnsból fyrir þéttbýliskjarnann í Svelgsárhrauni í Helgafellssveit, lindarvatn með inntaksbúnaði fyrir dreifingu. Megin stofnæðin er

notuð til fulls, þegar skelfiskvinnsla er í gangi, svo rætt hefur verið um að byggja safntank til að tryggja viðunandi dreifingu á vatninu. Vatn á bóndabæjum eða í sumarhúsum er frá stökum borholum eða lindum.

Í Eyja- og Miklaholtshrepp er staða vatnsmála þannig að meginuppsprettur vatns eru stakar borholur eða lindir nálægt bæjum. Áætlað er að í sveitarfélaginu séu nægar birgðir vatns til að þjóna mun meiri og þéttari byggð en er núna í Eyja- og Miklaholtshrepp. Ein sameiginleg vatnsleiðsla er í sveitarfélaginu og liggur hún frá Hjarðarfellsbrekkum og flytur vatn til nokkurra bæja meðfram Straumfjarðará og til bæja neðan aðalvegar nr. 54. Leiðslan getur þornað upp í langvarandi þurrkum og við óeðlilega lága grunnvatnsstöðu. Slíkt hefur aðeins gerst einu sinni á síðustu 20 árum.

Árið 2003 stóðust 89% vatnssýna sem tekin voru í sveitarfélögunum fimm gæðakröfur heilbrigðiseftirlits.

### **2.9.5. Áætluð vatnsnotkun**

Við útreikning á eftirfarandi töflu var stuðst við upplýsingar frá tæknifræðingum stærri sveitarfélaganna. Við mat á vatnsnotkun í dreifbýli var stuðst við meðaltalstölur úr öðrum sveitarfélögum sem hafa svipaða skiptingu atvinnugreina, (700 l/mann/dag (iðnaður/fiskvinnsla/landbúnaður innifalið)). Vatnsnotkun sundlaugarinnar í Stykkishólmi er innifalin í tölum þaðan, svo og vatnsnotkun í fisk- og skelvinnslu í öllum bæjunum.

Vatnsnotkun á Snæfellsnesi árið 2003						
Sveitarfélag	lítrar/sek		lítrar/dag		tn/ári	
Snæfellsbær	heild	á íbúa	heild	á íbúa	heild	á íbúa
<b>1.742 íbúar</b>						
Úr brunni	67	0,038462	5.788.800	3.323	2.112.912	1.213
þar af fyrir iðnað						
þar af fyrir íbúa						
Grundarfjarðarbær	lítrar/sek		lítrar/dag		tn/ári	
936 íbúar	heild	á íbúa	heild	á íbúa	heild	á íbúa
Úr brunni	21,8	0,023291	1.883.520	2.012	687.485	734
þar af fyrir iðnað	10	0,010684	864.000	923	315.360	337
þar af fyrir íbúa	11,8	0,012607	1.019.520	1.089	372.125	398
Stykkishólmsbær	lítrar/sek		lítrar/dag		tn/ári	
1.161 íbúar	heild	á íbúa	heild	á íbúa	heild	á íbúa
Úr brunni	60	0,05168	5.184.000	4.465	1.892.160	1.630
þar af fyrir iðnað						
þar af fyrir íbúa						
Önnur (E&M + H)	lítrar/sek		lítrar/dag		tn/ári	
182 íbúar	heild	á íbúa	heild	á íbúa	heild	á íbúa
Úr brunni (áætlað)		0	127.400	700	46.501	256
þar af fyrir iðnað						
þar af fyrir íbúa						
Samtals	lítrar/sek		lítrar/dag		tn/ári	
	heild	á íbúa	heild	á íbúa	heild	á mann
<b>4.021 íbúar</b>			<b>12.983.720</b>	<b>3.229</b>	<b>4.739.058</b>	<b>1.179</b>
<b>4.204 persónuár</b>				<b>3.088</b>		<b>1.127</b>

Tafla 22. Vatnsnotkun á Snæfellsnesi 2003

Til samanburðar eru nokkrar viðmiðunartölur um vatnsnotkun birtar í eftirfarandi töflu. Tölurnar eru fengnar úr ýmsum heimildum sem tengjast Staðardagskrárstarfi í íslenskum sveitarfélögum.

	Lítrar/sólarhring/íbúa
Lágmark Sameinuðu þjóðanna	150
Uppsala	165
Meðaltal fyrir Svíþjóð	180-200
Uppsala, (fyrirtæki meðtalin)	220
Akureyri	358
Bástad	390
Reykjavík, (fyrirtæki meðtalin)	400
Akureyri, (fyrirtæki meðtalin)	716
<b>Snæfellsnes, (fyrirtæki meðtalin)</b>	<b>3.260</b>

Tafla 23. Dæmi um vatnsnotkun á nokkrum stöðum

## 2.10. Notkun hreinsiefna

Staðlar Green Globe 21 gera kröfu um að notkun hreinsiefna sé mæld. Í þeim tölum sem upp eru gefnar þarf að skilgreina hversu mikið af þeim hreinsiefnum sem sveitarfélögin nota eru niðurbrotanleg í náttúrunni. Eftirfarandi tafla sýnir notkun hreinsiefna á Snæfellsnesi árið 2003. Til einföldunar er hér gert ráð fyrir að umhverfismerkt efni sé jafnframt niðurbrotanlegt – og öfugt.

Notkun hreinsiefna í sveitarfélögunum á Snæfellsnesi 2003											
	Gólfþvott litr	Handþvott litr	Þvottaefni kg	Uppþv. lögur litr	Klór litr*	Annað stk**	Baðþvott litr	Klortóflur sundl stk***	Hreinsiefni sundl litr	Alhlíða hrein. efni litr	Hreinsispritt litr
<b>Snæfellsbær:</b>											
Kríuból - leikskóli	28	10	4	10		9				10	
Krílakot - leikskóli	35	15	8	15	5	8				8	
Grunnskóli Hellissandi	20	5	6	2		15				20	
Grunnskóli Lýsuhóli	5	3	1	8		2	20			5	
Grunnskóli Ólafsvík	40	5		2	10	10				8	
Íþróttahús Ólafsvík	20	5	10	2	10	8	20			4	
Sundlaug Ólafsvík	37	10	5	2	3	2	3100	240		3	
Áhaldahús	10	11	2	10	5	7	10			25	
Jaðar - elliheimili	40	9	80	35	5	13	10			7	
WC hreinsir Jaðar						17					
Sóttgreinir Jaðar											3
Sóttgreinir Jaðar											40
<b>Samtals:</b>	<b>235</b>	<b>73</b>	<b>116</b>	<b>86</b>	<b>38</b>	<b>91</b>	<b>3160</b>	<b>240</b>	<b>90</b>	<b>43</b>	
<b>Stykkishólmsbær:</b>											
Ráðhús	12	6		3		4,8					
Leikskóli	30	12	36	18		25,2					
Grunn- og tónlistarskóli	75	26		11	5,3	4,2					
Íþróttamiðstöð	60	480	40	5	14000	30					70
Egilshús	3,6	2,4									
Hafnarvog											
Áhaldahús	3	6		1							
Dvalarheimili		29	90		8	27,5					45
<b>Samtals:</b>	<b>184</b>	<b>561</b>	<b>166</b>	<b>38</b>	<b>14.013</b>	<b>92</b>					<b>115</b>

<b>Grundarfjarðarbær: - áætlaðar tölur = 80.6% af notkun Stykkishólmsbæjar</b>										
Ráðhús	9,7	4,8		2,4		3,8				
Leikskóli	24	9,6	29	14,5		20,3				
Grunnskólinn	60,4	20,1		8,9	4,2	3,4				
Íþróttamiðstöð	48	387	32,2	4	11284	24				56,4
Áhaldahús	2,4	4,8		0,8						
Dvalarheimili		23,3	72,5		6,4	22,1				36,2
<b>Samtals:</b>	<b>145</b>	<b>450</b>	<b>134</b>	<b>31</b>	<b>11.295</b>	<b>74</b>				<b>93</b>
<b>Helgafellssveit - áætlað</b>										
Félagsheimili	4	4	4	4						
<b>Eyja- og Miklah.hr - áætlað</b>										
Félagsheimili	4	4	4	4						
<b>Samtals:</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>8</b>						
<b>Samtals hjá öllum:</b>	<b>571</b>	<b>1.092</b>	<b>424</b>	<b>163</b>	<b>25.346</b>	<b>256</b>	<b>3.160</b>	<b>240</b>	<b>90</b>	<b>251</b>
<b>Samals í lítrum (áætlað)</b>	<b>571</b>	<b>1.092</b>	<b>424</b>	<b>163</b>	<b>25.346</b>	<b>64</b>	<b>3.160</b>	<b>43</b>	<b>90</b>	<b>251</b>
<b>Þar af umhverfismerkt (%)</b>	<b>0,01</b>	<b>0,00</b>	<b>0,00</b>	<b>0,00</b>	<b>0,00</b>	<b>0,00</b>	<b>0,00</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0,00</b>

Efni sem brotna niður í náttúrunni (umhverfismerkt) eru í skyggðum reitum
*Líklega Natríumhýpóklórít (í 10-15% styrk í lausn, best þekkt sem bleikiklór (NaOCl))
** „Annað“ eru stakar pakkningar af sápu o.þ.h. sem keypt var í verslunum, svo sem Ajax, Windex, salernishreinsir o.s.frv. – áætluð meðalstærð 250 ml á einingu
***200 g klórtöflu, 90% klór => 200x90%= 180 g af klór (líklega (Ca(OCl)2) í hverri töflu

Tafla 24. Notkun hreinsiefna á Snæfellsnesi 2003

Eins og lesa má úr töflu 24 keyptu sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi samtals 31.203 lítra af hreinsiefnum á árinu 2003 (að hluta til áætlað). U.þ.b. 80% af þessu magni var klór fyrir sundlaugarnar á svæðinu. Aðeins 5 lítrar (0,016%) af heildinni var umhverfismerktur, (skoðað sem niðurbriótanlegt í þessu tilviki).

## 2.11. Landnýting

Samkvæmt lögum nr. 73/1997 um skipulags- og byggingarmál, ber öllum sveitarstjórnnum að vinna aðalskipulag fyrir allt land innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags og er í því sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa unnið eða eru að vinna að gerð aðalskipulags.

### Snæfellsbær

Aðalskipulag fyrir Snæfellsbæ hefur verið unnið og liggur það frammi á skrifstofu sveitarfélagsins á Hellissandi.



### **Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull**

Allt land innan þjóðgarðsins er friðlýst og verndað til útivistar og náttúruskoðunar. Í augnablikinu eru ekki fyrirhugaðar neinar byggingarframkvæmdir innan hans utan almenningssalerni og aðstöðu í kringum þau. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvar þau verða staðsett.

### **Grundarfjarðarbær**

Aðalskipulag fyrir Grundarfjarðarbæ hefur verið unnið og liggur það frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Grundarfirði.

### **Helgafellssveit**

Verið er að vinna að aðalskipulagi fyrir Helgafellssveit. Meirihluti ræktanlegs lands innan sveitarfélagsins er notað undir landbúnað.

### **Stykkishólmsbær**

Aðalskipulag fyrir Stykkishólmsbæ hefur verið unnið og liggur það frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Stykkishólmi. Stykkishólmsbær á mjög lítið land, einungis endann á Þórsnesi. Þó eru enn um 18,4 ha af óskipulögðu landi innan marka sveitarfélagsins.

### **Eyja- og Miklaholtshreppur**

Aðalskipulag fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp er í vinnslu og er reiknað með að því verði lokið fyrir árslok 2005. Stefna um landnotkun hefur ekki verið sett fram. Megnið af bæjum í hreppnum eru í einkaeign, fyrir utan nokkra hektara sem sveitarfélagið á.

## **2.12. Verndun vistkerfa**

Allt frá því svæðið kringum Búðir var verndað með reglugerð árið 1977 og gert að friðlandi og fram til dagsins í dag hefur verið unnið nokkuð skipulega að verndun ákveðinna landsvæða á Snæfellsnesi. Áætlað er að núverandi verndarsvæði nái yfir 207 km<sup>2</sup> af þeim 1475 km<sup>2</sup> lands sem sveitarfélögin fimm ná yfir, eða samtals um 14% af landsvæðinu í heild. Vera má að verndarsvæðið sé í raun mun stærra og ræðst það af reikningsaðferðum sem beitt er við útreikning á strandlengjunni á norðanverðu Snæfellsnesi en fjaran sjálf fellur undir verndaráætlun Breiðafjarðar. Við þennan útreikning var gert ráð fyrir að hin friðaða strandlengja væri 10 metra breið og um 200 km löng – og því um 2 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Nánari lýsing á friðuðum svæðum á Snæfellsnesi fer hér á eftir:

Búðahraun og Búðir í sunnanverðum Snæfellsbæ hafa verið friðland síðan árið 1977. Áætlað er að á þessu svæði sé að finna um 130-150 tegundir plantna yfir sumarmánuðina og er vaxtarstaður sumra þeirra alfarið bundinn við svæðið.

Strandlengjan frá Arnarstapa til Hellna, einnig í sunnanverðum Snæfellsbæ, hefur verið friðland frá því árið 1979. Sama gildir um gíginn Bárðarlaug og svæðið umhverfis hann. Samanlagt er áætlað að allir þessir staðir, þ.m.t. Búðahraun, nái yfir um 30 km<sup>2</sup> svæði.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull nær yfir 170 km<sup>2</sup> lands (af þeim 680 km<sup>2</sup> sem Snæfellsbær nær yfir) og er allt svæðið friðað.

Eyjarnar á Breiðafirði og strandlengjan á norðanverðu Snæfellsnesi eru friðlýst samkvæmt lögum nr. 54/1995, þ.m.t. fjaran upp að stórstraumsflæðarmáli frá Vallabjargi að Álftafirði. Samanlagt er áætlað að strandlengjan og eyjarnar í Breiðafirði sem falla undir Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ nái yfir 7 km<sup>2</sup> landsvæði. Þar af er gert ráð fyrir að eyjarnar séu um 5 km<sup>2</sup> og strandlengjan um 2 km<sup>2</sup> eins og fram hefur komið.

Loks má geta þess að nokkuð af landi innan Helgafellssveitar er friðað þannig að gróður geti jafnað sig eftir of mikla beit húsdýra. Þetta land er ekki talið með í áætluðum stærðum hér að framan.

Öll mannvirkjagerð sem nær inn á friðlýst svæði, er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Engin heildræn verndaráætlun hefur verið sett fram fyrir neitt af sveitarfélögunum á Snæfellsnesi. Hins vegar er verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul í vinnslu og er áætlað að hún verði tilbúin árið 2005.

### **2.13. Aðgengi að Snæfellsnesi**

Ýmsar breytingar hafa orðið á samgöngumálum Snæfellinga á undanförunum árum og hafa þær haft áhrif á aðkomuleiðir til sveitarfélaganna. Ekki eru ýkja mörg ár síðan treyst var á reglubundið flug til Stykkishólms og Rífs. Með tilkomu Hvalfjarðarganga og fleiri vega með bundnu slitlagi, svo og aukinni bílæign landsmanna hefur áætlunarflugi verið hætt og flestir koma nú akandi til Snæfellsness.

#### **2.13.1. Vegir**

Aðalaðkomuleiðin að Snæfellsnesi liggur um þjóðvegakerfi landsins. Frá Reykjavík (og millilandaflugvellingum í Keflavík) liggur þjóðvegur 1 til Borgarness. Við hringtorg rétt norðan við Borgarnes er beygt til vinstri inn á veg 54 sem liggur út á Snæfellsness. Tengir hann saman sveitarfélögin fimm með hringvegi sem liggur eftir suðurhluta Nessins, yfir Fróðárheiði til norðurs og eftir norðurhlutanum alveg austur að Vestfjarðavegi 60. Hringvegurinn er tengdur við veg 56, Vatnaleið. Megnið af þessum vegum eru malbikaðir, utan nokkurra kílómetra hér og þar. Áætlað er að innan 10 ára verði allir þessir vegir orðnir malbikaðir.

Aðrir vegir innan sveitarfélaganna eru:

#### **Snæfellsbær**

- a. Útnesvegur 574, tengir saman suður og norður hluta Snæfellsbæjar, með vegi sem liggur gegnum þjóðgarðinn. Af þessum 60 km langa vegi eru um 25 km enn malarvegir.
- b. Jökulhálsvegur F570 er skilgreindur sem sumarvegur (aðallega ætlaður fyrir ferðamenn). Hann er venjulega aðeins opinn frá miðjum eða síðari hluta júnímánaðar fram í september eða byrjun október, eftir árferði.
- c. Gönguleiðin milli Arnarstapa og Hellna er merkt.
- d. Flestar aðrar gönguleiðir eru ómerktar, þótt hægt sé að lesa þær úr landslaginu.
- e. Sumar gönguleiðir í Snæfellsbæ hafa einnig verið notaðar sem reiðleiðir.

#### **Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull**

- a. Aðgengi að þjóðgarðinum er bæði úr suðri og norðri um Útnesveg, nr. 574.

- b. Ellefu merktar/stikaðar gönguleiðir eru innan þjóðgarðsins, sem og margar leiðir sem auðvelt er að finna, en hafa ekki verið stikaðar.
- c. Reiðleiðir hafa ekki verið merktar, en a.m.k. ein leið hefur verið skilgreind og kortlögð.
- d. Engir hjólreiðastígar eru innan þjóðgarðs.

#### **Grundarfjarðarbær**

- a. Vegur nr. 576, Framsveitarvegur, malarvegur með aukinni umferð vegna golfvallarins á Suður-Bár.
- b. Ein reiðleið – líka notuð sem gönguleið.
- c. Engar aðrar gönguleiðir hafa verið merktar.

#### **Helgafellssveit**

- a. Vegur nr. 577, Helgafellssveitarvegur, liggur gegnum hluta af dreifbýlinu í sveitarfélaginu.
- b. Engar gönguleiðir hafa verið merktar.

#### **Stykkishólmsbær**

- a. Vegur nr. 58, Stykkishólmsvegur, liggur frá vegi nr. 54, niður að bænum. Vegurinn er malbikaður.
- b. Tvær mjög góðar gönguleiðir innan bæjarmarkanna eru merktar, Grensás og Vík.
- c. Ein reiðleið er merkt sem líka er notuð sem gönguleið
- d. Engar hjólareiðaleiðir er í sveitarfélaginu.

#### **Eyja- og Miklaholtshreppur**

- a. Aðalvegur hér er vegur nr. 54 og öll umferð að sunnan til hinna sveitarfélaganna, liggur í gegnum þetta sveitarfélag.
- b. Vegur nr. 567, Kolviðamesvegur, og vegur nr. 568, Miklaholtsvegur, eru tengivegir fyrir dreifbýlissvæðin. Báðir eru malarvegir.

#### **2.13.2. Hafnir**

Flestar hafnirnar á Snæfellsnesi eru fiskiskipahafnir, en ferðamenn hafa aðgang að Snæfellsnesi í gegnum tvær hafnir.

#### **Stykkishólmshöfn**

Ferjan Baldur fer þaðan tvisvar á dag yfir sumartímann. Hún flytur farþega yfir fjörðinn, annað hvort til Flateyjar, (aðeins sem viðkomustaður), eða til Brjánslækjar, þar sem þeir halda áfram til Vestfjarða. Farþegaflutningar frá ársbyrjun og fram til 1. des. 2003 voru **30.194 farþegar**.

#### **Grundarfjarðarhöfn**

Þangað komu níu skemmtiferðaskip sumarið 2003 og fluttu með sér **2.580 farþega**. Í áhöfn skipanna voru 1.240 manns.

#### **2.13.3. Flugvellir**

Enginn flugvöllur á Snæfellsnesi er starfræktur fyrir reglulegt farþegaflug. Sumir þeirra eru notaðir fyrir minni flugvélar þegar ferðamenn leigja þær og fljúga frá Reykjavík við sérstök tækifæri.

### **Snæfellsbær**

- a. **Flugvöllur á Rifi.** Ekki í opinberri notkun, en oft notaður af ferðamönnum sem vilja fara á Snæfellsjökul. Snjófell (sem rekur jöklaferðir) nær í farþega á Rif og flytur þá aftur til baka eftir ferð upp á topp jökulsins.
- b. **Flugbraut á Dagverðará.** Aðeins nothæf fyrir mjög litlar flugvélar. Notuð nokkrum sinnum á hverju sumri.

### **Grundarfjarðarbær**

- a. **Flugbraut við Grundarfjörð.** Aðeins nothæf fyrir mjög litlar flugvélar.

### **Stykkishólmsbær**

- a. **Flugvöllur við Stykkishólm.** Ekki í opinberri notkun, en nothæfur fyrir smærri flugvélar.

#### **2.13.4. Aðgengi erlendra ferðamanna að Snæfellsnesi/Íslandi:**

Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá ýmsum aðilum er að flugrekstri koma er áætlað að við lok ágúst 2003 hafi skiptingin milli flugfélaga í farþegaflugi, sem komu á Keflavíkurflugvöll og Egilsstaðaflugvöll, miðað við fjölda farþega verið:

Icelandair.....	63,0%
Iceland Express .....	11,5%
Leiguflug.....	25,5%

Iceland Express hóf starfsemi sína í mars 2003 og áætlað er að frá þeim tíma, til loka október, hafi skiptingin milli farþegaflutnings flugfélaganna verið:

Icelandair.....	61,6%
Iceland Express .....	11,9%
Leiguflug.....	26,5%

Áætlað er að heildarfjöldi ferðamanna árið 2003 verði um 315.000 manns. Það er 17% aukning frá árinu 2002, og 85% þeirrar aukningar má tengja ódýrari fargjöldum Iceland Express og þeim fjölda farþega sem það hefur flutt til landsins.

Þá er áætlað að um 4.000 farþegar komi árlega til landsins með ferjunni Smyrli sem tekur farþega í Noregi, Danmörku og Skotlandi, auk Færeyja. Margir dvelja allt að fjórum vikum, keyra um landið og gista aðallega á tjaldsvæðum.

Margir þeirra ferðamanna sem koma til Snæfellsness eru Þjóðverjar og meirihluti þeirra kemur með leiguflugi. Þessi ferðamáti til landsins getur einnig átt við um hluta af þeim Frökkum sem hingað koma. Þeir geta keyrt yfir landamærin til að komast í flug í Þýskalandi.

#### **2.13.5. Merkingar**

Vegagerð ríkisins ber ábyrgð á merkingum meðfram öllum aðalvegum á Íslandi. Ákveðnar reglur gilda um þessar merkingar. Meginreglan sem fylgt er við merkingar á þéttbýliskjörnum er að á vegamótum er merktur stærsti kjarninn og/eða sá þéttbýliskjarni sem er lengst í burtu. Flest stærri vegamót hafa líka stór merki sem

gefa til kynna fjarlægð til eins eða fleiri þéttbýliskjarna. Núna eru einnig flestir hliðarvegir og vegamót merkt með skiltum sem Vegagerð ríkisins sér um að setja upp.

Í skoðanakönnun sem unnin var af Iðntæknistofnun og ferðaþjónustuaðilum í Snæfellsbæ, í tengslum við verkefnið „*Ferðaþjónusta á norðlægum slóðum*” (*Tourism in the Arctic*), var eitt af umkvörtunarefnum ferðamanna að öll merki væru á íslensku.

### **Snæfellsbær**

- a. Allar götur innan þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu eru merktar.
- b. Snemma á þessu ári gerði Snæfellsbær, ásamt Vegagerð ríkisins, úttekt á öllum merkingum í sveitarfélaginu. Í skýrslunni eru upplýsingar um öll skilti sem eru heil og í góðu ástandi og listi yfir skilti sem annað hvort þarf að skipta um eða setja upp, til að ástand skiltanna sé viðunandi.
- c. Búið er að raða verkefnum í ákveðna framkvæmdaröð, en enn er ekki farið að vinna eftir henni – þar sem fjármagn vantar.
- d. Framfarafélag Snæfellsbæjar, sunnandeild, fjármagnaði 14 skilti sem sett voru upp s.l. sumar, með aðstoð frá landvörðum, meðfram gönguleiðinni frá Arnarstapa til Hellna og á Hellnum.

### **Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull**

- a. Öll helstu vegaskilti eru við veg 574, sem og skilti sem sýna tvær gamlar gönguleiðir.
- b. Á nokkrum stöðum eru skilti með örnefnum.
- c. Stórt upplýsingaskilti er á Djúpalónssandi og svipað skilti verður sett upp í Dritvík næsta vor.
- d. Aðkomuskilti við friðlöndin á Hellnum, Arnarstapa og Búðum voru sett upp síðastliðið sumar, sem og upplýsingaskilti um fánu og flóru svæðanna.
- e. Fleiri skilti með upplýsingum um gönguleiðir, jarðfræði og sögu verða sett upp vorið 2004.

### **Grundarfjarðarbær**

- a. Öll aðalskilti eru við veg 54.
- b. Við báðar aðkomuleiðir inn í bæinn eru kort af Grundarfirði með alþjóðlegum táknum fyrir þjónustu innan bæjarmarkanna.
- c. Innan bæjarmarkanna eru nokkur skilti sem gefa til kynna þjónustu sem er í boði.
- d. Allar götur innanbæjar eru merktar.

### **Helgafellssveit**

- a. Öll upplýsingaskilti við veg 54.
- b. Kort og skilti eru á öllum vegamótum og hjá öllum bæjum. Getur varla verið betra.



### **Stykkishólmsbær**

- a. Allar götur innanbæjar eru merktar.
- b. Skilti með korti af svæðinu og upplýsingum um þjónustu í Stykkishólmi er við vegamót vega 58 og 54. Vegagerð ríkisins setti það upp, sem þjónustu við þá sem koma á nesið með ferjunni Baldri og um veg 54 frá austri.
- c. Skilti með gatnakorti af Stykkishólmsbæ er við veginn þegar komið er inn í bæinn.

### **Eyja- og Miklaholtshreppur**

- a. Skilti með korti af Snæfellsnesi er við vegamót 54 og 56 á Vegamótum.

## **2.14. Lög og reglugerðir**

Starfsemi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi er háð fjölmörgum lögum, reglugerðum og reglum, meðal annars um stjórnýslu og um framkvæmd einstakra þátta í lögbundinni og valkvæðri starfsemi þessa stjórnýslustigs. Á sama hátt þurfa einstök fyrirtæki í ferðaþjónustu að fara eftir ákveðnum lögum og reglum og hafa leyfi fyrir starfsemi sinni. Slík leyfi er ýmist veitt af stofnunum ríkisins eða sveitarstjórnanna.

Helstu lög sem varða starfsemi sveitarfélaga eru eftirtalin:

- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
- Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998
- Stjórnýslulög nr. 37/1993
- Vatnalög nr. 15/1923
- Lög nr. 94/1962 um almannavarnir
- Lög nr. 50/1976 um almenningubókasöfn
- Lög nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir
- Lög nr. 21/1990 um lögheimili
- Lög nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu
- Lög nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga
- Barnalög nr. 20/1992
- Lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðra
- Lög nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi
- Lög nr. 21/1993 um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál
- Hafnalög nr. 23/1994
- Lög nr. 78/1994 um leikskóla
- Lög nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög
- Lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga
- Lög nr. 66/1995 um grunnskóla
- Lög nr. 17/1996 um gatnagerðargjald
- Upplýsingalög nr. 50/1996
- Lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnaenda grunnskóla
- Lög nr. 80/1996 um framhaldsskóla
- Lög nr. 73/1997 um skipulags- og byggingarmál
- Lög nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis

- Lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur
- Lög nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál
- Áfengislög nr. 75/1998
- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd
- Lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra
- Lög nr. 94/2001 um opinber innkaup
- Lög nr. 104/2001 um húsafriðun
- Þjóðminjalög nr. 107/2001
- Girðingarlög nr. 135/2001
- Barnaverndarlög nr. 80/2002
- Lög nr. 96/2002 um útlendinga
- Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Auk framanskráðra laga er starfsemi sveitarfélaga háð fjölmörgum reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

Um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul gilda ákvæði 51. og 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og ákvæði reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Lögreglan framfylgir reglum um veiðar (fugla, refa, minka) í þjóðgarðinum, og landverðir fylgjast með því að farið sé að settum reglum yfir sumartímann.

Mörg þeirra laga sem hér hafa verið talin upp gilda jafnframt, eftir því sem við getur átt, um starfsemi einstakra ferðaþjónustufyrirtækja og athafnir ferðaþjónustunnar í heild. Auk þess má í þessu sambandi nefna eftirtalin lög:

- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Lög nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði
- Umferðarlög nr. 50/1987
- Samkeppnislög nr. 8/1993
- Lög nr. 15/1994 um dýravernd
- Lög nr. 80/1994 um alferðir
- Lög nr. 117/1994 um skipulag ferðamála
- Lög nr. 145/1994 um bókhald
- Lög nr. 73/2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi
- Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir

Auk framanskráðra laga er starfsemi og athafnir ferðaþjónustunnar háð fjölmörgum reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, svo og starfsleyfum af ýmsu tagi. Þar má nefna leyfi frá samgönguráðuneytinu til að reka ferðaskrifstofu, leyfi sýslumanns til veitingareksturs, vínveitingaleyfi og starfsleyfi heilbrigðiseftirlits og Vinnueftirlitsins.

## 2.15. Auðlindir ferðapjónustu á Snæfellsnesi

Kannanir Ferðamálaráðs Íslands hafa leitt í ljós að ríflega 90% ferðamanna sem koma til landsins, koma til að upplifa og sjá náttúruna og njóta fjölbreytileika hennar. Hluti af þeirri upplifun er að njóta einhvers sem fæst önnur lönd bjóða upp á, þ.e. fámenni og víðfeðm óbyggð svæði.

Helstu auðlindir ferðapjónustu á Snæfellsnesi má flokka á eftirfarandi hátt. Rétt er að geta þess að Snæfellsnes býður upp á ótal fleiri náttúruþyrirbæri og staði en tilgreindir eru hér.

### Stórfenglega falleg náttúra og jarðfræði

- a. Snæfellsjökull í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- b. Breiðafjarðareyjar
- c. Eldgígar og fjöll víða á Nesinu
- d. Arnarstapi og Hellnar, friðlandið meðfram ströndinni
- e. Djúpalónssandur og Dritvík í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- f. Búðir og Búðahraun, friðlandið
- g. Kirkjufell við Grundarfjörð
- h. Drápuhlíðarfjall sunnan Stykkishólms
- i. Lónrangan og Malarrif í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- j. Fuglabjörg, t.d. Þúfubjarg og Saxhólsbjarg í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- k. Öndverðarnes og Skarðsvík í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- l. Svartar og hvítar strendur

### Vilt dýralíf

- a. Hvalir og höfrungar (ferðir frá Ólafsvík)
- b. Fuglar (t.d. haförn, lundi, aðrir sjófuglar og vaðfuglar)
- c. Heimskautarefur
- d. Útselur og landselur

### Þjóðsögur og yfirnáttúruleg fyrirbrigði

- a. Snæfellsjökull í Þjóðgarðinum Snæfellsjökull
- b. Baulárvallavatn á mörkum Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps

### Sögustaðir

- a. Helgafell í Helgafellssveit
- b. Hofsstaðir og Þingvellir í Helgafellssveit
- c. Írskibrunnur í Snæfellsbæ
- d. Fiskbyrgin í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- e. Gamli bærinn í Stykkishólmi
- f. Bjarnarhöfn í Helgafellssveit
- g. Laugarbrekka í Snæfellsbæ
- h. Gamli Grundarfjarðarkaupstaður í Grundarfjarðarbæ

### Afþreying

- a. Hestaferðir á íslenska hestinum t.d. á sandinum á Löngufjörum
- b. Heit böð í Stykkishólmi og í Lýsuhólslaug í Snæfellsbæ
- c. Stangveiðar víða á Snæfellsnesi
- d. Margar fallegar gönguleiðir
- e. Snjósleða- og skíðaferðir á Snæfellsjökul.

- f. Bataferðir með skoðunarbátum, kajak eða ferju.
- g. Hátíðirnar: *Góðar dagar í Grundarfirði, Danskir dagar í Stykkishólmi og Færeyskir dagar í Ólafsvík*

Framangreindar auðlindir gætu gert útslagið þegar ferðamenn eru að skipuleggja ferð til Snæfellsness. Þeir gætu í leiðinni heimsótt marga aðra staði, bæi, söfn o.fl. en líklegt er að eitt eða fleiri af ofangreindum þáttum hafi í upphafi dregið þá á svæðið.

## 2.16. SVÓT greining á Snæfellsnesi

Eftir að hafa gert stöðumat á fjölda þátta er koma að ferðapjónustu og sjálfbærri þróun á Snæfellsnesi sýnir SVÓT greining fram á eftirfarandi styrkleika og veikleika svæðisins. Jafnframt eru ógnanir og tækifæri tilgreind.

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> <li>a. Jökullinn</li> <li>b. Fuglalíf</li> <li>c. Sjálfbær vistvæn ferðapjónusta</li> <li>d. Góð þjónusta</li> <li>e. Hvalaskoðun</li> <li>f. Gönguferðir</li> <li>g. Hestaferðir</li> <li>h. Þjóðgarðurinn</li> <li>i. Söguminjar</li> <li>j. Golf</li> <li>k. Snjóbílaferðir á topp jökulsins</li> <li>l. Ölkelduvatn (Lýsuhóll)</li> <li>m. Sportveiðar</li> <li>n. Selir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>a. Skortur á salernum</li> <li>b. Engin gönguleiðakort</li> <li>c. Ómerktar gönguleiðir</li> <li>d. Almenningsamgöngur ónógar</li> <li>e. Slæmir vegir</li> <li>f. Ekki nægilegar upplýsingar á Netinu</li> <li>g. Vegaskilti aðeins á íslensku</li> <li>h. Skortur á upplýsingum um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul</li> <li>i. Tjaldsvæðin og þjónustan sem veitt er á þeim</li> <li>j. Snjóbílaferðir og jeppar á Jöklinum</li> <li>k. Slæm þjónusta</li> <li>l. Brotajárn og annað sorp í umhverfinu</li> <li>m. Skortur á minjagripum af svæðinu</li> <li>n. Fólk í ferðapjónustu er ekki að vinna sína heimavinnu</li> <li>o. Illa farnar gönguleiðir</li> <li>p. Hótel Hellissandur, eitt stærsta hótelið á svæðinu tók ekki þátt í könnunni</li> </ul>
Tækifæri	Ógnanir
<ul style="list-style-type: none"> <li>a. Gott veður</li> <li>b. Bættar almenningsamgöngur</li> <li>c. Betri vegir</li> <li>d. Markaðstækifæri</li> <li>e. Stjórnmalalegt umhverfi</li> <li>f. Tækni</li> <li>g. Rannsóknir á hellum á svæðinu</li> <li>h. Brotajárn – búa til safn úr því</li> <li>i. Selasafn</li> <li>j. Sjávarsafn í Ólafsvík</li> <li>k. Samvinna á stærri skala</li> <li>l. Útbúa sameiginlegan upplýsingabækling fyrir Snæfellsnes, sem þjónar svæðinu til lengri tíma</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>a. Slæmt veður</li> <li>b. Fyrirhugaður Vatnajökulsþjóðgarður</li> <li>c. Samkeppni við önnur svæði</li> <li>d. Almenningsamgöngur (ónógar/rangar upplýsingar)</li> <li>e. Skortur á vinnuafli yfir sumarmánuðina</li> <li>f. Stjórnmalalegt umhverfi</li> <li>g. Dauðar kríur nálægt varpsvæðum</li> <li>h. Markaðsmál of ómarkviss</li> </ul>

Tafla 25. SVÓT greining á Snæfellsnesi



### 3. Sjálfbærnistefna Snæfellsness

Í byrjun árs 2004 samþykktu allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir eftirfarandi sjálfbærnistefnu fyrir Snæfellsnes. Stefnan hafði áður verið afgreidd í stýrihópi Snæfellsnesverkefnisins 28. nóvember 2003.

#### *Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti*

Snæfellsnes er í fararbroddi í svæðisbundnu starfi að sjálfbærri þróun á Íslandi. Í samræmi við þetta hafa sveitarfélögin Stykkishólmsbær, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur, svo og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull sett sér þessa sameiginlegu stefnu um sjálfbæra þróun með sérstaka áherslu á umhverfisvæna ferðaþjónustu á svæðinu. Stefnan hefur verið formlega samþykkt af öllum viðkomandi sveitarstjórnunum og ráðgjafanefnd Þjóðgarðsins og kynnt fyrir íbúum. Stefnan verður endurskoðuð árlega.

**Lög, reglur og alþjóðlegar samþykktir:** Stefna Snæfellsnes tekur jafnan mið af innlendum og alþjóðlegum samþykktum og áætlunum um málefni sjálfbærrar þróunar, auk þess sem fylgt er ákvæðum allra annarra laga, reglugerða, samninga og annarra samþykktá sem varða þessa þætti. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi taka sérstaklega mið af siðareglum WTO (World Tourism Organisation's Code of Ethics for Tourism) í stefnumótun sinni.

**Fyrirbyggjandi aðgerðir:** Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, einstaklinga, samtök og stofnanir á svæðinu, svo og aðra viðskiptaaðila til að fylgja því fordæmi.

**Stöðugar úrbætur:** Á Snæfellsnesi er unnið að stöðugum úrbótum í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti, með sérstakri áherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins. Unnið er skipulega að árlegum úrbótum á þáttum sem ekki standast viðmið Green Globe 21 um bestu frammistöðu (Green Globe 21 Best Practice Level) og vöktun og tryggingu þeirra þátta sem þegar standast sömu viðmið.

**Lykilhlutverk:** Sveitarfélögin á Snæfellsnesi stuðla að ábyrgri þátttöku og bættri frammistöðu fyrirtækja, einstaklinga, samtaka, stofnana og stjórnvalda í öllu því sem lýtur að sjálfbærri þróun svæðisins, með sérstakri áherslu á lykilhlutverk ferðaþjónustunnar hvað þetta varðar.

**Heimafengnar auðlindir:** Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leitast við að nýta vinnuafli, vörur og þjónustu af svæðinu.

**Samræmi og samráð:** Á Snæfellsnesi er beitt samræmdum og þverfaglegum aðferðum til að ná framúrskarandi árangri í umhverfis- og félagsmálum. Haft er stöðugt samráð við almenning á svæðinu um aðgerðir í þessum tilgangi.

**Miðlun upplýsinga:** Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leggja áherslu á greiða miðlun upplýsinga og opin skoðanaskipti við alla hagsmunaaðila um starf sveitarfélaganna að sjálfbærri þróun. Í samræmi við þetta birta sveitarfélögin í sameiningu árlega skýrslu um þetta starf.

**Staðardagskrá 21:** Sveitarfélögin á Snæfellsnesi vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að uppbyggingu og eftirfylgni langtímaáætlunar um sjálfbæra þróun, Staðardagskrár 21, í samræmi við samþykktir Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992.

## 4. Stefna í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála til ársins 2015

Um það leyti sem hafist var handa við forvinnu vegna vottunar Green Globe 21 á Snæfellsnesi gaf Samgönguráðuneytið úr skýrsluna: „Íslensk ferðaþjónusta – framtíðarsýn“. Stýrihópur Snæfellsness tók fegins hendi á móti þeirri línu sem ráðuneyti ferðamála hafði lagt með þessari skýrslu. Við mótun **Stefnu Snæfellsness í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála til ársins 2015** var stuðst við sömu kaflaheiti og í skýrslu Samgönguráðuneytisins, en að sjálfsögðu aðlagði stýrihópurinn stefnumótunina að staðháttum á Snæfellsnesi.

**Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála til ársins 2015** birtist í heild sinni í þessum kafla, en aðalatriði stefnunnar endurspeglast í eftirfarandi stefnuyfirlýsingu:

### Stefnuyfirlýsing

Snæfellsnes er í fararbroddi í umhverfisvænni ferðaþjónustu á Íslandi. Áhersla sveitarfélaganna á Nesinu á sjálfbæra þróun í umhverfis- og samfélagsmálum er eitt mikilvægasta gæðatákn framtíðar. Til að undirstrika þessa áherslu og viðhalda henni leitar Snæfellsnes eftir vottun frá alþjóðasamtökunum **Green Globe 21**.

Á Snæfellsnesi er sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við nýtingu náttúrunnar og við alla ákvarðanatöku varðandi efnahagslega, menningarlega og félagslega þætti.

## 4.1. Ímynd og sérstaða Snæfellsness

### Lykilatriði:

- Snæfellsnes í fararbroddi í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála með aðaláherslu á ferðaþjónustu
- Snæfellsnes vottað af Green Globe 21
- Vönduð þjónusta, gistaðstaða og afþreyingarmöguleikar
- Skýr heildarímynd Snæfellsness
- Dulmögnuð náttúra og umhverfi á Snæfellsnesi



Mynd 2. Snæfellsjökull er ímynd Snæfellsness og aðdráttarafl

Hinn dulmagnaða Snæfellsjökull ber við himinn hvort sem horft er til Snæfellsness frá landi eða sjó. Einn trónir þessi formfagri og stakstæði jökull á enda hins níutíu kílómetra langa fjallgarðs sem liggur eftir Snæfellsnesinu og rís þar hátt yfir önnur fjöll upp í 1446 metra hæð. Hvort sem hann er sveipaður ljóma sólarbirtunnar að degi til eða logagyllum geislum kvöldsólarinnar, hefur Jökullinn seiðmögnuð áhrif á þann sem á hann horfir og ósjálfrátt á hann sér þá ósk heitasta að komast nær honum, skynja orkuna frá honum, umvefja sig dulmagni hans og kannski ná að komast á efsta tind hans. Snæfellsjökull beinlínis laðar fólk til sín.

Þegar ferðamaðurinn er svo kominn á Snæfellsnes er það ekki bara Jökullinn sem fangar hug hans því þar tekur á móti honum undraveröld ótal náttúrulegra fyrirbæra sem gera för hans um Nesið að hreinu ævintýri. Eitt af einkennum Snæfellsness er

hversu gott aðgengi er að náttúrunni þar. Viðast hvar er stutt milli fjalls og fjöru og upp frá sérstæðum og mismunandi litum sandfjörum rísa formfögur og hrikaleg fjöll með skýra jarðfræðilega sögu. Þrjár megineldstöðvar eru á Snæfellsnesi, en landmótunarsagan sést hvað skýrast við Setbergseldstöðina. Víða á Nesinu er að finna ölkelduvatn bæði heitt og kalt og vestast á því ganga há og stórbrotin björg í sjó fram í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Hann er eini þjóðgarður landsins sem nær að sjó og geymir minjar um langa og merkilega útgerðarsögu. Ótal gosgíga og hraunbreiður er að finna á Snæfellsnesi sem hafa runnið á mismunandi tímum og í þeim eru víða hellar. Eyjarnar á Breiðafirði eru eitt af undrum Íslands en þar og víða annars staðar er tilkomumikið fuglalíf yfir sumartímann. Og ekki má gleyma fjölbreyttu mannlífinu sem blómstrar árið um kring í sátt og samlyndi við álfa og önnur dulræn fyrirbæri.

Það sem aðgreinir Snæfellsnes einkum frá öðrum svæðum á landinu eru:

- Snæfellsjökull og dulmagnið sem umlykur hann
- Breiðafjarðareyjar, með Stykkishólm sem hlið að eyjunum
- Búsetusvæði hafarna við Breiðafjörð og á sunnanverðu Snæfellsnesi
- Besti staður við Ísland til að sjá steypireyði er úti af Snæfellsnesi
- Gerðuberg, fögur stuðlabergsmyndun og ein sú fjölsóttasta á landinu
- Hákarlasafn og -verkun í Bjarnarhöfn
- Heitt ölkelduvatn á Lýsuhóli, kalt á nokkrum öðrum stöðum
- Hraunhellar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- Jarðfræði Snæfellsness sem sýnir gífurlega fjölbreytni á litlu svæði
- Lóndrangar, gígtappar úr tveimur mismunandi bergtegundum
- Löngufjörur á sunnanverðu Snæfellsnesi
- Arnarstapi og nágrenni
- Sjávarfallastraumar Breiðafjarðar

Dýralíf er fjölbreytt, þó sérstaklega sjávardýr og fuglar. Einkum þrennt gerir Snæfellsnesið að áhugaverðum áfangastað fyrir fuglaskoðara. Í fyrsta lagi mikil sjófuglamergð á Breiðafirði og í fuglabjörgum Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Í öðru lagi er haförn óvíða eins algengur á Íslandi og á þessu svæði og í þriðja lagi eiga þúsundir umferðarfugla leið um landið vor og haust á leið til og frá varpstöðvum sínum á Grænlandi og Kanada. Hvalaskoðun hefur aukist á undanförunum árum og þess er að vænta að hún aukist enn í framtíðinni. Á nokkrum stöðum á Snæfellsnesi má nánast ganga að sel vísu á ákveðnum tímum árs og þykir mörgum það ekki síður spennandi en að sjá hvali. Gera mætti meira úr því að kynna refinn sem nú er verndaður innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Þær dýrategundir sem laða að sér flesta ferðamenn eru:

- Hvalir
- Lundi, haförn og kría
- Aðrir fuglar, þar með taldir umferðarfuglar
- Selir
- Refir

Ekki má svo gleyma því að bæði íslenska sauðkindin og hesturinn, okkar fyrrum þarfasti þjónn, vekja mikinn áhuga ferðamanna sem gjarnan vilja mynda þessi dýr og bregða sér á hestbak.

Segja má að sagan allt frá landnámi sé við hvert fót mál á Snæfellsnesi. Sögusvið frægra Íslendingasagna er að finna um allt Nesið, allt innan frá Skógarströnd og að Rífsósi yst á Snæfellsnesi, þaðan sem Eiríkur rauði lagði í ferð sína til Grænlands. Frá Grænlandi lögðu síðan íslenskir menn, ættaðir af Snæfellsnesi í för til Vínlands eða Ameríku eins og hún kallast í dag. Þar fæddi Guðríður Þorbjarnardóttir, frá Laugarbrekku á Hellnum, fyrsta barnið af evrópskum uppruna sem vitað er um að fæðst hafi í Ameríku. Af helstu ritum sem tengja Snæfellsnes við Íslendingasögurnar má nefna:

- *Eyrbyggju*, eitt öndvegisrit íslenskra sagna en söguvið hennar fer víða um Snæfellsnes.
- *Bárðar sögu Snæfellsáss* sem eykur á dulmagn Snæfellsjökuls.
- *Víglundarsögu* sem á söguvið sitt þar sem nú eru Hellissandur og Ríf.
- *Grænlandinga sögu* og *Eiríks sögu rauða* en þar koma við sögu Eiríkur rauði og hans synir og Þorbjörn frá Laugarbrekku og dóttir hans, en börn þessara manna dvöldu á Vínlandi, nú þekktu sem Ameríku.
- *Landnámu* sem skrifuð er af Ara fróða á Staðastað í Staðarsveit.
- *Laxdæla* teygir söguvið sitt inn í Helgafellssveit.

Aðrar bækur sem dregið hafa heimsathygli að Snæfellsnesi eru:

- *Journey to the Centre of the Earth*, fyrsta vísindaskáldsaga Jules Verne sem gefin var út árið 1864. Hún hefur heillað marga, ekki síst Frakka sem koma að Jöklinum til að finna innganginn í iður jarðar.
- *Kristnihald undir Jökli* eftir Halldór Kiljan Laxnes, ein þekktasta nútímasaga Íslands sem vakið hefur athygli manna bæði innanlands og utan á Snæfellsnesi.

Ekki má svo gleyma því að hér á Snæfellsnesi eru til margar minjar um útgerðarsögu landsmanna. Hugsanlega geta Snæfellingar kynnt hana betur fyrir ferðamönnum með tengingu við *Íslenska sjávarhætti* eftir Lúðvík Kristjánsson, en Lúðvík gaf safn sitt til Ólafsvíkur.

## 4.2. Heildarstefna Snæfellsness

Eftirtaldir þættir móta heildarstefnu Snæfellsness í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála og hafa jafnframt áhrif á ímynd og sérstöðu Snæfellsness:

### Stefna:

- Snæfellsnes býður upp á vandaða þjónustu, gístiaðstöðu og afþreyingarmöguleika.
- Snæfellsnes er í fararbroddi í umhverfisstjórnun, stefnumótun og starfi að sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu. Sveitarfélögin hafa þar forgöngu.
- Snæfellsnes er vottað af Green Globe 21 fyrir umhverfisstjórnun sína og sjálfbæra þróun í nýtingu á náttúruauðlindum svæðisins, þar sem einnig er tekið fullt tillit til efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta.



- Snæfellsnes er þekkt fyrir ótrúlegan fjölbreytileika í náttúruferjum, vinsæla áfangastaði, dulmagn svæðisins og kröftugt mannlíf. Þessu ber að viðhalda með öllum ráðum.

### 4.3. **Slagorð Snæfellsness**

Mikilvægt er að Snæfellsnes eigi sér lýsandi slagorð sem greinir í fáum orðum frá sérstöðu svæðisins.

- **Snæfellsnes – Töfrar Íslands**
- **Snæfellsnes – Magical Iceland**

### 4.4. **Efling ímyndar**

Allt sem gert er héðan í frá í uppbyggingu ferðaþjónustu og afþreyingar á Snæfellsnesi, svo og í auglýsingum og markaðssetningu þarf að vera í anda þeirrar ímyndar sem Nesið stendur fyrir. Vinna þarf að því að skýra og efla ímynd Snæfellsness eins og um vörumerki væri að ræða og kynna það og hampa því hvar sem er. Ímyndinni tengjast svo ýmsir aðrir þættir sem ættu að geta verið atvinnuskapandi fyrir heimamenn eins og t.d. framleiðsla minjagripa, náttúru- og heilsuafurða og ræktun og framleiðsla lífrænna matvæla.

#### **Stefna:**

- Ímynd og sérstaða Snæfellsnes sé skýr og allir íbúar svæðisins leggi sig fram um að kynna hana.
- Minjagripir sem tengjast ímynd og sérstöðu Snæfellsness eru framleiddir í heimabyggð.
- Sérstök áhersla verði lögð á að efla uppbyggingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sem er stór hluti af ímynd Nessins.
- Öll vörubrúun byggir á samþykktri ímynd Snæfellsness.

### 4.5. **Umhverfismál**

#### **Lykilatriði:**

- Sveitarfélögin fylgja eftir reglum og samþykktum er varða umhverfismál
- Sjálfbær ferðaþjónusta
- Sjálfbært samfélag
- Þolmarkarannsóknir og nákvæm eftirfylgni þolmarka
- Stofnun Umhverfissjóðs Snæfellsness og árleg umhverfisverðlaun
- Vistvæn orkunotkun

Kannanir Ferðamálaráðs Íslands sýna að 80-90% ferðamanna sem koma til landsins koma til að njóta náttúrunnar. Íslensk ferðaþjónusta byggir því að langmestu leyti á náttúru landsins og er Snæfellsnes þar engin undantekning. Nauðsynlegt er því að gera stóráttak á næstu árum á Snæfellsnesi til þess að undirbúa ferðamannastaði undir

það aukna álag sem fylgir heimsóknnum ferðamanna, en spár Ferðamálaráðs árið 2003 gera ráð fyrir allt að 70% aukningu ferðamanna á næstu 5-10 árum.

Sjálfbær ferðaþjónusta byggist einmitt á því að undirbúa og skipuleggja landið fyrir væntanlega komu ferðamanna m.a. með því að skilgreina helstu ferðamannastaði og bæta aðgengi og aðkomu að þeim og leggja göngustíga til að stýra umferð ferðamanna um svæðið.

#### **4.5.1. Ferðaþjónusta**

Sem atvinnugrein byggir ferðaþjónusta afkomu sína á náttúru og umhverfi. Fæstir ferðamenn koma bara til að gista á hóteli eða borða mat, þótt sú upplifun sé hluti af ferðalaginu og nauðsynleg svo ferðamenn geti notið náttúru og afþreyingar á áningastöðum sínum. Þjónusta og náttúra fara því hönd í hönd.

Á sama hátt og fáir vilja heimsækja þreyttan og lúinn gisti- eða matsölustað, eru fáir sem vilja heimsækja þreyttan og lúinn ferðamannastað. Því er það undirstöðuatriði fyrir uppbyggingu atvinnugreinarinnar á Snæfellsnesi að stuðlað sé að sjálfbærri ferðaþjónustu þar sem fullt tillit er tekið til langtímasjónarmiða í skipulagningu og nýtingu helstu áningastaða. Með slík markmið að leiðarljósi er tryggt að ferðaþjónustu verði hægt að stunda hér um ókomin ár, án þess að Snæfellsnes tapi þeim náttúrulegu gæðum sem það nú býr yfir.

#### **Stefna:**

- Allar ferðaskrifstofur sem skipuleggja ferðir á Snæfellsnes fái upplýsingar um stefnu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í sjálfbærri ferðaþjónustu, svo og óskir um að skipulagning á ferðum þeirra taki tillit til stefnu sveitarfélaganna.
- Á Snæfellsnesi verði að finna vandaða, umhverfisvæna afþreyingu fyrir börn, þar sem kennd er góð umgengni og virðing fyrir náttúrunni, þ.m.t. dýrum.
- Ferðaþjónusta á Snæfellsnesi verði stunduð í fullkominni sátt milli þeirra sem að henni standa og annarra íbúa svæðisins. Íbúum verði gerð grein fyrir mikilvægi atvinnugreinarinnar, kostum hennar og göllum.
- Hvatt verði til sjálfbærs rekstrarforms hjá ferðaþjónustu- og afþreyingar-fyrirtækjum á Snæfellsnesi.
- Öll ferðaþjónusta á Snæfellsnesi verði stunduð í anda sjálfbærrar þróunar þar sem fullt tillit er tekið til umhverfisverndandi langtímasjónarmiða í nýtingu landsins.
- Öll ferðaþjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi starfi eftir umhverfisstefnu og leiti árlega eftir vottun á framkvæmd hennar. Er það í samræmi við ímynd Snæfellsness sem vottað er af Green Globe 21.

#### **4.5.2. Gjaldtaka og fjáröflun**

Hugmyndir um gjaldtöku við ferðamannastaði hafa verið ræddar fram og aftur hér á landi undanfarin ár. Eftir umfjöllun um gjaldtöku við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul var komist að þeirri niðurstöðu að gjaldtaka þar yrði að öllum líkindum of fjárfrek í framkvæmd til að teljast fýsileg. Önnur gjaldtaka við ferðamannastaði á Snæfellsnesi lýtur sama lögmáli. Hins vegar er ljóst að finna þarf fjármögnunarleið til að fylgja eftir stefnumótun Snæfellsness í sjálfbærri ferðaþjónustu. Þarf hún að gera ráð fyrir því að ferðamaðurinn sem á leið um svæðið geti lagt verkefninu lið. Því er lagt til að stofnaður verði Umhverfissjóður Snæfellsness. Auk framlaga frá sveitarstjórnnum og

ferðamönnum mætti meðal annars afla tekna fyrir sjóðinn með árlegu styrktarframlagi frá einstaklingum og fyrirtækjum. Söfnunarkassar Umhverfissjóðs Snæfellsness myndu standa frammi í öllum ferðaþjónustufyrirtækjum á Snæfellsnesi svo þeir væru aðgengilegir ferðamönnum. Við söfnunarkassa væri hægt að hafa upplýsingar um starfsemi sjóðsins og þannig gæti ferðamaðurinn séð hvað áætlað væri að gera fyrir styrktarframlag hans. Að auki mætti, þegar fram í sækti, veita upplýsingar um þau verkefni sem sjóðurinn hefði þegar staðið að.

**Stefna:**

- Héraðsnefnd Snæfellinga stofni Umhverfissjóð Snæfellsness og setji reglur um starfsemi sjóðsins og verksvið hans.
- Sérstakur sjálfbóðaliðahópur starfi á vegum Umhverfissjóðs Snæfellsness og taki að sér ýmis verkefni á vegum sjóðsins.
- Sjóðurinn njóti árlegs fjárframlags frá Héraðsnefnd Snæfellinga. Aðrar tekjur sjóðsins komi í gegnum sérstakar fjáröflunarleiðir.
- Umhverfissjóður Snæfellsnes vinni eftir sérstakri framkvæmdaáætlun sem tekur mið af stefnumótun sjálfbærrar ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.
- Umhverfissjóður Snæfellsness vinni í náinni samvinnu við Framkvæmdaráð Snæfellsness og sitji fulltrúi Framkvæmdaráðs í stjórn sjóðsins.

#### **4.5.3. Orkunýting**

Endurnýjanlegar orkulindir ættu að vera aðalsmerki Snæfellsness. Á Snæfellsnesi mætti til dæmis koma á fót eða taka þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem lytu að tilraunum með umhverfisvæna orkugjafa. Myndi slík þróunarvinna ekki einvörðungu skila af sér árangri fyrir Snæfellsnes heldur ótal önnur samfélög, bæði hér á landi og erlendis.

**Stefna:**

- Lögð verði áhersla á vistvæna orkunotkun á Snæfellsnesi og stjórnvöldum gerð grein fyrir óskum sveitarstjórna þar að lútandi.
- Sveitarfélög á Snæfellsnesi kanni möguleika á þátttöku í þróunarverkefnum sem lúta að umhverfisvænum orkugjöfum.

#### **4.5.4. Skipulagsmál**

Stefna sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í skipulagsmálum er ákaflega þýðingarmikil þegar kemur að frekari uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu. Á Snæfellsnesi er stutt milli fjalls og fjöru, vísýni mikið og því eru mannvirki mjög áberandi í náttúru svæðisins. Mikilvægt er því að hafa skýra stefnu í skipulagsmálum sem tekur tillit til þessara þátta, þ.e. samspils náttúrunnar og aðstöðu til þjónustuframboðs. Margra hæða hótélbyggingar myndu stinga mjög í stúf við umhverfið og þótt enginn hafi beðið um leyfi til slíkra bygginga enn sem komið er, þarf að huga að stefnu í þeim málum hið fyrsta. Lágreistar byggingar sem falla vel að landslaginu og mynda skjól fyrir veðrum og vindum skapa að öllum líkindum skemmtilegri heildarsvip á Snæfellsnesi, en háar og áberandi byggingar. Að auki þarf að huga að því að hönnun, uppbygging og rekstur bygginga sé í samræmi við sjálfbæra þróun.

**Stefna:**

- Gerð verði áætlun um svæðisvernd sérstakra sögu- og náttúrusvæða á Snæfellsnesi.
- Gerð verði áætlun um verndun á jarðfræðilega áhugaverðum fyrirbærum á Snæfellsnesi.
- Gerð verði áætlun um verndun búsvæða plantna og dýra á Snæfellsnesi.
- Sveitarfélögin taki ákvörðun um að hvergi á Snæfellsnesi megi reisa háhýsi. Hæð bygginga verði takmörkuð við t.d. þrjár hæðir með venjulegri lofthæð.
- Sveitarfélögin taki tillit til þarfa og áhrifa ferðaþjónustunnar við stefnumótun í skipulags- og umhverfismálum, bæði hvað varðar viðkomu- og dvalarstaði ferðamanna í þéttbýli og dreifbýli á Snæfellsnesi.
- Svæðisskipulag, aðalskipulag, deiliskipulag og byggingaskilmálar sveitarfélaga á Snæfellsnesi verði í anda sjálfbærrar þróunar (sbr. Staðardagskrá 21) og taki tillit til umhverfisáhrifa, bæði hvað varðar uppbyggingu, rekstur og viðhald bygginga.
- Upprunalegt náttúrufar, bæði á þurrlendi og votlendi, verði endurheimt þar sem þess er kostur. Kortlagt verði það votlendi sem endurheimta má á Snæfellsnesi. Skipulega verði síðan unnið að endurheimtu þess

#### **4.5.5. Sjálfbært samfélag**

Öll sveitarfélög á Snæfellsnesi byggja starfsemi sína á Staðardagskrá 21, en staðlar Green Globe 21 eru jafnframt byggðir á henni. Þessi framsækna vinna sveitarfélaganna leggur grunninn að samfélagi þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi. Vel er búið að íbúum sveitarfélaganna og þau hafa það á stefnuskrá sinni að leitast við að nýta vinnuafli, vörur og þjónustu á Snæfellsnesi.

Jafnframt stuðla sveitarfélögin á Snæfellsnesi að ábyrgri þátttöku og bættri frammistöðu fyrirtækja, einstaklinga, samtaka, stofnana og stjórnvalda í öllu því sem lýtur að sjálfbærri þróun svæðisins, með sérstaka áherslu á lykilhlutverk ferðaþjónustu hvað þetta varðar.

Þar sem sveitarfélög á Snæfellsnesi eru í forystu hvað varðar starf og stefnu í sjálfbærri ferðaþjónustu er gert ráð fyrir því að þau nýti sér þá aðstöðu á ýmsan hátt. Tilvalið væri að sveitarfélögin á Snæfellsnesi veittu árlega umhverfisverðlaun til fyrirtækja og/eða einstaklinga á Snæfellsnesi sem hefðu virka umhverfisstjórnunarstefnu. Verðlaunin væru sérhönnuð, t.d. meðfærileg útfærsla af Jöklinum eða Snæfellsásnum sjálfum. Gripur sem myndi sóma sér vel í anddyri fyrirtækja eða stofnana. Verðlaunin mætti veita á sérstökum umhverfisdegi, t.d. þeim degi sem vottun fengist frá Green Globe 21. Samtímis væri kjörið fyrir sveitarfélögin að standa að umhverfisráðstefnu einhvers staðar á Nesinu. Til slíkrar ráðstefnu mætti bjóða 2-3 fyrirlesurum, þar af einum erlendis frá. Með tímanum væri hægt að safna upp þekktum nöfnum úr alþjóðlega geiranum, þannig að það þætti slægur í því að fá að taka þátt í umhverfisráðstefnu í fyrstu sveitarfélögunum á norðurhveli jarðar sem fengju vottun Green Globe 21. Metnaður sveitarfélaganna fælist þá ekki einungis í því að vera best á Nesinu eða best á Íslandi, heldur best þótt víðar væri leitað.

#### **Stefna:**

- Snæfellsnes verði lýsandi dæmi um góða stjórnun í umhverfismálum.
- Starf sveitarfélaganna að Staðardagskrá 21 verði öflugt og til hagsbóta fyrir þau og íbúa þess.

- Sveitafélögin standi að því á hverju vori að hreinsa fjörur á Snæfellsnesi.
- Sveitarfélög á Snæfellsnesi stuðli að því að fyrirtæki og stofnanir setji upp merkingar sem hvetji íbúa til að skilja ekki ökutæki eftir í lausagangi
- Sveitarfélögin á Snæfellsnesi starfi í anda sjálfbærrar þróunar og vinni að skynsamlegri langtímanýtingu á gæðum náttúrunnar. Sjálfbærnistefna sveitarfélaganna taki tillit til efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta, ekki síður en til verndunar og friðunar náttúrufars.
- Sveitarfélögin hvetji íbúa sína til að hugsa vel um eignir sínar, lóðir og jarðir og gangi sjálf á undan með góðu fordæmi.
- Sveitarfélögin losi sig við gamalt brotajárn og skipuleggi í framhaldi af því reglubundna losun brotajárns.
- Sveitarfélögin starfi samkvæmt ákveðinni umhverfisstefnu og fái árlega vottun á umhverfisstjórnun sína frá Green Globe 21.
- Sveitarfélögin stuðli að uppbyggingu á sjálfbærri starfsemi í þjónustu og rekstri fyrirtækja.
- Umhverfisráðstefna verði árlega haldin á Snæfellsnesi.
- Veitt verði árlega verðlaun til fyrirtækja á Snæfellsnesi sem hafa virka umhverfisstjórnunarstefnu.

#### **4.5.6. Þolmörk**

Hér á landi hófust rannsóknir á þolmörkum áfangastaða ferðaþjónustunnar með frumkönnun á Snæfellsnesi sem unnin var af Ferðamálaráði Íslands í samvinnu við Háskóla Íslands. Gaf sú rannsókn til kynna að flestir þættir ferðaþjónustu á svæðinu væru enn vel undir þolmörkum. Hins vegar var gert ráð fyrir því að væri ekkert að gert myndu þeir vera komnir ca 10% yfir þolmörk árið 2015. Þar sem sveitarfélögin eru nú að móta sér stefnu í sjálfbærri ferðaþjónustu eru þau í raun að líta langt til framtíðar. Þannig undirbúa þau alla þætti samfélagsins undir móttöku á þeim aukna fjölda ferðamanna sem vænta má til Snæfellsness í náinni framtíð. Ljóst er að staðir innan Snæfellsness eru misjafnlega viðkvæmir fyrir ágangi. Þéttbýliskjarnar á Snæfellsnesi geta tekið á móti mun meiri fjölda ferðamanna en viðkvæmir staðir utan þéttbýlis. Gróðurfar er líka misviðkvæmt fyrir ágangi eftir árstíma og veðurfari.

Ýmislegt fleira kemur til þegar fjallað er um þolmörk. Röskun getur orðið á búsetusvæðum dýrategunda ef of mikill umgangur ferðamanna eru um þau og haft áhrif á venjur fugla sem eru viðkvæmir fyrir áreiti. Mikilvægt er því að fræða ferðamenn um hina viðkvæmu náttúru Snæfellsness og hvernig ganga skal um hana, einkum og sér í lagi um viðkvæman gróður og haförn, sem er mjög viðkvæmur fyrir truflun og auk þess í útrýmingarhættu.

Nauðsynlegt er að þolmarkakannanir nái bæði til náttúrulegra og félagslegra þátta.



### **Stefna:**

- Fræðsla um viðkvæma náttúru Snæfellsness verði í öllum helstu kynningarritum um svæðið og á vefsíðu þess.
- Gerð verði úttekt á þolmörkum ákveðinna ferðamannastaða á Snæfellsnesi og aðgengi að þeim bætt í samræmi við aðsókn og verndun svæðanna.
- Stuðst verði við kannanir sem Ferðamálaráð gerir um fjölda ferðamanna á Snæfellsnesi svo og aðrar kannanir.
- Sveitarfélögin á Snæfellsnesi móti sér áætlun sem gerir ráð fyrir því að fjöldi ferðamanna verði takmarkaður ef í ljós kemur að landið beri skaða af umferð þeirra.
- Sveitarfélögin á Snæfellsnesi sendi árlega grein í tímarit Félags leiðsögumanna og hvetji þá til að tryggja að hópar þeirra sýni sérlega vandaða umgengni á ferð um náttúru Snæfellsness.
- Sveitarfélögin á Snæfellsnesi standi reglulega að þolmarkakönnunum. Árlega verði ákveðin svæði og þættir ferðapjónustunnar teknir fyrir og kannaðir með tilliti til álags.

## **4.6. Gæða- og öryggismál**

### **Lykilatriði:**

- Gæðamerki ferðapjónustu á Snæfellsnesi er vottun Green Globe 21
- Staðlar Green Globe 21 eru gæðahvetjandi
- Allir ferðapjónustuaðilar eru með tilskilin rekstrarleyfi
- Kennð er færni í að ferðast um Snæfellsnes
- Gerð verði neyðaráætlun fyrir allt Snæfellsnes, sem tekur tillit til ferðamanna

Flestir eru með einhverja hugmynd um þau gæði sem þeir vilja njóta þegar þeir fjárfesta í sumarleyfi sínu eða láta loks verða af því að fara draumaferðina á Snæfellsnes. Gæði, í hvaða formi sem þau birtast, eru í raun aðalsmerki fyrirtækja og svæða og skapa orðspor sem er sterkasta en besta auglýsing. Gæði eru því mikilvægur þáttur í uppbyggingu á sjálfbærri ferðapjónustu á Snæfellsnesi.

Flestir ferðamenn vilja líka ferðast til svæða þar sem þeir telja sig nokkurn veginn örugga, jafnvel þótt einhver hæfilega mikil áhætta auki spennu og geri ferðalagið að meira ævintýri. Hrikaleg fjöll og snarbrött björg í sjó fram geta virkað ógnvænleg en sleppi ferðamaðurinn frá þeim án skaða þaðast þau ævintýraljóma í frásögn hans þegar heim er komið. Ísland er talið frekar öruggt land þótt þar leynist auðvitað víða hættur. Þrátt fyrir allar varúðaráðstafanir má því alltaf gera ráð fyrir að fólk slasist á ferðum sínum um landið.

Þar sem ljóst er að stjórnvöld og þjónustuaðilar á Snæfellsnesi geta ekki fjarlæggt hætturnar þarf að leggja áherslu á að auka færni fólks í að takast á við þær. Því ætti að leggja áherslu á það að veita ferðamönnum upplýsingar um þá færni sem þeir þurfa að hafa til að bera til að ferðast á ánægjulegan hátt um Snæfellsnes.

#### **4.6.1. Gæðastjórnun**

Þeir staðlar Green Globe 21 sem sveitarfélögin starfa eftir eru í sjálfu sér gæðahvetjandi. Þau fyrirtæki sem taka upp umhverfisstefnu og fá vottun á framkvæmd hennar frá Green Globe 21 eru því þegar komnir inn í gæðahvetjandi kerfi. Árlega er síðan gerð úttekt á fyrirtækjum, líkt og sveitarfélögum, og frammistaða þeirra metin.

##### **Stefna:**

- Framkvæmdaráð Snæfellsness stuðli að reglulegum námskeiðum um grunnhugmyndir Green Globe 21 að sjálfbærri ferðaþjónustu, sem ljúki með viðurkenningu og stuðli þannig að aukinni þekkingu starfsfólks.
- Gæðamerki ferðaþjónustu á Snæfellsnesi verði vottun Green Globe 21 á þeirri starfsemi sem þar fer fram.

#### **4.6.2. Leyfisveitingar**

Ýmis starfsemi innan ferðaþjónustu er leyfisskyld. Sum leyfi þarf að sækja um til sveitarstjórna, önnur til sýslumanns og enn önnur til heilbrigðisyfirvalda. Mikilvægt er þeir sem stunda leyfisskylda þjónustu séu með viðeigandi leyfi. Slíkt tryggir öryggi kaupandans.

##### **Stefna:**

- Skýrt skipurit leyfisveitinga til ferðaþjónustunnar verði gert fyrir Snæfellsnes. Í því komi fram hver sjá eigi um hvaða þætti. Eftirlit verði haft með því að ferðaþjónustuaðilar séu með rétt leyfi og því fylgt eftir af viðeigandi aðilum.
- Umsóknarferli ýmissa leyfa til ferðaþjónustu verði einfaldað og leyfi afgreidd á einum stað.
- Þeir aðilar sem stunda leyfisskylda ferðaþjónustu á Snæfellsnesi verði með viðeigandi leyfi fyrir reksturinn.

#### **4.6.3. Merkingar**

Undir gæða- og öryggismál í merkingum falla ýmsar upplýsingar sem tryggja öryggi ferðamanna á vegum úti og aðgengi þeirra að hjálp verði þeir fyrir einhverjum skakkaföllum. Víða erlendis er því svo komið fyrir að þurfi ökumaður aðstoð á vegum úti vegna bilaðs bíls eða annars, þá gefa merkingar meðfram vegunum til kynna í hvora átt beri að leita eftir næstu hjálp. Í okunnu umhverfi geta slíkar upplýsingar skipt sköpum. Meðfram flestum vegum á Snæfellsnesi eru stikur og mætti hugsanlega hanna einhverjar merkingar á þær í þessu skyni.

Í könnunum sem gerðar hafa verið á Snæfellsnesi hafa erlendir ferðamenn kvartað yfir því að merkingar séu einungis á íslensku. Staðarnöfn halda auðvitað áfram að vera á okkar ágæta tungumáli og Vegagerðin er með fjölda myndmálstákna sem nýtt eru við merkingar. Sérstakar leiðbeiningar eins og þegar um vegavinnu er að ræða þyrftu kannski að vera á einu tungumáli til viðbótar til að tryggja öryggi ferðamanna. Líklegast myndi texti á ensku koma til móts við þarfir flestra.

**Stefna:**

- Í merkingum á Snæfellsnesi verði notast við alþjóðlegt myndmál.
- Merkingar meðfram vegum gefi bæði til kynna hversu langt er til næstu mannabústaða og í hvaða átt eigi að fara til að leita nærtækustu hjálpar lendi innlendir eða erlendir ferðamenn í ógöngum.
- Umferðaröryggi verði aukið með upplýsingum/skiltum um vegamál/vegaviðgerðir eða öðrum leiðbeiningum sem lúta að umferð um vegi Snæfellsness á a.m.k. tveimur tungumálum.
- Vara skal við sauðfé á vegum með skiltum (sbr. t.d. dádýr í skógum Evrópu).
- Við endamörk á bundnu slitlagi verði góð skilti sem vara ferðamenn við umskiptum yfir á malarveg og hvetji þá til að draga úr hraða.

**4.6.4. Öryggismál**

Nauðsynlegt er að til sé neyðaráætlun fyrir allt Snæfellsnes, þar sem metið er hversu lengi sé verið að bregðast við slysum eða öðrum áföllum eftir því hvar þau eigi sér stað. Jafnframt þyrfti að meta hvar setja þyrfti upp neyðarsíma á svæðum á Snæfellsnesi sem almennt eru utan farsímasambands eða tryggja farsímasamband þar.

**Stefna:**

- Gerð verði neyðaráætlun vegna slysa fyrir allt Snæfellsnes og hún kynnt fyrir aðilum innan ferðaþjónustunnar.
- Í öllu kynningarefni um Snæfellsnes verði upplýsingar fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn um neyðarnúmer, nærtækustu lækniástoð, viðgerðarverkstæði, upplýsingar um varasöm svæði, öryggismál og umgengnisreglur, ásamt hvatningu til að sýna aðgát á ferð um landið.
- Lögð verði áhersla á að sú afþreying sem í boði er á Snæfellsnesi standist ströngustu kröfur um gæði og öryggi.
- Tryggt verði gott símasamband á öllu Snæfellsnesi.
- Viðkomandi yfirvöld fylgi eftir brotum á öryggisreglum.
- Þeir sem stunda ferðaþjónustu eða reka afþreyingu fyrir ferðamenn á Snæfellsnesi fylgi öllum helstu reglum og lögum um öryggismál í ferðaþjónustu.

**4.6.5. Kvartanir**

Í skýrslu Samgönguráðuneytisins, *Íslensk ferðaþjónusta, framtíðarsýn*, er sérstaklega fjallað um þá þörf ferðamannsins að eiga möguleika á að koma kvörtunum sínum á framfæri við rétta aðila. Vegna samstarfs sveitarfélaganna á Snæfellsnesi er talið eðlilegt að þau taki sameiginlega á móti ábendingum og kvörtunum ferðamanna. Af þeim má margt læra og í þeim felst tækifæri til að gera betur. Gert er ráð fyrir að þær kvartanir sem bærust sveitarfélögunum fælu í sér ábendingar sem snúa að ferðamannastöðum almennt. Ferðamálafulltrúi Vesturlands tæki á móti þeim og safnaði saman til úrvinnslu að hausti ár hvert.

### **Stefna:**

- Ferðamenn á Snæfellsnesi fái upplýsingar um það í kynningarbæklingum um svæðið til hvaða aðila þeir geti beint kvörtunum sínum. Upplýsingar um net- og/eða póstfang hans verði í öllum bæklingnum undir slagorðinu: *Ef þú ert ánægður láttu aðra vita. Ef þú ert óánægður láttu okkur vita svo við getum bætt okkur.*
- Framkvæmdaráð Snæfellsness fjalli á hausti hverju um þær ábendingar sem koma frá ferðamönnum og geri tillögur að úrbótum.

## **4.7. Menntun í ferðaþjónustu**

### Lykilatriði:

- Góð menntun í öllum greinum sem lúta að ferðaþjónustu á Snæfellsnesi
- Ferðaþjónustuaðilar hafi tryggan aðgang að ráðgjöf er varðar atvinnugreinina
- Ferðamála- og markaðsmál standi fyrir samráðsfundum ferðaþjónustunnar og ráðstefnu a.m.k. einu sinni á ári

Framboð á menntun sem tengist ferðaþjónustu hefur aukist töluvert á síðustu árum. Flestar námsleiðir gera þó ráð fyrir að viðkomandi hafi lokið stúdentsprófi. Skólar sem bjóða upp á nám í ferðamálafræðum eru jafnframt flestir starfræktir á stór-Reykjavíkursvæðinu eða á Norðurlandi. Því er talið heppilegt að leita leiða til þess á Snæfellsnesi að auka áttaha- og náttúrufræðifræðslu, tengja hana við nám barna, jafnvel í grunnskólum og bjóða upp á námsáfangu sem fjalla um staðbundna ferðaþjónustu á Snæfellsnesi í nýjum Framhaldsskóla Snæfellinga.

Með því að gera nemendur meðvitaðri um umhverfi sitt og kynna þeim þau atvinnutækifæri sem felast í ferðaþjónustu og þeim atvinnugreinum sem henni tengjast, eru meiri líkur á að þessi störf freisti þeirra að loknu grunnskólanámi. Jafnframt er lögð á það rík áhersla að hvatt sé til starfsnáms eins og matreiðslu- og framreiðslunáms, svo og starfsnáms fyrir aðila sem starfa hjá afþreyingarfyrirtækjum þar sem áhersla væri lögð á þjónustu, öryggismál og gæði, auk þekkingar á hópstjórn.

Mikilvægt er að leggja mikla áherslu á tungumálanám og færni nemenda í því að tjá sig á erlendu tungumáli. Í sjálfu sér eru allir á Snæfellsnesi í ferðaþjónustu, því þeir geta á einn eða annan hátt tengst ferðamanninum, þó ekki sé nema þegar hann spyr til vegar. Málakunnátta er mikilvægur liður í sjálfbærri ferðaþjónustu, því hún eykur möguleika heimamanna á að skilja hugarheim, menningu og viðhorf gestanna og koma jafnframt því sama til skila frá heimamönnum. Til að hvetja nemendur til tungumálanáms mætti árlega veita sérstök tungumálaverðlaun á ýmsum stigum skólakerfisins á Snæfellsnesi.

### **4.7.1. Menntun**

Skólakerfi Snæfellinga býður upp á marga möguleika til menntunar fyrir ferðaþjónustuna. Hægt er að bjóða upp á ýmis verkefni og námsáfangu sem tengjast ferðaþjónustu bæði í Grunnskólum Snæfellsness og Framhaldsskóla Snæfellinga. Auk

Þess búa sveitarfélögin flest svo vel að eiga fjárfundabúnað en í gegnum hann má stunda nám á framhaldsskóla- og háskólastigi eða sitja fræðslufundi og námskeið Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands sem er mjög öflug.

Í mörgum tilvikum er ekki hægt að gera ráð fyrir því að minni fyrirtæki í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi standi undir þeim kostnaði að vera með fullmenntaða framreiðslu- eða matreiðslumeistara. *Sæmundur fróði*, deild sem starfrækt er innan Hótel- og matvælafræðskólans, býður hins vegar upp á styttri námskeið í matargerð og ýmsu öðru sem tengist gististaðarekstri og kennir námskeiðin hvar á landi sem er. Slíka þjónustu gæti Snæfellsnes nýtt sér í framtíðinni.

Einn skóli á Snæfellsnesi, Lýsuhólsskóli, hefur hlotið *Grænfanann* fyrir starf sitt að umhverfismálum. Þar eru bæði nemendur og kennarar sem búa yfir mikilli þekkingu á umhverfissvænum vörum, stöðlum og vottunarkerkjum og ótal öðrum þáttum umhverfismála. Nýta mætti þekkingu þeirra til að fræða bæði þá sem starfa nú þegar innan ferðaþjónustunnar, svo og þá sem hafa áhuga á að gera það.

Gera þarf ráð fyrir því að manna þurfi stöður í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi með erlendu starfsfólki í komandi framtíð. Hingað til hefur ferðaþjónustan reitt sig mikið á skólafólk til sumarstarfa, en með styttra sumarfríi í skólum og lengingu ferðamannatímans er ljóst að leita þarf annað eftir starfskröftum. Erlenda starfsmenn þarf að mennta, bæði í sjálfbærri ferðaþjónustu svo og í náttúru Snæfellsness svo þeir geti svarað spurningum ferðamanna af kunnáttu og þekkingu þótt þeir séu nýkomnir til landsins. Halda þarf námskeið fyrir þetta starfsfólk á vorin áður en ferðamannatíminn hefst og gæti þá Lýsuhólsskóli komið að góðum notum.

#### **Stefna:**

- Ferðaþjónustuaðilar á Snæfellsnesi hafi tryggt aðgang að ráðgjöf er varðar atvinnugreinina.
- Gerð verði handbók með upplýsingum um sjálfbæra ferðaþjónustu og staðhætti á Snæfellsnesi, sem nota má við kennslu og þjálfun erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu á Nesinu.
- Haldið verði uppi öflugri fræðslu á Snæfellsnesi um umhverfismál og sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Lögð verði aukin áhersla á meiri kennslu/þekkingu á náttúrufræði í skólum með sérstaka áherslu á sjálfbæra ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.
- Lögð verði aukin áhersla á starfsmenntun/verkgreinar í skólum á Snæfellsnesi í öllum þeim greinum sem lúta að sjálfbærri ferðaþjónustu.
- Lögð verði aukin áhersla á tungumálanám í skólum á Snæfellsnesi til að mæta þörfum ferðaþjónustunnar.
- Lögð verði aukin áhersla á það innan skóla á Snæfellsnesi að gera ferðaþjónustu að eftirsótttri atvinnugrein og valkosti í starfi að loknu námi.
- Lögð verði áhersla á mikilvægi þess að kenna ferðamönnum umgengni um viðkvæma náttúru Snæfellsness, sérstaklega með tilliti til verndunar mosa og annars gróðurs.
- Lögð verði áhersla á það að efla almenna umhverfisvitund bæði heimamanna og ferðamanna.
- Reglulega verði boðið upp á ýmis endurmenntunarnámskeið á Snæfellsnesi í tengslum við sjálfbæra ferðaþjónustu.



- Skólafólk á Snæfellsnesi verði sérstaklega þjálfað til að taka að sér sumarstörf eða hlutastörf í sjálfbærri ferðaþjónustu.
- Upplýsingar og námsefni um ferðamál, markaðsmál, rekstur fyrirtækja, gæði og þjónustusamskipti verði gerð einstaklingum í ferðaþjónustu aðgengileg.

#### **4.7.2. Menntun leiðsögumanna**

Ljóst er að erfitt er að marka Snæfellsnesi stefnu um sjálfbæra ferðaþjónustu án þess að fræða samhliða þá leiðsögumenn sem hingað koma um ásetning yfirvalda. Jafnframt er mikilvægt að hvetja heimamenn til að starfa sem staðarleiðsögumenn og veita þeim aðstöðu til menntunar og aukinnar þekkingar á svæðinu.

##### **Stefna:**

- Framkvæmdaráð Snæfellsness sjái um að koma reglulega upplýsingum um stefnu stjórnvalda á Snæfellsnesi í ferðaþjónustu til Félags leiðsögumanna.
- Reglulega verði haldin námskeið fyrir leiðsögumenn sem vilja starfa á Snæfellsnesi og ferðaþjónustuaðilar hvattir til að notfæra sér þau.

#### **4.7.3. Sagnamenntun á Snæfellsnesi**

Tengsl Snæfellsness við Íslendingasögurnar eru ótvíræð, auk þess sem margir staðir á Snæfellsnesi eiga sér langa og litríka sögu allt frá landnámi, sem vert er að halda á lofti. Nú þegar búa margir eldri einstaklingar á Snæfellsnesi yfir mikilli þekkingu um sögu og staðhætti svæðisins. Mikilvægt er að þeir skili þessari þekkingu áfram til komandi kynslóða, en það er einmitt hluti af sjálfbærri þróun.

##### **Stefna:**

- Eldri sagnamenn á Snæfellsnesi kenni yngra fólki að lesa í náttúru landsins og tengja hana sögum og sögnum frá fyrri tíð.
- Gert verði staðbundið kennsluefni um Snæfellsnes fyrir grunnskólanemendur, bæði í sögu og náttúrufræði.

#### **4.7.4. Upplýsingastreymi**

Þegar kemur að umræðu um upplýsingastreymi þarf að gera sér grein fyrir því að bæði er um að ræða upplýsingar til og frá aðilum utan Snæfellsness, en ekki síður upplýsingastreymi innan Nessins. Þótt ótrúlegt megi virðast vill oft verða misbrestur á því að upplýsingar nái frá einum aðila til annars. Slíkt skapar tómarúm sem auðvelt er að fylla með ranghugmyndum og fyrr er varir er algengasti skilningurinn orðinn misskilningur. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir slíkt.

Mikilvægt er að fræða almenning um náttúru svæðisins en það má t.d. gera með opnum fyrirlestrum og námskeiðum um afmarkaða þætti náttúrunnar. Þetta gerir almenningi frekar kleift að svara fyrirspurnum ferðamanna auk þess sem það eykur virðinguna þeirra fyrir heimabyggð.

##### **Stefna:**

- Framkvæmdaráð Snæfellsness standi reglulega fyrir ráðstefnum um ferðamál. Tengja mætti hana veitingu umhverfisverðlauna og árlegri úttekt Green Globe 21 á Snæfellsnesi. Á ráðstefnunni verði farið yfir þann árangur sem náðst hefur, ný markmið kynnt, fjallað um kvartanir ferðamanna og tillögur að

útbótum. Jafnframt gefst ferðaþjónustu- og framkvæmdaaðilum á Snæfellsnesi kostur á að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir og uppbyggingu innan ferðaþjónustunnar á Snæfellsnesi.

- Lögð verði áhersla á að auka upplýsingaflæði milli þeirra sem eru að vinna rannsóknavinnu og þeirra sem eru *úti á akrinum*, þannig að þeir síðarnefndu geti aðlagð starfsemi sína að breyttum markaðsforsendum og/eða upplýsingum.
- Lögð verði áhersla á að ferðamálafulltrúi Vesturlands, í samráði við Ferðamálaráð og önnur samtök sem koma að ferðaþjónustu og rannsóknum, kynni eða hvetji ferðaþjónustuaðila til að kynna sér niðurstöður allra helstu rannsókna sem gerðar eru á ferðamálum á Snæfellsnesi.
- Stefnt verði að fyrirlestra- og námskeiðahaldi fyrir almenning um afmarkaða þætti náttúrunnar.

#### **4.7.5. Rannsóknir**

Á síðari árum hafa rannsóknir á ferðamálum á Íslandi aukist mjög. Ferðamálaráð stendur árlega fyrir umfangsmikilli rannsókn á ferðavenjum erlendra ferðamanna sem til Íslands koma. Ferðaþjónustuaðilar og aðrir þeir sem að skipulagsmálum ferðaþjónustu koma eiga greiðan aðgang að niðurstöðum rannsókna inni á vefsvæði Ferðamálaráðs [www.ferdamalarad.is](http://www.ferdamalarad.is). Svæði og sveitarfélög geta keypt sérspurningar inn í könnun Ferðamálaráðs, sem væri mun einfaldari og ódýrari leið að fara fyrir sveitarfélögin á Snæfellsnesi en að standa að eigin könnunum.

Jafnframt væri hægt að leita leiða til að stunda ýmis konar grunnrannsóknir sem tengjast ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Hugsanlega væri hægt að vinna þær í samvinnu við innlenda eða erlenda háskóla sem kenna ferðamálafræði, markaðsfræði eða vinna að sjálfbærri þróun.

Að auki þarf að efla markaðsrannsóknir á Snæfellsnesi. Þurfa þær einkum og sér í lagi að beinast að þekkingu á markhópum, auk þess sem kanna þarf leiðir til að ná sambandi við fleiri og sérhæfðari markhópa. Fjölga þarf erlendum, sem innlendum ferðamönnum og kanna hvar ný markaðstækifæri liggja. Þátttaka Snæfellsness í USEVENUE verkefninu mun leiða til markaðsrannsókna.

Grunnrannsóknir á náttúru Snæfellsness eru mjög mikilvægar fyrir ferðaþjónustuna og auka gæði þeirrar fræðslu sem hægt væri að veita. Aukin vitneskju um náttúru þess gæti haft víðtæk áhrif á markaðssetningu svæðisins.

#### **Stefna:**

- Fjárfest verði í grunnrannsóknum á náttúru Snæfellsness en slíkar rannsóknir skila arði til ferðaþjónustunnar.
- Leitað verði árlega upplýsinga um niðurstöður í könnun Ferðamálaráðs um ferðavenjur erlendra ferðamanna.
- Markaðsrannsóknir á Snæfellsnesi verði eflar og tryggt að þeir sem stunda ferðaþjónustu fái allar upplýsingar um niðurstöður þeirra. Mikilvægt er að ferðaþjónustuaðilar þekki kröfur og væntingar markaðsins, svo og einkenni ferðaþjónustu sem atvinnugreinar.

## 4.8. Samgöngumál

Lykilatriði:

- Aðgengi ferðamannastaða bætt
- Gott fjarskiptasamband á Snæfellsnesi
- Úttekt á göngu- og reiðleiðum á Snæfellsnesi
- Sameiginleg áætlun um merkingar á Snæfellsnesi
- Allir aðalvegir á Snæfellsnesi með bundnu slitlagi
- Góðar aðkomuleiðir til landsins og svæðisins

Samgöngumál skipa stórt hlutverk í allri ferðapjónustu, því greiðar samgöngur auka möguleika ferðamanna á að komast frá einum stað til annars. Tíðar og góðar samgöngur til Íslands eru aðflutningsleið erlendra ferðamanna og tryggja aukið aðgengi að landinu. Þegar komið er til landsins tekur vegakerfið við, svo og innanlandsflug í þeim tilvikum sem það á við. Snæfellsnes treystir nær eingöngu á aðkomu ferðamanna um vegakerfið, þótt nokkur hluti komi með skipum. Miklar úrbætur hafa orðið í vegamálum Snæfellinga síðustu tíu ár eða svo. Stærsta breytingin er án efa tengd opnun Hvalfjarðarganga því með þeim styttist vegalengdin vestur á Nes verulega. Líklegt er að ýmsar fyrirhugaðar breytingar á akstursleiðum út frá höfuðborgarsvæðinu á næstu árum eigi enn eftir að stytta leiðina.

### 4.8.1. Aðgengi ferðamannastaða

Mikilvægt er að aðgengi ferðamannastaða sé gott, að við þá séu góð bílastæði og merkingar sem auðvelda fólki bæði að njóta staðarins og eins að rata. Jafnframt er nauðsynlegt að við fjölsóttustu ferðamannastaðina sé góður aðgangur að salernum. Við upphaf gönguleiða er mikilvægt að hafa bílastæði svo göngufólk geti skilið bifreiðar sínar eftir meðan á göngu stendur. Öll slík þjónusta eykur aðsókn ferðamanna og gerir dvöl þeirra á svæðinu ánægjulegri.

*Stefna:*

- Aðstaða til móttöku ferðamanna á skemmtiferðaskipum í Grundarfirði verði bætt og tryggt verði að þeir gestir sem með skipunum koma eigi val á að heimsækja og njóta nokkurra áfangastaða á Snæfellsnesi.
- Góð salernisaðstaða verði við fjölsóttustu ferðamannastaði á Snæfellsnesi.
- Lagðir verði vegir að helstu áfangastöðum ferðamanna sem eru utan stofn- og tengivegasvæðisins og þeir lagðir bundnu slitlagi.
- Malarvegum fer fækkandi en lögð verði áhersla á að halda í einhverja þeirra þar sem þeir eru hluti ákveðinnar upplifunar sem ferðamenn sækjast eftir. Sem dæmi má nefna Jökulhálsveg og veginn frá Skarðsvík út á Öndverðarnes.
- Skemmtibátum verði gert hátt undir höfði í höfnum á Snæfellsnesi, t.d. með bættri aðstöðu.
- Útskot og bílastæði meðfram vegum og við ferðamannastaði á Snæfellsnesi verði skipulögð um leið og vegir. Komið verði upp útskotum við eldri vegi til að bæta aðgengi ferðamanna að náttúruperlum og bæta aðstöðu þeirra til fuglaskoðunar.

#### **4.8.2. Efnisnám**

Á sínum tíma gáfu Landsvirkjun, Landgræðslan, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Hafrannsóknarstofnun, Iðnaðarráðuneytið, Vegagerðin, Veidimálastofnun, Veidistjóraembættið og Siglingamálastofnun út um 30 blaðsíðna bók sem heitir *Námur – efnistaka og frágangur*. Þar er að finna upplýsingar um lög og reglur sem varða efnisnám. Við allar opinberar framkvæmdir er unnið eftir þeim.

Minniháttar efnistaka til eigin nota er heimil eiganda eða umráðamanni eignarlands án framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar nema þegar um er að ræða efnistöku af svæðum sem lúta vernd samkvæmt náttúruverndarlögum.

#### **Stefna:**

- Beina skal þeim tilmælum til þeirra er hyggja á efnisnám að þeir hagi vinnu sinni þannig að sem minnst sjónmengun verði af.
- Einstaklingar leiti tilskilinna framkvæmdaleyfa fyrir meiriháttar efnisnám í eigin landi.
- Sveitarfélög kynni og fylgi eftir reglum og lögum um efnisnám.
- Vegagerðin merki námur sem eru í notkun svo vegfarendur telji þar ekki vera um ófrágöngur námur að ræða.
- Vegagerðin og Siglingamálastofnun fylgi reglum um grjótnám.
- Verktakar, sveitarfélög og Vegagerðin á Snæfellsnesi fylgi reglum um efnisnám.

#### **4.8.3. Fjarskipti**

Með tilkomu almennrar notkunar á farsímum treysta æ fleiri á gott fjarskiptasamband og líta á farsímamann sem öryggistæki sitt. Stór hluti erlendra ferðamanna kemur til landsins með eign farsíma og treystir á að geta notað hann til að bóka gistingu, leita upplýsinga og kalla eftir hjálp komi eitthvað fyrir. Auk þess er meirihluti innlendra ferðamanna með farsíma. Því er gott fjarskiptasamband á Snæfellsnesi afar mikilvægt. Sem stendur eru nokkrir staðir á Nesinu þar sem símasamband dettur tímabundið út og í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli eru stór svæði án símasambands. Verði slys á þessu svæði getur tekið allt upp í tvær klukkustundir að fá hjálp á staðinn eins og einstakt tilvik sumarið 2003 sýndi.

Tilkoma Internetsins hefur rofið einangrun ferðaþjónustuaðila í dreifbýli. Með góðri tengingu við netið eiga fyrirtæki möguleika á að kynna rekstur sinn, vera í tölvupóstsambandi við viðskiptamenn hvar sem er í heiminum og nota sér heimabankþjónustu bankanna til að greiða reikninga og stunda önnur viðskipti. Góðar nettengingar eru þannig hluti af sjálfbærri þróun.

#### **Stefna:**

- Allir aðilar í dreifibýli sem stunda ferðaþjónustu eigi möguleika á góðri tengingu við Internetið.
- Símasamband um farsímakerfið verði alls staðar gott á Snæfellsnesi.

#### 4.8.4. Gönguleiðir/reiðleiðir

Mikið vantar enn upp á gönguleiðir á Snæfellsnesi séu vel merktar eða að þau tækifæri sem felast í góðum gönguleiðum séu fullnýtt. Margir ómerktir slóðar og gamlar göngugötur liggja víðs vegar um Nesið, en inn á milli er hægt að finna vel merktar eða stikaðar gönguleiðir. Við upphaf margra gönguleiða skortir bílastæði og tryggja þarf aðgengi ferðamanna að gönguleiðum m.a. með þrílum yfir girðingar. Fram hafa komið hugmyndir um að hanna megi nýjan *Laugaveg* (“*Snæfellsveg?*”) eftir endilöngum fjallgarði Snæfellsness og mörg tækifæri eru til að hanna gönguleiðir milli byggða þvert yfir Snæfellsnesfjallgarðinn. Gera þarf átak í því að kortleggja gönguleiðir og reiðleiðir á Snæfellsnesi og vinna síðan eftir heildrænni áætlun að lagningu eða úrbótum á þeim.

Skipulagning á gönguleiðum innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er í vinnslu en þar eru þegar nokkrar gönguleiðir merktar og aðrar stikaðar.

Mikil umferð hestamanna er um Snæfellsnes sunnanvert enda mjög vinsælt að ríða Löngufjörur. Reiðleiðin er samt ekki samfelld og þarfnast úrbóta með tengivegum.

#### *Stefna:*

- Gefið verði út eitt kort yfir allar gönguleiðir á Snæfellsnesi.
- Gerð verði heildarúttekt á slóðum og ómerktum gönguleiðum á Snæfellsnesi. Í framhaldi af þeirri úttekt verði gerð framkvæmdaáætlun um uppbyggingu og merkingu gönguleiðanna.
- Gerð verði úttekt á mögulegum hjólreiðastígum á Snæfellsnesi og þeir merktir sem slíkir. Í sumum tilvikum gætu þeir samrýmst göngu- og/eða reiðleiðum.
- Gerð verði úttekt á reiðleiðum um Snæfellsnes og unnið kerfisbundið að því að samtengja þær og merkja.
- Lögð verði áhersla á að halda við vörðum og vörðuðum leiðum á Snæfellsnesi. Verði það gert undir eftirliti minjavarðar.
- Tryggja þarf að lögum um rétt almennings til umgengni um gamla aflagða vegi verði fylgt.
- Unnið verði að skipulagningu og uppbyggingu göngustíga með tilliti til fjölda ferðamanna sem um þá fara. Taka þarf tillit til burðarþols landsins.

#### 4.8.5. Lög og reglur

Ýmis almenn lög og reglur koma beint eða óbeint við ferðaþjónustu. Sama getur átt við um umferð farartækja. Í könnunum og almennri umræðu um umferð á Snæfellsjökli hafa komið fram kvartanir yfir umferð torfærubíla á Jöklinum, sem aka þá oft í þau fõr sem sleðar og troðarar hafa myndað og ætluð eru skipulögðum ferðum á Jökulinn. Umferð bílanna hefur leitt til hættuástands og smáslysa, þótt enn hafi verið hægt að forðast stórslys. Jafnframt hefur umferð bíla á Jöklinum skapað hættuástand fyrir skíðafólk, sem lendir oft óvænt í hjólförum þeirra. Því er talið nauðsynlegt að settar verði reglur um umferð ökutækja á Jöklinum.

Sumir ferðamenn vilja enga umferð vélknúinna ökutækja um Jökulinn, en ljóst er að erfitt verður að mæta þörfum þeirra. Hugmyndir hafa þó komið fram um að hafa hálfan eða heilan dag einu sinni í viku, sem er án allrar umferðar vélknúinna ökutækja um Jökulinn og geta þá göngumenn verið þar á ferð og notið náttúrunnar án hávaða-



og loftmengunar frá vélknúnum farartækjum. Æskilegt væri að einhver tæki að sér að skipuleggja gönguferðir með leiðsögn á Jökulinn, en slíka þjónustu vantar sárlega.

Lausaganga stórgripa hefur oft valdið slysum hér á landi og eitthvað er um að stórgripir gangi lausir á Snæfellsnesi. Mikilvægt er að banni við lausagöngunni sé fylgt vel eftir til að tryggja öryggi ferðamanna.

Talað er um það innan ferðaþjónustunnar að skemmtiferðaskip séu einhver mesti mengunarvaldur í greininni, m.a. vegna þess að flest þeirra losa sig við sorp að nóttu til beint í hafid. Tryggja þarf með reglugerðum og stefnu sveitarfélaga að fjölgun á heimsóknnum skemmtiferðaskipa til Snæfellsness valdi ekki umhverfismengun eða umhverfisslysum.

#### ***Stefna:***

- Banni við lausagöngu stórgripa á Snæfellsnesi verði fylgt eftir af viðkomandi yfirvöldum.
- Lögum um náttúruvernd verði fylgt skipulega eftir, þ.m.t. um akstur utan vega.
- Mótuð verði stefna á Snæfellsnesi um sorplosun skemmtiferðaskipa í landi og við land.
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull setji reglur um umferð farartækja á Snæfellsjökli.

#### **4.8.6. Merkingar**

Góðar merkingar sem falla vel inn í umhverfið og veita í senn fræðslu og leiðbeiningar, gæða góða ferðamannastaði lífi og gefa þeim meira gildi í hugum ferðamannsins. Leiðamerkingar og merkingar á bæjum meðfram þjóðveginum eru nauðsynlegar, en auk þess þarf að merkja sérstaka ferðamannastaði með upplýsingaskiltum, söguskiltum, jarðfræðiskiltum, örnefnaskiltum og skiltum um dýralíf og gróðurfar.

#### ***Stefna:***

- Gerð verði sameiginlega áætlun um forgangsroðun merkinga á Snæfellsnesi, þar sem jafnvægis er gætt í staðsetningu og útliti merkinga.
- Merkingar við Borgarnes verði bættar svo og við aðrar leiðir sem liggja inn á Snæfellsnes.
- Söguskilti verði á helstu ferðamannastöðum á Snæfellsnesi, svo og önnur kort og skilti sem fræða um landið, náttúru þess og staðhætti.

#### **4.8.7. Samgöngur**

Samgöngur að Snæfellsnesi snúa ekki bara að ástandi vega þar heldur einnig að aðkomuleiðum til landsins. Því hafa góðar flugsamgöngur til Íslands, svo og reglubundnar ferjusiglingar Norrænu mikil áhrif á aðgengi erlendra ferðamanna að Snæfellsnesi. Sætaframboð, verð á farmiðum, tíðni ferða og fjöldi brottfararstaða erlendis ræður miklu um það aðgengi sem erlendir ferðamenn hafa að landinu. Vegir og merkingar skipta svo mestu máli þegar haldið er út fyrir mörk Reykjavíkurborgar. Góð umferðarmiðstöð í Reykjavík sem tengdi saman flug og samgöngur með rútum er líka mikilvægur þáttur í að efla Snæfellsnes sem ferðamannastað, sem og bætt aðkoma inn á svæðið úr norðri og austri um Skógarströnd og Laxárdalsheiði.

#### **Stefna:**

- Allir aðalvegir á Snæfellsnesi verði með bundnu slitlagi.
- Lögð verði áhersla á að hafa áfram flugvöll fyrir innanlandsflug í Reykjavík.
- Lögð verði áhersla á að kynna hina ýmsu möguleika á hringakstri um Snæfellsnes.
- Lögð verði áhersla á að útrýma einbreiðum brúm á Snæfellsnesi.
- Reglulegar rútuferðir verði um hringleiðina á Snæfellsnesi yfir sumartímann.
- Stefnt verði að því að bæta aðkomu inn á svæðið úr norðri og austri.
- Sumarvegir verði endurbættir og lagfærðir, bæði til að taka við meiri umferð og eins til að tryggja öryggi vegfarenda.
- Tveir góðir flugvellir verði á Snæfellsnesi sem tryggt er stöðugt viðhald á.

### **4.9. Byggðamál**

#### **Lykilatriði:**

- Sameining sveitarfélaga á Snæfellsnesi
- Snæfellsnes er áhugavert búsetusvæði
- Góðir menntunarmöguleikar á Snæfellsnesi
- Uppbygging á sjálfbærum iðnaði

Ýmsir grunnþættir þurfa að vera til staðar í hverju samfélagi svo það teljist áhugavert búsetusvæði, svo sem góð atvinna, ýmis félagsleg þjónusta, góðir skólar og áhugavert samfélag. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi starfa öll samkvæmt Staðardagskrá 21 og stefna að sjálfbæru samfélagi og því eru helstu grunnþættir að áhugaverðu búsetusvæði annað hvort þegar til staðar eða í vinnslu. Einstakt náttúrufar svæðisins er einnig þáttur sem hlýtur að gera svæðið eftirsóknarvert til búsetu.

Í sjálfbæru samfélagi er eðlilegt að þróist vistvænn iðnaður og atvinnugreinar eins og ferðaþjónusta sem leggja áherslu á sjálfbæra þróun. Ýmis svæði á Íslandi leggja áherslu á stóriðju, en hér á Snæfellsnesi er talið rétt að kalla ekki eftir henni en leggja frekar áherslu á sjálfbæra þróun í öllum atvinnugreinum.

#### **4.9.1. Sameining sveitarfélaga**

Við vinnu að þessu verkefni hefur komið í ljós að sveitarfélögin eiga margra sameiginlegra hagsmuna að gæta og geta auðveldlega starfað saman. Sem ein heild eru sveitarfélögin mun sterkari en fimm litlar einingar. Sameiningin myndi líka auðvelda allt ákvarðanatökufarli.

#### **Stefna:**

- Sveitarfélög á Snæfellsnesi sameinist í eitt sveitarfélag.

#### **4.9.2. Gott búsetusvæði**

Flestir þeir sem búa á Snæfellsnesi eru sammála um að þar sé gott að búa, en til að efla þar búsetu og byggja upp fleiri atvinnugreinar þarf svæðið að leggja sig fram um að laða til sín íbúa. Með auknum menntunarmöguleikum í heimabyggð svo og aukinni áherslu á uppbyggingu á vistvænum iðnaði ætti að vera hægt að gera Snæfellsnes að

enn betra búsetusvæði. Með Framhaldsskóla Snæfellinga og Háskólaútibúi í Stykkishólmi hefur opnast sú leið að ljúka námi á Snæfellsnesi.

**Stefna:**

- Snæfellsnes verði áhugaverður búsetukostur, einkum og sér í lagi vegna blómlegrar atvinnuuppbyggingar og góðra menntunarmöguleika í heimabyggð.

#### **4.9.3. Sjálfbærar atvinnugreinar**

Víða um heim, þar sem unnið hefur verið að uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu hefur hluti af uppbyggingunni falist í því að skapa atvinnu í fyrirtækjum sem styðja við ferðaþjónustu. Er þar um að ræða fyrirtæki sem veita ferðaþjónustufyrirtækjunum sjálfum þjónustu eins og til dæmis með framleiðslu á grænmeti, kjöti, fiski eða öðrum matvælum sem greinin hefur þörf fyrir. Einnig hefur orðið blómleg þróun í uppbyggingu fyrirtækja- eða heimaframleiðslu minjagripa, sem seldir eru beint til ferðamannanna. Þannig hafa skapast mörg atvinnutækifæri í kringum uppbyggingu á sjálfbærri ferðaþjónustu.

**Stefna:**

- Hvatt verði til þess að þau fyrirtæki sem nú starfa á Snæfellsnesi taki upp sjálfbæra stefnu í rekstri.
- Leitað verði til stjórnvalda um stuðning við uppbyggingu á sjálfbærum iðnaði og samfélagi sem byggir sitt á smáiðnaði í fyrirtækjum sem leggja áherslu á virka umhverfisstjórnunarstefnu og sjálfbæra þróun.

#### **4.10. Skipulag ferðamála**

**Lykilatriði:**

- Snæfellsnes sé kynnt innanlands og erlendis í samræmi við stefnu sveitarstjórna í sjálfbærri ferðaþjónustu
- Samstarf sveitarfélaga og íbúafélaga á Snæfellsnesi aukist
- Aukið samstarf og samræming í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi
- Heildarstefna í safnamálum á Snæfellsnesi

Endurmeta þarf skipulag ferðamála á Snæfellsnesi. Ferðaþjónusta þarf að njóta virðingar sem atvinnugrein þótt enn sem komið er sé hún að mestu leyti aðeins stunduð hluta úr ári. Á undanföllum árum hefur ferðamannatíminn lengst verulega og með auknu markaðsátaki og sameiginlegri markaðsvinnu eru líkur á að hægt sé að nýta betur jaðartímana og hefja skipulagningu á ferðum á lágönn. Hér gildir að vinna skref fyrir skref að framgangi mála og líta á hvert skref sem áfangasigur.

##### **4.10.1. Skipulag ferðamála á landsvísu**

Kynning á Íslandi sem ferðamannalandi fer fram hjá Ferðamálaráði Íslands, sem heyrir undir Samgönguráðuneytið, en það er einnig ráðuneyti ferðamála. Með auknu samstarfi við Ferðamálarád Íslands væri hægt að koma breyttum áherslum í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi á framfæri og gera ráð fyrir að þær yrðu kynntar erlendis.

#### **Stefna:**

- Ferðamálaráð Íslands hafi samráð við Framkvæmdaráð Snæfellsness um allt kynningarefni sem fjallar um Snæfellsnes, til að þess sé gætt að kynningin sé í samræmi við stefnumörkun svæðisins.

#### **4.10.2. Skipulag ferðamála á Snæfellsnesi**

Ljóst er að samhliða undirbúningsvinnu fyrir vottun Green Globe 21 gefst kjörið tækifæri til að endurmeta og gera breytingar á skipulagi ferðamála á Snæfellsnesi. Sú skipulagning snýr meðal annars að dreifingu upplýsinga, skipulagi kynningar- og markaðsmála, heildarímynd Snæfellsness, bættum tengslum milli ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórna og aukinni aðkomu sveitarstjórna að greininni í gegnum Framkvæmdaráð Snæfellsness.

#### **Stefna:**

- Gera þarf upplýsingar um ferðamál á Snæfellsnesi aðgengilegri víðar en í hefðbundnum upplýsingamiðstöðvum, t.d. á bensínstöðvum.
- Hlutverk Ferðamálasamtaka Snæfellsness verði endurmetið í tengslum við stofnun Framkvæmdaráðs Snæfellsness.
- Lögð verði áhersla á að Vegamót gegni lykilhlutverki sem upplýsingamiðstöð eða *andlit* Snæfellsness þar sem helsta aðkomuleið ferðamanna inn á Snæfellsnes liggur þar um.
- Lögð verði áhersla á aukið samstarf og samræmingu í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.
- Samstarf milli íbúafélaga og sveitarfélaga á Snæfellsnesi í gegnum Framkvæmdaráð Snæfellsnes verði aukið.
- Stýrihópur Green Globe 21 á Snæfellsnesi verði að Framkvæmdaráði Snæfellsness.
- Sveitarfélög á Snæfellsnesi marki sér skýra stefnu og setji reglur um umgengni á ferðamannastöðum á Snæfellsnesi.
- Unnið verði skipulega að því að byggja upp náið samstarf milli ferðaþjónustuaðila sem starfa á Snæfellsnesi.
- Upplýsingamiðstöðvar á Snæfellsnesi verði eflar og þeim fjölgað.
- Upplýsingum um Snæfellsnes verði dreift skipulega til erlendra og innlendra ferðaskipuleggjenda, sem og kaupenda á ferðum til Íslands.

#### **4.10.3. Safnamál**

Ýmis söfn eru starfrækt á Snæfellsnesi, bæði byggða-, menningar- og sögusöfn. Safnastarf hefur eflst á undanförunum árum og er þess að vænta heimsóknir í söfnin verði æ fleiri á næstu árum í samræmi við aukinn fjölda ferðamanna. Því er mikilvægt að efla gæði safnanna og jafnframt að markaðssetja þau í auknum mæli. Innan veggja safnanna ætti að vera að finna upplýsingar og skýringar á sýningargripum á a.m.k. tveimur tungumálum, auk þess sem hægt væri að fá leiðsögn hjá starfsmanni safnsins.

Mikilvægt er að á Snæfellsnesi verði mörkuð sameiginleg stefnumótun um þau söfn sem nú þegar eru starfandi og verkaskiptingu þeirra en jafnframt stefnumótun til framtíðar um þau söfn sem fyrirhugað er að setja á fót.

Gestastofa Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls opnar á Hellnum vorið 2004 en með henni munu tengsl ferðamanna við Þjóðgarðinn aukast, svo og upplýsingaflæði til þeirra.

**Stefna:**

- Gerð verði heildarstefna í safnamálum á Snæfellsnesi.
- Lögð verði sérstök áhersla á að kynna söfnin á Snæfellsnesi fyrir ferðamönnum og tekur opnunartími þeirra mið af þörfum ferðamanna.
- Lögð verði sérstök áhersla á að kynningarefni og merkingar í söfnum á Snæfellsnesi verði á a.m.k. tveimur tungumálum, íslensku og ensku.

#### **4.11. Rekstrarumhverfi**

**Lykilatriði:**

- Aukin arðsemi ferðaþjónustufyrirtækja
- Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem þarf uppbyggingartíma
- Kynna þarf margfeldisáhrif ferðaþjónustu á aðrar atvinnugreinar á Snæfellsnesi
- Lengja þarf lán til ferðaþjónustu og lækka vexti
- Sveitarstjórnir á Snæfellsnesi laði til sín frumkvöðla í ferðaþjónustu

Stór hluti ferðaþjónustufyrirtækja á Snæfellsnesi hefur byggst upp á síðustu fimm til tíu árum. Svo hröð uppbygging krefst gífurlegs fjármagns og óeigingjarns vinnuframlags hjá þeim frumherjum sem að henni standa. Ljóst er að rekstrarumhverfi ferðaþjónustu er erfitt. Ferðamannatíminn er stuttur og mjög árstíðabundinn, en reka þarf fasteignir allt árið svo þær séu til staðar þegar ferðamannatíminn hefst á ný.

Lán hafa verið stutt og lítið er um að “*þolinmótt*” fjármagn renni til fjárfestinga í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Flestir eru sammála um að gefa þurfi ferðaþjónustuaðilum kost á lengri lánum. Jafnframt er talið að lækka þurfi vexti af lánum til ferðaþjónustunnar og auka styrki til nýsköpunar, aðlögunar og undirbúnings í greininni. Þar sem flest ferðaþjónustufyrirtæki starfa aðeins 4-5 mánuði á ári þyrftu þau að búa við önnur lánskjör en fyrirtæki sem starfa á ársgrundvelli. Jafnframt þyrfti að huga að sértækum aðgerðum fyrir þau hótél í litlum byggðalögum sem opin eru allt árið.

RARIK hefur verið með þá stefnu að niðurgreiða rafmagn til húshitunar heimila á köldum svæðum. Slík niðurgreiðsla til ferðaþjónustufyrirtækja, þó ekki væri nema yfir vetrartímann, myndi vera mikill stuðningur við rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónustuaðilar í dreifbýli á Snæfellsnesi telja sig einnig vera að greiða óhóflega há fasteignagjöld af aflögðum útihúsum. Telja þeir að lægri fasteignagjöld á þessum húsum gætu ef til vill leitt til þess að í framtíðinni væri hægt að breyta þeim og nýta til ferðaþjónustu.

Leggja þarf áherslu á að lengja ferðamannatímann á Snæfellsnesi. Til að byrja með þarf að fjölga ferðamönnum á jaðartímum en stefna svo markvisst inn á haust- og vetrartímann.



#### **4.11.1. Arðsemi**

Þar sem ferðaþjónustan er ung atvinnugrein sem krefst mikilla fjárfestinga sem skila arði hægt þarf að finna leiðir til að styðja þannig við atvinnugreinina að arðsemi innan hennar aukist.

##### **Stefna:**

- Fasteignagjöld á aflögðum útihúsum verði endurmetin.
- Hvatt verði til þess að raforka til húsa hitunar ferðaþjónustufyrirtækja verði niðurgreidd, a.m.k. yfir vetrartímann.
- Lögð verði áhersla á að auka arðsemi fyrirtækja innan ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.
- Lögð verði áhersla á þann skilning að ferðaþjónusta er atvinnugrein sem þarf sinn uppbyggingartíma og skilar ekki arði á skömmum tíma.
- Rekstrarumhverfi atvinnufyrirtækja á Snæfellsnesi verði það gott að það teljist akkur í því að reka fyrirtæki í ferðaþjónustu þar.

#### **4.11.2. Fræðsla**

Stundum er ferðaþjónusta líkt við ísjaka, en aðeins 10% hans er sýnilegur á yfirborði sjávar. Á vissan hátt er einungis hluti af ferðaþjónustunni sýnilegur, þar sem atvinnugreinin hefur áhrif á svo margar aðrar atvinnugreinar samfélagsins. Undir ferðaþjónustu er hægt að fella gistihús, veitingahús, bílaleigur, ferðaskrifstofur og afþreyingarfyrirtæki. En matvöruverslanir, bakarí, sjoppur, bifreiðaverkstæði og bankar njóta líka viðskipta frá ferðamönnum, svo afleiddar tekjur af ferðaþjónustu geta oft verið mun meiri en greinin sjálf sýnir. Öll uppbygging og viðhald á byggingum til ferðaþjónustunnar skapar atvinnu fyrir smíði, málara, rafvirkja og aðra iðnaðarmenn og svo mætti lengi telja.

##### **Stefna:**

- Lögð verði áhersla á að kynna margfeldisáhrif ferðaþjónustu á Snæfellsnesi og framlegð hennar til annarra atvinnugreina á Nesinu.
- Lögð verði áhersla á fjalla um það opinberlega í sveitarfélögunum að mun fleiri stunda ferðaþjónustu en þau 10% ferðaþjónustupírámíðans sem selja gistingu og afþreyingu.

#### **4.11.3. Lánamál**

Flestir eru sammála um að lengja þurfi lán til ferðaþjónustufyrirtækja, en stærstu lánveitingar til hennar eru veittar í gegnum Byggðastofnun. Samhliða því er talið að lækka þurfi vexti af lánum til ferðaþjónustunnar og auka styrki til nýsköpunar, vöruþróunar, aðlögunar og undirbúnings í greininni.

##### **Stefna:**

- Lögð verði áhersla á að leysa vanda landsbyggðahótela með sértækum lánaaðgerðum til hótela sem starfrækt eru allt árið.
- Lögð verði áhersla á að útvega “*þolinmót*” fjármagn til ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.
- Tryggt verði hagstæð langtímalán með lægri vöxtum og lægri endurgreiðslubyrði til að byggja upp ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.

#### **4.11.4. Frumkvöðlar/nýsköpun**

Kjarkmiklir og hugaðir frumkvöðlar eru nauðsynlegir hverju landssvæði, því með hugmyndum sínum og nýbreytni hrinda þeir oft í framkvæmd aðgerðum sem verða til hagsbóta fyrir allt svæðið/sveitarfélagið. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leggja því ríka áherslu á að styðja við bakið á frumkvöðlum og fagna allri nýsköpun sem leiðir til nýrra atvinnutækifæra í sveitarfélögunum.

Mikilvægt er jafnframt að þeir frumkvöðlar sem standa að uppbyggingu á hvers kyns þjónustu fyrir ferðamenn á svæðinu vinni að uppbyggingu sinni í samræmi við stefnumótun sveitarfélaganna að sjálfbærri ferðaþjónustu og hafi ætíð langtímanýtingu auðlinda að leiðarljósi.

#### **Stefna:**

- Sveitarstjórnir á Snæfellsnesi hvetji og styðji við bakið á frumkvöðlum í ferðaþjónustu.

#### **4.12. Markaðsmál**

Lykilatriði:

- Sameiginlegt vefsetur fyrir Snæfellsnes
- Sameiginlegir innlendir og erlendir kynningarbæklingar fyrir Snæfellsnes
- Lenging ferðamannatímans á Snæfellsnesi
- Heildræn markaðssetning á öllu Snæfellsnesi

Með sameiginlegri stefnumótun í sjálfbærri ferðaþjónustu er ljóst að Snæfellsnes þarf að markaðssetja sig sem eina heild héðan í frá. Fjallað var um ímynd og sérstöðu Snæfellsnes í fyrsta kafla stefnumótunarinnar, en sérstaða svæðis verður til úr tveimur meginþáttum – *menningu og umhverfi*. Það er síðan hlutverk þeirra sem að markaðssetningu standa að vinna sem best úr þessum þáttum. Góður ferðamannastaður eins og Snæfellsnes þarf að geta boðið upp á fjölbreytta afþreyingu í dulmögnuðu umhverfi sem nærir bæði líkama og sál.

Trúverðugleiki þeirrar ímyndar sem Snæfellsnes hefur er mikilvægur og þarf að ná til allra þeirra þátta sem móta hana, hvort sem um er að ræða náttúru, menningu eða gæði. Hafa ber í huga að í dag er ásókn í það sem er framandi, sérstakt, sjálfbært og öruggt. Hughrif skapa jarðveginn fyrir langtímavirkni og áhuga meðal væntanlegra viðskiptavina en merkingin þarf að vera heil og sönn. Ferðamaður samtímans leitar eftir því að saman fari upplifun, fræðsla og afslöppun.

Ferðaþjónusta á Snæfellsnesi þarf að vera meðvituð um þau áhrif sem hún getur haft á efnahagslíf, umhverfi, menningu og félagslegar hefðir. Þess vegna tekur sjálfbær ferðaþjónusta mið af öllum þessum þáttum. Jafnframt þarf að leggja áherslu á vel menntað starfsfólk sem er hæft til að veita góða þjónustu á öllum sviðum. Ferðafólk sem kemur oft er verðmætara en þeir sem koma bara einu sinni og því er mikilvægt að safna upplýsingum um viðskiptavinum ferðaþjónustufyrirtækja á Snæfellsnesi. Nú til dags tekur fólk almennt styttri frí í einu, en fyrir bragðið fer það í fleiri ferðir árlega

og ferðast víðar. Mikilvægt er líka að hafa í huga þá staðreynd að ferðalög nú eru þematengdari en þau hafa áður verið. Menn ferðast yfir hálfan hnöttinn bara til að skoða hvali eða einhverja ákveðna fuglategund. Í leiðinni njóta þeir margra annarra þátta, en hvatinn að ferðinni var eitthvað eitt tengt áhugamáli þeirra.

Þróun í rafrænum viðskiptum og samskiptum koma væntanlega til með að hafa mikil áhrif á næstu árum og breyta upplýsingaflæði og ákvörðunarferli hjá ferðamönnum. Því er mikið atriði að ráða sinni rödd með því að eiga möguleika á að kynna Snæfellsnes eins og heimamenn vilja að það sé selt.

#### **4.12.1. Markaðssetning Snæfellsness**

Áhersla skal lögð á það héðan í frá að markaðssetja Snæfellsnes sem eitt svæði. Jafnframt verði gerð um það tillaga, hvar og hvernig best sé að standa að slíkri markaðssetningu. Öll markaðsmál verði undir einni stjórn og fylgja stefnu sveitarfélaganna í sjálfbærri ferðaþjónustu.

Til að standa straum af kostnaði við markaðssetningu Snæfellsness standa sveitarfélögin að stofnun Markaðssjóð Snæfellsness. Leitað verður eftir opinberum fjárframlögum í sjóðinn, sem jafnframt verður styrktur af heimamönnum. Einnig má fjármagna starfsemi sjóðsins með því að sækja um styrki til fyrirtækja og samtaka sem veita árlega fjármagni til ýmissa mála.

#### **Stefna:**

- Lögð verði áhersla á að byggja upp tengsl við sérstakra áhugahópa innanlands og erlendis og bjóða heimsóknir á Snæfellsnes utan háannar. Í þessum áhugahópum gætu verið jarðfræðingar, fuglaskoðarar, fólk með áhuga á álfum, hvölum eða öðru því sem telst sérstaða Snæfellsness.
- Lögð verði áhersla á að lengja ferðamannatímamann á Snæfellsnesi.
- Sett verði upp vefsetur fyrir Snæfellsnes undir léninu [www.snaefellsnes.is](http://www.snaefellsnes.is) eða [www.snaefellsnes.com](http://www.snaefellsnes.com). Að vefsetrinu standi sveitarfélög og ferðaþjónustuaðilar á Snæfellsnesi.
- Snæfellsnes verði kynnt á a.m.k. einni erlendri ferðasýningu árlega.
- Snæfellsnes verði árlega kynnt á höfuðborgarsvæðinu.
- Stofnaður verði Markaðssjóður Snæfellsness sem sér um kostnað við markaðssetningu á svæðinu.
- Útbúinn verði sameiginlegur kynningarbæklingur fyrir innlandan og erlendan markað ár hvert.

#### **4.12.2. Samvinna**

Flestum er ljóst mikilvægi samvinnu og gera sér grein fyrir því að meiru er hægt að áorka sem ein samstæð heild en sem margar smáar einingar. Því er eindregið lagt til að sveitarfélög og aðilar innan ferðaþjónustu á Snæfellsnesi sameini krafta sína í því að skapa Snæfellsnesi þá ímynd að það sé öflugt og verðmætt vörumerki í ferðaþjónustu. Með samstilltu átaki er hægt að ná undraverðum árangri en mestu máli skiptir þó að allir séu að stefna í sömu átt.

#### **Stefna:**

- Haga þarf ákvörðunum og gerðum í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi með þeim hætti að það veki áhuga og löngun til að eiga samskipti við svæðið.

- Samstarfsaðilar hafi sameiginlega sýn, eins og kemur fram í þessari stefnumótun og úthald til þess að fylgja eftir þróunarstarfi til að ná tilsettum árangri.
- Sveitarfélög og ferðaþjónustuaðilar á Snæfellsnesi sameini krafta sína í því að skapa Snæfellsnesi þá ímynd að það sé öflugt og verðmætt vörumerki í ferðaþjónustu.
- Unnið verði af heilum hug að heildrænni markaðssetningu Snæfellsness.

## 5. Markmið og framkvæmdaáætlun

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sett sér fjölmörg markmið í stefnumótun sinni, „**Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála til ársins 2015**“. Þar liggur nokkuð ljóst fyrir hvaða árangri sveitarfélögin hyggjast ná á komandi árum. Green Globe 21 gerir sér grein fyrir því að til að hægt sé að votta samfélag samkvæmt samfélagsstaðlinum þarf verkefnið að vera undir forystu stjórnvalds. Slíkt stjórnvald er Framkvæmdaráð Snæfellsness.

Í verkefninu felast skuldbindingar um gagnasöfnun, samhæfingu og tengingu verkþátta, stefnumótandi áætlunargerð og fleiri þætti sem gera körfu um sterka forystu. Til að fylgja eftir reglum og samþykktum Green Globe 21 vegna viðmiða og vottunar þarf að liggja fyrir árleg framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í umhverfis- og samfélagsmálum til eins árs í senn. Gert er ráð fyrir því að Framkvæmdaráð Snæfellsness vinni hana og leggi fyrir sveitarstjórnirnar. Séu sveitarstjórnirnar þegar með áætlanir sem ná yfir sömu þætti og þar koma fram þarf að samhæfa þær þeirri framkvæmdaáætlun sem Framkvæmdaráðið leggur fram.

Árangurstengd stjórnunarmarkmið eru veigamikill hluti af STAÐLI GREEN GLOBE 21 FYRIR SAMFÉLÖG. Þar eru skilgreind þau lykilsvið sem þarf að mæla og sett fram krafa um reglubundnar mælingar og um að bera þessar mælingar saman við lágmarksviðmið Green Globe 21. Sveitarfélögin skuldbinda sig til að vinna að stöðugum úrbótum á þessum sviðum, en huga jafnframt að viðbótarlykiltölum (sem eru ekki endilega tilgreindar í viðmiðum Green Globe 21, en sem sveitarfélögin geta bætt inn til að styrkja stöðu sína og sýna fram á árangur í starfi) sem lúta að grunnatriðum í félagsmálum samfélagsins. Viðbótarlykiltölurnar eru mældar og árangur metinn í samanburði við eigin frammistöðu samfélagsins.

Viðmiðunartölur fyrir árið 2003 voru sendar til Green Globe 21 í september 2004. Fyrri hluta árs 2005 þarf að senda tölur vegna 2004. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir miklum breytingum fyrir þann tíma. Árið 2005 verður fyrsta heila árið frá því að raunverulegar mælingar hófust, og því er raunhæft að setja metnaðarfull markmið fyrir það ár. Mikilvægt er að fyrstu aðgerðir miði að því að auðvelda mælingar á þeim þáttum sem markmiðin ná til.

Framkvæmdaráðið hefur samþykkt að leggja það til við sveitarstjórnirnar að eftirfarandi framkvæmdaáætlun gildi fyrir Snæfellsnes það sem eftir er af árinu 2004 og til ársloka 2005. Áætlunin miðast við helstu viðmiðunarþætti GG21 sem eru:

1. Orkunotkun
2. Verndun andrúmsloftsins
3. Vatnsnotkun
4. Minnkun á úrgangsmagni
5. Pappírnotkun
6. Varnarefnanotkun
7. Hreinsiefnanotkun
8. Líffræðileg fjölbreytni
9. Vatnsgæði
10. Vottun á ferðaþjónustufyrirtækjum.



## FRAMKVÆMDAÁÆTLUN SNÆFELLSNESS 2004 OG 2005

Verknr.:	Heiti verkefnis:	Dags. verkløka:	Ábyrgðarmenn
<b>1.</b>	<b>ORKUNOTKUN</b>		
1.1.	Sveitarfélögin geri áætlun um að minnka orkunotkun sína	15. janúar '05	Sveitarstjórnir
1.2.	Sveitarfélögin hvetji stærri fyrirtæki á svæðinu til að leita til RARIK eftir aðstoð við orkusparnað	1. mars '05	Sveitarstjórnir
1.3.	Einstaklingar og heimili verði hvött til orkusparnaðar með markvissum átaksverkefnum	15. janúar '05 15. mars '05 15. sept '05	Sveitarstjórnir og Framkvæmdaráð
<b>2.</b>	<b>VERNDUN ANDRÚMSLOFTSINS</b>		
2.1.	Lausagangur bílvéla heyri sögunni til á Snæfellsnesi fyrir árslok 2005, með markvissum átaksverkefnum	15. janúar '05 15. mars '05 15. sept. '05 15. nóv. '05	Sveitarstjórnir og Framkvæmdaráð
2.2.	Gefinn verði út bæklingur um vistakstur og önnur ráð til að draga úr eldsneytisnotkun bifreiða.	15. mars '05	Sveitarstjórnir og Framkvæmdaráð
<b>3.</b>	<b>VATNSNOTKUN</b>		
3.1.	Vatnsmælar verði settir upp við vatnsból sveitarfélaganna	15. jan '05	Sveitarstjórnir
3.2.	Hætt verði að hleypa umframvatni út um yfirföll á vatnsveitum þar sem vatni er dælt inn á kerfin	15. mars '05	Sveitarstjórnir
3.3.	Vatnsmælar verði settir upp í öllum fyrirtækjum í fiskiðnaði og öðrum vatnsfrekum iðnaði	15. mars '05	Sveitarstjórnir
<b>4.</b>	<b>MINNKUN Á ÚRGANGSMAGNI</b>		
4.1.	Starfsemi flokkunarstöðva verði endurbætt	15. apríl '05	Sveitarstjórnir
4.2.	Hvatt verði til jarðgerðar heimila á lífrænum úrgangi – umbun með t.d. lægri sorpgjöldum – markmið að a.m.k. 150 heimili stundi virka jarðgerð í árslok 2005	15. apríl '05	Sveitarstjórnir og áhaldahús sveitarfélaganna
4.3.	Snæfellsnes beiti sér fyrir stofnun nefndar á landsvísu sem fjallar um losun skemmtiferðaskipa á úrgangi í hafið við Ísland, í höfnum og á landi	15. sept '05	Sveitarstjórnir og Héraðsnefnd
<b>5.</b>	<b>PAPPÍRSNOKTUN – verndun auðlinda</b>		
5.1.	Allur pappír sem sveitarfélögin kaupa er með viðurkenndu umhverfismerki og klórfrír. (Environmental Label, Type 1) –	15. nóv. '04	Sveitarstjórnir, skólastjórar, leikskólastjórar,

	(Ath. ISO merki er ekki umhverfissvottun)		aðrar deildir sveitarfélaganna
5.2.	Mörkuð verði stefna í endurvinnslu á pappír	15. apríl '05	Sveitarstjórnir, Framkvæmdaráð
<b>6.</b>	<b>VARNAREFNANOTKUN – verndun auðlinda</b>		
6.1.	Gerð verði úttekt á þörf fyrir notkun eiturefna í sveitarfélögunum	15. jan '05	Sveitarstjórnir, áhaldahús
6.2.	Eiturefnabirgðum verði fargað á réttan máta	15. feb '05	Sveitarstjórnir, áhaldahús
6.3.	Í þeim tilvikum þar sem eitrunar er tvímælalaust þörf verði einungis notuð náttúruleg eiturefni, þ.e. efni sem innihalda ekki manngerð efni og brotna niður í náttúrunni án þess að valda skaða	15. apríl '05	Sveitarstjórnir, áhaldahús sveitarfélaganna
<b>7.</b>	<b>HREINSIEFNANOTKUN – verndun auðlinda</b>		
7.1.	Öll hreinsiefni (sápur til hreingerninga og þvotta) sem keypt eru inn á vegum sveitarfélaganna eru umhverfismerkt, (Environmental Label Type 1, eða lífræn vottun) *	15. jan '05	Sveitarstjórnir, skólastjórar, áhaldahús, leikskólastjórar, forstöðumenn dvalarheimila, sundlaugaverðir
7.2.	Öll hreinsiefni (sápur til hand- og líkamsvottar) sem keypt eru inn á vegum sveitarfélaganna eru umhverfismerkt, (Environmental Label Type 1, eða lífræn vottun) *	15. jan '05	Sveitarstjórnir, skólastjórar, áhaldahús, leikskólastjórar, forstöðumenn dvalarheimila, sundlaugaverðir
7.3.	Kynnt verði notkun örtrefjaglúta, sem leiða til sparnaðar og umhverfilegs ávinnings	15. jan '05	Sveitarstjórar og stofnanir sveitarfélaganna
7.4.	Leitað verði leiða til að nota aðrar aðferðir en klór til að hreinsa sundlaugavatn	15. maí '05	Sveitarstjórnir, sundlaugastjórar
7.5.	Umhverfismerki verði kynnt fyrir íbúum sveitarfélaganna með sérstöku átaksverkefni sem færi af stað	15. janúar '05 15. mars '05 15. sept. '05	Framkvæmdaráð og kennarar og nemendur Lýsuhólsskóla
<b>8.</b>	<b>LÍFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ</b>		
8.1.	Gerð verði úttekt á votlendissvæðum og endurheimtingu votlendissvæða á Snæfellsnesi	31. des. '05	Sveitarstjórnir og Framkvæmdaráð
8.2.	Stofnaður verði Umhverfissjóður Snæfellsness	31. ágúst '05	Sveitarstjórnir, Héraðsnefnd og Framkvæmdaráð
8.3.	Kanna skal möguleika á stækkun	31. des '05	Sveitarstjórnir,

	friðlýstra svæða, þ.m.t. fólkvanga		Héraðsnefnd, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
8.4.	Gerð verði úttekt á því hvar lúpína hefur komið sér fyrir í gróðurlendi	15. sept. '05	Sveitarstjórnir, Framkvæmdaráð
<b>9.</b>	<b>VATNSGÆÐI</b>		
9.1.	Tryggt að öll vatnssýnishorn árið 2005 standist gæðakröfur Heilbrigðiseftirlits	31. des. '05	Sveitarstjórnir og bæjartæknifræðingar
<b>10.</b>	<b>VOTTUN Á FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKJUM</b>		
10.1.	Hvatt skal til þess að a.m.k. eitt fyrirtæki á Snæfellsnesi gangi til liðs við vottunaráætlun GG21 árið 2005	31. des. '05	Sveitarstjórnir og Framkvæmdaráð
<b>11.</b>	<b>FERÐAÞJÓNUSTA</b>		
11.1.	Gerð verði úttekt á mögulegum göngu- og reiðleiðum á Snæfellsnesi	30. sept. '05	Sveitarstjórnir, Vegagerð, Framkvæmdaráð o.fl.
11.2.	Áætlun um framkvæmd við útskot og útsýnisstaði verði send Vegagerð	15. feb '05	Framkvæmdaráð Snæfellsness og Ferðamálaráð
<b>12.</b>	<b>MARKAÐSSETNING OG KYNNING</b>		
12.1.	Stofnaður verði Markaðssjóður Snæfellsness	15. nóv. '04	Sveitarstjórnir, Héraðsnefnd og Framkvæmdaráð
12.2.	Snæfellsnes verði kynnt á ferðasýningum erlendis og innanlands	WTM nóv '04 ITB mars '05 Vest Norden sept '05	Framkvæmdaráð, Markaðssjóður Snæfellsness og Ferðamálaráð
12.3.	Settur verði upp vefur fyrir Snæfellsnes undir heitinu <a href="http://www.snaefellsnes.com">www.snaefellsnes.com</a>	30. mars '05	Sveitarstjórnir og Framkvæmdaráð
12.4.	Gerður verði lítill kynningarbæklingur fyrir WTM	5. nóv. '04	Framkvæmdaráð og Ferðamálaráð
12.5.	Gerður verði heildstæður kynningarbæklingur fyrir Snæfellsness á a.m.k. tveimur tungumálum	30. mars '05	Sveitarstjórnir, Framkvæmdaráð og Ferðamálaráð
<b>13.</b>	<b>VOTTUN GREEN GLOBE 21</b>		
13.1.	Stefnt að lokaúttekt og vottun	1. mars '05	Sveitarstjórnir
<b>14.</b>	<b>KYNNING Á VERKEFNINU</b>		
14.1.	Green Globe 21 verkefnið verði kerfisbundið kynnt fyrir meðlimum klúbba á Snæfellsnesi í sérstöku átaksverkefni sem hefst í jan '05	31. maí '05	Framkvæmdaráð
14.2.	Green Globe 21 verkefnið verði kerfisbundið kynnt fyrir starfsmönnum sveitarfélaga, skólanemendur o.fl. á Snæfellsnesi – kynning hefst 15. nóv. '04	30. apríl '05	Framkvæmdaráð
14.3.	Reglulegar greinar í bæjarblöðin	31. des. '05	Framkvæmdaráð

14.4.	Grein í blað leiðsögumanna	15. feb. '05	Framkvæmdaráð
14.5.	Dreifibréf til allra ferðaskrifstofa á Íslandi til að kynna stefnu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi	30. mars '05	Framkvæmdaráð

**Tafla 26. Framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2004-2005**

\* Lífræn vottun þýðir að efnið brotnar niður í náttúrunni

## 6. Heimildir, töflu- og myndaskrá

Grunnupplýsingar fyrir þessa skýrslu komu frá tengiliðum í sveitarfélögunum fimm:

- 1) Eyja- og Miklaholtshreppur, Ástþór Jóhannsson.
- 2) Helgafellssveit, Hildibrandur Bjarnason.
- 3) Grundarfjarðarbær, Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir.
- 4) Stykkishólmsbær, Menja von Schmalensee.
- 5) Snæfellsbær, Smári Björnsson.

Aðrar heimildir:

- 1) Hagstofa Íslands, gistináttatölur – [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)
- 2) Hagstofa Íslands, íbúafjöldi sveitarfélaga – [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)
- 3) Gretar Pálsson, RARIK skrifstofu fyrir Vesturland, Stykkishólmsbæ
- 4) Ársæll Harðarson, skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands í Reykjavík
- 5) Vegagerð ríkisins, Björn Jónsson rekstrarstjóri og [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)
- 6) Skýrsla Iðntæknistofnunar fyrir Snæfellsbæ „*Ferðaþjónusta á norðlægum slóðum*“ (*Tourism in the Arctic*), tveggja ára verkefni sem Snæfellsbær tók þátt í og stóð yfir árin 2001 og 2002. Umsjón verkefnisins var í höndum Iðntæknistofnunar.
- 7) Umhverfisstofnun, upplýsingar um friðlönd á [www.ust.is](http://www.ust.is)
- 8) Iceland Express, Háskóli Íslands og nokkrar ferðaskrifstofur sem starfrækja leiguflyg til Íslands.
- 9) Ferjan Smyrill, umboðsaðili í Reykjavík.
- 10) Umferðastofa, upplýsingar um bílaeign á [www.us.is](http://www.us.is)
- 11) Olís, upplýsingar um sölutölur á bensíni/olíu á Snæfellsnesi.



## Töflur:

	<b>Bls.</b>
Tafla 1. Fjöldi gistinguáttanna á Snæfellsnesi árið 2002 og áætlun fyrir 2003 .....	10
Tafla 2. Aldur ferðamanna í Snæfellsbæ árið 2002 .....	11
Tafla 3. Þjóðerni ferðamanna í Snæfellsbæ árið 2002 .....	12
Tafla 4. Útreikningur persónuára í Snæfellsbæ árið 2003 .....	12
Tafla 5. Ársverk í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi 2003 .....	13
Tafla 6. Fjöldi gistinguáttanna í sveitarfélögunum á Snæfellsnesi .....	15
Tafla 7. Samanlagður fjöldi gistinguáttanna á Snæfellsnesi yfir 5 mánaða tímabil.....	16
Tafla 8. Veitingastaðir og barir á Snæfellsnesi.....	17
Tafla 9. Afþreyingarfyrirtæki á Snæfellsnesi og fjöldi þeirra.....	19
Tafla 10. Fjöldi vélknúinna ökutækja í fimm flokkum á Snæfellsnesi.....	21
Tafla 11. Meðaltalsumferð við ýmsa umferðarteljara á Snæfellsnesi 2002.....	22
Tafla 12. Umferðartalning við Hraunsmúla í Staðarsveit árin 2000-2003 .....	23
Tafla 13. Orkunotkun á Snæfellsnesi 2003 .....	24
Tafla 14. Breytistuðlar til útreikninga á orkunotkun .....	25
Tafla 15. Ökutæki á Snæfellsnesi 2003, áætlaður meðalakstur og meðaleyðsla .....	26
Tafla 16. Þéttbýliskjarnar, íbúafjöldi og hafnir á Snæfellsnesi.....	27
Tafla 17. Veiðiár og veiðivötn á Snæfellsnesi.....	28
Tafla 18. Skoðunarferðir og aðrar bátsferðir frá Snæfellsnesi.....	29
Tafla 19. Söfn á Snæfellsnesi.....	30
Tafla 20. Magn úrgangs og mismunandi flokkar þess á Snæfellsnesi.....	31
Tafla 21. Raforka seld frá Rarik og notkun jarðhita í Stykkishólmsbæ.....	32
Tafla 22. Vatnsnotkun á Snæfellsnesi 2003.....	35
Tafla 23. Dæmi um vatnsnotkun á nokkrum stöðum.....	35
Tafla 24. Notkun hreinsiefna á Snæfellsnesi 2003 .....	37
Tafla 25. <i>SVÓT greining á Snæfellsnesi</i> .....	47
Tafla 26. Framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2004-2005 .....	81

## Myndir:

	<b>Bls.</b>
Mynd 1. Kort af sveitarfélögunum fimm á Snæfellsnesi.....	8
Mynd 2. Snæfellsjökull er ímynd Snæfellsness og aðráttarafl .....	50

